

**The Project Gutenberg eBook of Sæfarinn (Ferðin kring um hnöttin neðansjár), by Jules Verne**

This ebook is for the use of anyone anywhere in the United States and most other parts of the world at no cost and with almost no restrictions whatsoever. You may copy it, give it away or re-use it under the terms of the Project Gutenberg License included with this ebook or online at [www.gutenberg.org](http://www.gutenberg.org). If you are not located in the United States, you'll have to check the laws of the country where you are located before using this eBook.

Title: Sæfarinn (Ferðin kring um hnöttin neðansjár)

Author: Jules Verne

Release date: November 8, 2005 [EBook #17025]  
Most recently updated: December 12, 2020

Language: Icelandic

Credits: Produced by Jeroen Hellingman, Johannes Birgir Jenson and  
the Online Distributed Proofreading Team at  
<https://www.pgdp.net>

\*\*\* START OF THE PROJECT GUTENBERG EBOOK SÆFARINN (FERÐIN KRING UM HNÖTTIN NEÐANSJÁVAR) \*\*\*

# SÆFARINN

(Ferðin kring um hnöttin neðansjár)

EFTIR

JULES VERNE



KOSTNAÐARMAÐUR  
**PÉTUR G. GUÐMUNDSSON**  
REYKJAVÍK  
1908

PRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

---

## Sæfarinn.

(Ferðin umhverfis hnöttinn, neðansjár).

Eftir  
*Jules Verne.*

---

## I.

Það var árið 1866, að sá kvittur kom upp og gekk staflaust um öll lönd, að vart hefði orðið við sjóskrímsl eitt mikið og ilt.

Sumum fanst nú samt fátt um þessa sögu, sem heyrðu hana í fyrsta sinni. Sögðu þeir þetta mundu vera sæorminn alkunna, sem kemur í ljós á hverju ári og hverfur aftur án þess að gera nokkrum manni mein.

En í þetta sinn urðu margir að láta sannfærast, þó ekki væru þeir auðtrúa, því skrímsl þetta var séð af mörgum skipum og hvað eftir annað. Einu sinni sást það frá tveim skipum í senn, og var svo skamt frá þeim, að gera mátti áætlun um stærð þess. Eftir því sem sagan sagði, var það miklu meira vexti en nokkurt annað dýr, dautt eða lifandi, sem þekst hefir í höfum jarðarinnar. Það fylgdi líka sögunni, að það væri ærið hraðfara, því að á hálfsmánaðarfresti kom það í ljós á tveim stöðum með þúsund mílna millibili.

Sögur um sjóskrímslið voru á hvers manns vörum. Blöðin fluttu langar greinar um það, og gamanvísur voru sungnar um það á leikhúsunum.

Og lærðir menn háðu harðar rimmur. Þeir gátu ekki borið á móti því að skrímslið væri til, svo margir menn höfðu séð það og svo var hitt, að í undirdjúpum hafsins þóttust menn vita, að vera mundi risavaxinn gróður og var ekki ólíklegt að í þeim miklu skógum hefðust við skrímsl og dýr ýmisleg, sem öllum væru ókunn. Það var því ekki ólíklegt, að þetta skrímsl hefði hröklast þaðan af tilviljun og flækst upp að yfirborðinu.

En þá var eftir að vita hvers konar skepna þetta var. Var það risavaxinn kolkrabbi eða var hægt að skipa því í flokk með hvölunum?

Sagnirnar sem um það gengu voru margar og misjafnar, svo lítið var á þeim að byggja. Sögurnar um sjóskrímslið, sem gengið höfðu í blöðum og manna munnni bárust nú inn í vísindaleg tímarit og urðu þar óþrotlegt þrætuefni.

Það var á öndverðu ári 1867, að ég var á heimleið til Parísar úr vísinda-leiðangri í Nebraska, og var staddur í Nýju-Jórvík. Tíðindamenn stórblaðanna þefuðu mig uppi þegar í stað, og leituðu álits míns um mál þetta, sem þá var efst á baugi og mest um talað. Þótti þeim mikið undir því komið, hvað ég segði um það, því ég var próffessor við náttúrugripasafnið í París og höfundur bókarinnar: „Um leyndardóma undirdjúpanna“. Ég gat ekki skorast undan því með öllu, en reyndi þó að forðast allar staðhæfingar. Bar ég það fyrir, að enn væri ókunnugt um eðli dýrsins og náttúru. Þó þótti mér mest líkindi til, að þetta væri risavaxið náhveli, eftir öllum líkum að dæma.

Að dýrið væri hvalakyns, og einmitt af þessu tægi, réði ég af atviki, sem kom fyrir, meðan ég stóð við í Nýju-Jórvík.

Það var í aprílmánuði, að gufuskipið „Skotland“, eitt með stærstu og fegurstu skipum Cunard-línunnar, var á ferð úti í Atlantshafi, svo sem 150 mílur vestur af Englands-ströndum. Veður var kyrt og fagurt og skipið klauf sjóinn með jöfnum hraða. Þá vissu menn ekki fyr til, en skipið kiptist við, eins og það hefði höggvið niður eða rekist á eitthvað. Farþegarnir urðu þegar óttaslegnir og Anderson skipstjóri átti fult í fangi með að telja um fyrir þeim. Mikil hætta gat varla vofað yfir, því innanrúmi skipsins var skift í 7 hluta með vatnsheldum milligerðum, svo þó gat kæmi á skipið, og eitt rýmið fylltist sjó, hlaut það að fljóta eftir sem áður.

Svo fór skipstjóri niður hið bráðasta, að gæta vegsummerkja. Sá hann þá, að sjór féll inn í 5. rými, til mikilla muna. Til allrar hamingju voru gufukatlarnir ekki þar, því hefði svo verið og sjór komist í eldstórnar, gat verið voði á ferðum.

Anderson stöðvaði skipið og lét háseta einn fara fyrir borð og kafa undir það. Hann kom upp aftur eftir fáar mínútur og sagði, að rifa mikil væri á botni skipsins, á að gizka 3 álna löng. Engin tiltök voru á því, að gera við svo mikinn leka. „Skotland“ varð því að halda áfram ferðinni, þó með minni hraða en áður, og náði heilu og höldnu höfn í Liverpool þrem dögum eftir áætlun. Skipið var hið bráðasta lagt í þurkví og menn fengnir til að athuga skemdirnar. Þeir ætluðu varla að trúa eigin augum! Svo sem 4 álnum fyrir neðan yfirborðslínu var stóreflis glompa á skipinu, í lögum eins og jafnhliða þríhyrningur; járnþynnurnar kliptar sundur svo rækilega og snyrtilega eins og það væri gert með götunarvél.

Það dýr, sem þessu hafði valdið, hlaut að hafa lagtönn mikla og hræðilega, og afar tröllaukið hlaut það að vera, úr því það gat rekið gat á járnskipið svo snögglega, að naumast varð við vart. Það hlaut líka að hafa góð sundfæri, fyrst það gat losað tönnina og hörfað frá nógu fljótt eftir áreksturinn.

Þessi atburður vakti mikla athygli um allan heim, og umtal manna um sjóskrímslið breyttist nokkuð. Áður höfðu menn litið á það, sem skringilegan fyrirburð, kveðið um það háðvísur og hent gaman að því. En nú hætti mönnum að standa á sama um það. Því var kent um urmúl af skipbrotum, sem ekki var fullkunnugt um, og sjófarendur voru ekki óhultir um sig fyr en þeir höfðu þurt land undir fótum.

Blöðin lýstu skrímslinu sem skæðasta mannfélags-óvætt, og í öllum mentuðum löndum var skorað á stjórnmenn, að gera út skip til að elta það og ráða það af dögum.

England gerði ráðstafanir til framkvæmda á þessu, en Ameríka varð fyrri til, að ferðbúa skip. Um það leyti, sem skipið átti að leggja af stað, kom bréf til mín frá flotamálaráðaneytinu ameríska. Var mér boðið þar að fara með gufuskipinu „Abraham Línkoln“ í hinn fyrirhugaða leiðangur, og fylgdi það með, að Farragút flotaforingi hefði tilbúinn klefa handa mér á skipinu.

Áður en mér barst þetta bréf, hafði ég ekki ætlað mér annað fyrir, en fara til Parísar og setjast að í litla húsinu, sem ég átti í Grasafræðisgarðinum, og njóta lífsins meðal vina og kunningja og—safnanna minna. Þegar ég var búinn að lesa bréfið breyttist þessi fyrirætlun mín óðara. Mér fanst ég mega til, að fara að elta náhvelið, eins og það væri sjálfsögð skylda eða öllu heldur hlutverk mitt í lífinu.

Og svo hugsaði ég sem svo: „allar leiðir liggja til Rómaborgar“; hví mátti ekki segja það sama um París. Nú skyldi blessuð skepnan verða svo hugulsöm, að láta okkur ná sér nálægt ströndum Frakklands. Ekki var það óhugsandi.

„Konsæll!“ kallaði ég.

Konsæll var þjónn minn. Hann hafði fylgt mér á öllum ferðalögum, og var mér trúur og hollur, enda var mér vel til hans. Konsæll var ættaður og upprunninn frá Flæmingjalandi, og líkur löndum sínum í háttum og skapferli. Hann var framúrskarandi hugrór maður, en þó djarfur og dáðrakkur. Hann varð aldrei hissa á nokkrum hlut, skifti aldrei skapi, var friðsamur og háttprúður, en hraustur og handtakagóður, ef til þess kom. Hann var ákaflega vanafastur og vanakær. Í fám orðum,—Konsæll var hreinasta fyrirmynd, sem þjónn. En Konsæll hafði líka kreddur fyrir sig, og lét aldrei af þeim. Aldrei nefndi hann mig í ávarpi eða viðtali öðru vísi en í þriðju persónu.

„Konsæll!“ endurtók ég, og fór að taka saman dót mitt, því nú var kominn í mig ferðahugur.

Konsæll var mér eftirlátur,—óhætt var um það. Ég var ekki vanur að spyrja, hvort hann vildi fylgja mér á ferðum mínum, það var sjálfsgætur hlutur. En nú stóð nokkuð óvanalega á. Það var ófyrirsjáanlegt hve löng þessi ferð mundi verða, og svo áttum við í vændum, að fást við þessa voðaskepnu, sem gat molað stærsta hafskip eins og eggskurn. Hvað skyldi Konsæll segja til þess?

„Konsæll!“ kallaði ég enn.

„Var húsbóndinn að kalla?“, svaraði Konsæll og vatt sér inn um dyrnar.

„Já hafðu alt tilbúið. Við leggjum af stað að tveim stundum liðnum.“

„Eins og húsbóndanum þóknast“, svaraði Konsæll ofur rólega.

„En það liggur mikið á. Láttu í koffortið mitt svo mikið, sem í það kemst af fötum, nærklæðnaði og hálslíni. Vertu nú bara fljótur.“

„En safngripina húsbóndans?“

„Safngripina mína—sendum við til Parísar.“

„Eigum við þá ekki að fara til Parísar?“

„Ha? Ó-nei, ekki nú þegar,“ svaraði ég út í hött.

„Gott“.

Við förum dálítinn útúrkrók, Konsæll, við tökum okkur far með „Abraham Línkoln“.

„Eins og húsbóndanum þóknast“.

„Þú veizt víst hvað stendur til,—að við ætlum að fara að eltast við óargadýr, þetta illræmda náhveli, og þú mátt geta því nærri, að höfundur bókarinnar: „Um leyndardóma undirdjúpanna“,—sem er tvö bindi í 4. bl. broti—getur ekki hafnað því tilboði, að verða með í förinni. Þetta er heiðarlegt hlutverk, en hættulaust er það ekki. Ómögulegt að segja, hvað fyrir getur komið.—Getur verið, að dýrið sé ilt viðureignar, en Farragút flotaforingi, er nú líka karl í krapinu.“

„Ég ætla að fara með húsbóndanum“, svaraði Konsæll rólega.

„Hugsaðu þig nú vel um, Konsæll minn“, sagði ég, „þetta getur orðið óhappa ferð. Það getur vel farið svo, að við komum ekki lifandi aftur“.

„Eins og húsbóndanum þóknast!“

Að tveim stundum liðnum stigum við á skip. Ég sagði Farragút flotaforingja nafn mitt og svo var mér vísað á klefann, sem mér var ætlaður. Á þilfarinu iðaði alt í einni bendu, fólk og farangur, því þá var komið að burtfararstundu.

„Abraham Línkoln“ var einkar fagurt skip, hraðskreið freigáta af nýjustu gerð. Gufuþenslan í katlinum var komin á hámark.

Farragút lét kasta landfestum og kallaði niður í vélrýmið:

„Áfram!“

Vélin komst á hreyfingu og tók að snúa skrúfuspöðunum með sívaxandi hraða.

Á ströndinni stóð múgur og margmenni, og æpti endalaus húrraóp meðan skipið var að skriða út

## II.

Við héldum suður með ströndum Suður-Ameríku að austanverðu. Í byrjun júlí fórum við fyrir suðurodda Ameríku og stýrðum vestur í Kyrrahafið, því að norðan til í því hafði hvalsins orðið vart síðast.

Farragút flotaforingi hafði með sér öll áhöld og tæki, sem notuð eru við hvalaveiðar, sem eðlilegt var, úr því hann ætlaði að veiða hval; en hann hafði og meira. Honum hafði tekist að ráða til fararinnar, konung allra hvalveiðamanna, Ned Land.

Ned Land var frá Kanada. Hann var afburðamaður í iðn sinni. Hann var sjóngóður, snarráður, ófyrirleitinn og hugrakkur, hverjum manni fremur. Og svo fimur var hann að beita skutli, að fáum hvölum var undankomu auðið, sem hann komst í skotmál við.

Eins og aðrir Kanadamenn talaði hann frönsku jafn vel og ensku. Ég held honum hafi þótt gaman að tala frönsku. Það var víst helzt þess vegna, að hann gaf sig meira að mér en öðrum á þessari löngu sjóferð. Annars var hann heldur fátalaður.

Dagarnir voru langir og leiðir á þessari úthafsferð. Ned Land var oft á vakki fram á skipinu og horfði á hvernig það klauf öldurnar fyrir ofurafli gufunnar. Ég gaf mig oft á tal við hann og þá spjölluðum við um alla heima og geima. Brátt varð ég þess var, að hann lagði lítinn trúnað á sögurnar um náhvelið.

„Ég hefi elt ótal hvali“, sagði hann, „skutlað fjölda og drepið marga, en engan hefi ég séð svo stóran eða rammeftan, að honum væri trúandi til, að reka gat á stórt járnskip“.

Ég reyndi að sannfæra hann með því, að leiða honum fyrir sjónir, hve oft það hefði komið fyrir á seinni öldum, að risastór sjóskrímsli hefðu sést og stundum náðst.

Ned Land, sem sí og æ tottaði tóbakspípuna, gerði þá ekki annað, en spýta út um annað munnvikið, og nöldra með fyrirlitningarróm: „Tómir kolkrabbar!“

Ég reyndi þá að sannfæra hann um allar þær líkur, sem fengnar voru með tilstyrk vísindanna fyrir því, að náhveli væru til, og svo benti ég honum á það, hvað fyrir hafði komið upp á síðkastið, og vitnisburð fjölda merkra manna um það mál, manna, sem hann þekti eins vel og ég.

Ned Land hleypti brúnum og horfði á mig með háðsbros í munnvikunum. Hann lagði ekki trúnað á eitt einasta orð, sem ég sagði.

„En heyrið þér þá“, sagði ég loks, og hugsaði, að nú skyldi til skarar skríða, „hvaða grein gerið þér þá fyrir skemdinni á „Skotlandinu?““

Nú var Ned Land kominn í klípu!

„Það er“, stamaði hann, „það er . . .“

„Hvað þá?“

„Haugalygi frá upphafi til enda“.

Meira hafði ég ekki upp úr honum; en ekki varð okkur þetta að óvildarmáli.

Farragút flotaforingi hafði heitið tvö þúsund dala launum, þeim manni, sem fyrstur kæmi auga á náhvelið. Óðar en komið var inn í Kyrrahafið fóru allir að skygnast eftir því. Yfirmenn og hásetar voru sí og æ uppi á þilfari, hvort sem þeir áttu að vera þar eða ekki. Þeir sem höfðu sjónauka miðuðu þeim út yfir sjónhringinn alla vega, en þeir, sem þá höfðu ekki, urðu að beita berum augum. Þeir sem í förinni voru, höfðu auðvitað allan hugann á náhvelinu, og þá drógu ekki tvö þúsund dalirnir úr áhuganum,—löngunin eftir því, að „verða fyrstur“ hafði gagntekið alla eins og megn hitasótt.

Ég mændi út yfir hafið eins og hinir, og hafði ekki síður en þeir hugann á náhvelinu; en mig langaði mest að vita hveggjar tegundar dýr þetta væri, og svo ákafur var ég orðinn upp á síðkastið, að ég stóð á þiljum uppi frá morgni til kvölds, og gaf mér varla tíma til að matast. En þegar svo langt var komið, þá fanst Konsæl það vera skylda sín, að gefa mér viðvörun. Með afar kurteisum og fágúðum orðtækjum bað hann mig að ofreyna ekki sjónina lengur á þessu.

Samt gat Konsæll ekki að því gert, að hann hafði glöggar gætur á því, hvort ekki sæist neitt sérkennilegt á sjónum. Ned Land var sá eini, sem lét sig þetta engu skifta. Það var eins og hann forðaðist að líta út á sjóinn. Ég mátti til að setja ofan í við hann fyrir það, því vel gat það komið að liði, að hann var öllum mönum sjónhvasari, hefði hann bara fengist til að beita augunum.

„Það er til einkis“, sagði hann, „við önum þetta í blindni hvort eð er. Það er sagt að þessi undraskepna hafi sést í Kyrrahafinu. Það eru tveir mánuðir liðnir síðan, og hvar er það nú? Ef það

er eins fljótt í förum eins og sagt er, þá er hætt við að það hafi fært sig eitthvað síðan“.

Það var í raun og veru útlit fyrir, að Ned Land hefði rétt fyrir sér. Freigátan strikaði úthafið þvert og endilangt, en enginn varð var við náhvelið.

Og þar kom að lokum, að áhuginn fór að dofna. Menn fóru að verða þreyttir á þessu tilbreytingalaus og árangurslaus ferðalagi. Þeim fór að leiðast, að horfa út yfir hafið autt og endalaust! Það var hvort sem var alveg árangurslaust! Smátt og smátt fóru menn að efast um, að þessi undraskepna væri til í raun og veru, og svo mikil brögð urðu að þessu, að skipshöfnin krafðist þess að síðustu, að haldið yrði heim og leitinni hætt.

Það var komið fram í nóvembermánuð og við vörum staddir vestan til í Kyrrahafinu í nánd við Japan. Þá ákvað Farragút að leitinni skyldi haldið áfram í þrjá daga. Yrði einkis vart að þeim tíma liðnum, ætlaði hann að stýra „Abraham Línkóln“ heim á leið aftur.

Þetta glæddi áhugann að nýju. Nú var um að gera, að nota tímann vel, ef það átti að lánast, að ná í þessa tvö þúsund dali. Svo var farið að skima eins og áður.

En svo liðu þessir þrír dagar, að einskis varð vart. Fresturinn var útrunninn að kvöldi hins fimta nóvember og þá breytti Farragút stefnunni eins og hann hafði lofað og stýrði í landsuður.

Ég var staddur á þilfarinu, og var að tala við Konsæl, þegar myrkrið færðist yfir. Tunglið óð í skýjum og varpaði flögtandi birtu yfir öldurnar öðru hvoru. En þess á milli grúfði niðsvart náttmyrkrið yfir úthafinu.

„Heimskulegt flán er þessi för orðin“, sagði ég, „nær hefði okkur verið að fara rակleitt heim.“

„Og raða upp safngripunum húsbóndans“, sagði Konsæll.

„Og þar á ofan verðum við hafðir að háði og narri!“

„Það er ef til vill ekki rétt hjá mér, að segja sem svo . . . .“, sagði Konsæll.

„Láttu það fljúga, Konsæll“.

„Mér datt í hug, að það væri ekki hyggilegt af mönnum, sem eru eins lærðir og húsbóndinn, að stofna sér . . . .“.

Konsæll hætti í hálfu kafi, því upp úr miðri næturþögninni drundi málrómur Ned Lands alt í einu.

„Hæ-hó! Sæormurinn mikli! Framundan á stjórnborða!“ æpti hann í sífellu.

Á einni svipstundu ruddust allir upp á þilfar; kyndarar og vélamenn neðan af neðsta gólfi, hvað þá aðrir.

Það var að eins ein hugsun, ein spurning, sem fyrir öllum vakti: Hvað gat Ned Land hafa séð í biksvörtu náttmyrkrinu?

Eins og tvö hundruð faðma frá skipinu var ljós blettur á sjónum, líkastur því, sem birtu legði þar upp úr djúpinu. Ég sá undir eins, að það var ekki maurildi; það var alt annar blær á þessari birtu. Skrímslið hlaut að vera að eins fáa faðma fyrir neðan yfirborðið, en birtan, sem ljómaði af því, var með öllu óskiljanleg. Ljósbletturinn var eins og bungumyndaður og skærastur í miðjunni.

„Þetta er maurildi!“ kallaði einn yfirmannanna.

Ég laut fram á öldustokkinn og athugaði furðusýn þessa.

„Nei“, sagði ég, „maurildi ber ekki svona mikla birtu. Þetta er eitthvað skylt rafmagnsljósi. En sjáðið þið, það hreyfist, það færast áfram, aftur á bak; það nálgast?“

Nú hætti okkur að lítast á blikuna. Ljósbletturinn nálgadist freigátuna með miklum hraða en hávaðalaust. Menn æddu um þilfarið og æptu af undrun og ótta.

„Kyrrir!“ hrópaði Farragút. „Stýrið á stjórnborða; fulla ferð aftur á bak!“

Við þessa skipun hljóp hver maður á sinn stað, og „Abraham Línkóln“ skreið aftur á bak í hálfhring.

„Stýrið á bakborða, áfram!“ drundi skipstjórinn, og freigátan rann af stað frá ljósblettinum.

Það er að segja,—hún átti að fjarlægjast hann.

En þessi undraskepna kom á eftir, með tvöfalt meiri hraða.

Þetta var óskiljanlegt með öllu. Við stóðum á þilfarinu aðgerðalausir og orðlausir af hræðslu. Dýrið gerði meira en nálgast freigátuna, það synti hringinn í kringum hana, og fór hún þó með fullum hraða.—Svo hvarflaði það frá, svo sem mílu vegar, kom svo aftur með fleygiferð og stefndi á „Abraham Línkóln“, staðnæmdist eins og tuttugu skref frá skipinu og—hvarf. Það hafði auðsjáanlega ekki farið í kaf, því birtan dvínaði ekki smátt og smátt, heldur þvarr alt í einu, eins og þegar ljós sloknar. Rétt á eftir kom það í ljós hinum megin við skipið, hvort sem það hefir nú synt umhverfis það eða undir kjölinn. Við máttum búast við árekstri þá og þegar, sem gat orðið okkur óhappadrjúgur.

Nú tók ég eftir einu, sem ég hafði ekki athugað áður: Freigátan fór á flótta í stað þess að sækja á. Hún var ofsótt í stað þess að ofsækja. Ég hafði orð á þessu við Farragút flotaforingja. En hann,

sem annars var stillingin sjálf, var nú auðsýnilega ruglaður og ráðþrota.

„Svo er það“, sagði hann, „en ég veit ekki hvaða óvættur þetta er, og þori ekki að ábyrgjast skipið í þessu myrkri, það væri blátt áfram heimskulegt af mér að gera það. En á morgun skiftum við um hlutverk“.

„Þér eruð þá viss um að þetta sé eitthvert dýr?“

„Já“, svaraði hann, „ekki er um það að villast; þetta er auðsjáanlega risavaxið náhveli. En það er þrungið rafmagni, og ef það hefir lagtönn eftir stærð, og löngun til að beita henni, er það áreiðanlega mesta skaðræðisskepna, sem nokkurn tíma hefir í söltum sjó lifað. Ég verð að fara varlega“.

Skipshöfnin var á flakki alla nóttina. Engum kom til hugar að festa svefn. „Abraham Línkoln“ hafði ekki undan hvort sem var, og fór því með hálfum hraða; og náhvelið hagaði sér eftir því. Það var auðséð, að það ætlaði ekki að renna af hólmi.

Um miðnætti hvarf það samt, eða réttara sagt, slokknaði, svo við fórum að halda að það hefði hundskast burtu. En einni stundu síðar heyrðist heljar hvinur, eins og vatni væri þeytt út um pípu með feikna afli.

Á þilfarinu stóðum við Ned Land og Farragút.

„Ned Land“, kallaði flotaforinginn, „hafið þér oft heyrt hvali öskra?“

„Já“, anzaði Ned Land, „en ég hefi ekki heyrt hval öskra fyr, sem ég hefi grætt á tvö þúsund dali, fyrir það eitt að sjá hann“.

„Tvö þúsund dalina skuluð þér fá“, sagði flotaforinginn, „en ég vil fá að vita hvort það er líkt þessu, þegar hvalir þeyta sjó út um blástursholuna?“

„Já, svipað því er þetta hljóð“, svaraði Ned, „en miklu sterkara“.

Klukkan tvö sást ljósbletturinn aftur í nokkurri fjarlægð frá skipinu, og við heyrðum greinilega að dýrið lamdi sjóinn með sporðinum.

Á freigátunni var hafður viðbúnaður mikill. Veiðarfærum var raðað með borðum, svo hægt væri að ná til þeirra hvenær sem á þyrfti að halda. Í framstafn voru látnar tvær fallbyssur. Var önnur svo gerð, að með henni mátti skjóta skutli, en hin var fyrir sprengikúlur.

Klukkan 6 um morguninn fór að elda aftur. En þegar fyrsta sólarbjarmanum sló á loftið, hvarf birtan af hvalnum aftur í einum svip. Stundu síðar var orðið albjart, en þá lagðist yfir þoka, svo niðdimm, að varla sá út úr augunum.

Ég fór upp í reiðann, svo hátt sem kaðlaprepin náðu, en sumir af foringjunum fóru alveg upp að sigluhúnum. Svo stöðum við út í þokuna, sem valt í hægðum sínum yfir hafflötinn.

Ned Land varð aftur fyrstur til að sjá dýrið.

„Sæormurinn!“ æpti hann. „Afturundan, á bakborða!“

Góðan kipp frá skipinu grilti í dökkleitt ferlíki, sem stóð eins og alin upp úr sjónum. Dýrið lamdi sjóinn svo afskaplega með sporðinum, að drifhvítur froðuferill sást aftur af því langa leið.

Freigátan nálgadist hvalinn, og gafst mér nú færi á að athuga hann nákvæmlega. Frásagnirnar um lengd hans voru auðsjáanlega orðum auknar. Hann var á að gizka 100 faðma langur. Skrokkurinn var rennilegur, svo ætla mátti að hann væri afar-hraðsyndur. Hann þeytti öðru hvoru sjó og andgufu upp um blástursholuna; stóð sú stroka oft yfir 100 fet í loft upp. Ég var nú ekki lengur í vafa um það, að þetta væri eins konar hvalur.

Skipverjar biðu með ópolinmæði eftir fyrirskipunum skipherrans. Farragút virti hvalinn fyrir sér grandgæfilega og kallaði svo á vélstjóran:

„Hafið þér kynt undir kötlunum?“ spurði hann.

„Kyndið þér meira! Eins og katlarnir þola!“

„Já“, svaraði vélstjórin.

Menn æptu af fögnuði við þessa skipun. Nú átti til skarar að skriða. Kolsvartir reykjarmekkir ultu upp úr reykháfum skipsins, en gufukatlarnir nötruðu svo fyrir ofurmagni gufunnar, að alt var sem á þræði léki.

Hvalurinn fór ekki úr stað, fyr en ekki voru nema 50 faðmar milli hans og skipsins; þá tók hann viðbragð og synti undan með sama hraða og skipið skreið. Stóð svo þessi eltingaleikur í þrjá stundarfjórðunga að hvorki dró sundur né saman. Var ekki útlit fyrir að neitt ynnist með þessu móti.

Farragút réð sér ekki fyrir reiði. Hann klóraði sér ákaft fyrir ofan eyrað, svo húfan fór aftur á hnakka.

„Ned Land!“ hrópaði hann.

Ned Land gekk til hans.

„Sýnist yður ráðlegt að skjóta út bátum?“ spurði flotaforinginn.

„Fjarri fer því“, svaraði Ned. „Hér er ekki við lamb að leika. Þessi skepna fer að eigin geðþótta og lætur ekki leika á sig“.

„Hvað er þá til ráða?“

„Ekkert annað en auka hraðann. Ég ætla að setjast undir bugspjótið með skutulinn minn, og nái ég til dýrsins, þá skal ég hitta“.

„Vélstjóri!“ hrópaði flotaforinginn, „leggið þyngra á öryggishanana.“

Ned Land settist undir bugspjótið. Öryggishanarnir voru þyngdir og kolum mokað á eldana að nýju. Skrufan fór fjörutíu og þrjá snúninga á mínútu og „Abraham Línkoln“ fór hálfu tíundu sæmílu á klukkustundinni.

En náhvelið synti líka hálfu tíundu mílu á klukkustundinni.

Gekk svo heila klukkustund, að enginn munur varð á millibílinu. Var þetta smán mikil fyrir hraðskreiðasta skip ameríska flotans, enda voru skipverjar alveg hamslausir. Þeir stóðu fram í stafni og jusu bölbænum og formælingum yfir dýrið, en flotaforinginn reitti hárið af kollinum á sér af bræði.

Enn var kallað á vélstjóran.

„Er gufuþenslan á hámarki?“ spurði foringinn.

„Já“, svaraði vélstjórinn.

„Hefir verið þyngt á öryggishönum?“

„Já, þenslan er hálf sjöunda loftþyngd<sup>[1]</sup>“.

„Látið hana verða 10 loftþyngdir!“

Þetta var skipun, sem Vesturheimsmanni sómdi.

„Konsæll!“ kallaði ég, „nú springur skipið“.

„Eins og húsbóndanum þóknast“, svaraði Konsæll.

Ég verð að segja eins og satt er, að á þessu augnabliki var mér sama, þó ég ætti það á hættu.

„Abraham Línkoln“ jók skriðinn. Hann gnötraði allur frá sigluhún ofan í kjöl og reykháfarnir virtust vera alt of þröngir, svo þykkur var mökkurinn, sem ruddist upp úr þeim í sífellu. Þrýstimælirinn sýndi 10 loftþyngdir, en skriðstíkan 10 mílna hraða.

En þetta kom fyrir ekki, því hvalurinn synti líka með 10 mílna hraða, alveg þrautalaust.

Ég get ekki lýst tilfinningum mínum á þessari stundu. Ég var gagntekinn af einhverju eirðarleysi. En Ned Land sat á sínum stað, með skutulinn reiddan um öxl. Þar kom að lokum, að saman fór að draga öðru hvoru.

„Við drögum hann uppi, við drögum hann uppi!“ æpti Ned og laut fram með reiddan skutulinn.

En í sömu svipan tók dýrið viðbragð og rann áfram, með svo miklum hraða, að sjálfsagt mundi nema 15 mílum á klukkustund. En ekki nóg með það, það synti líka hringinn í kring um freigátuna, og fór hún þó með fullum hraða. Skipverjar voru hamslausir af bræði. Nú var komið hádegi og við vorum engu nær en um morguninn. Farragút sá að svo búið mátti ekki lengur standa og hugsaði sér að taka til annara ráða.

Fallbyssan á framstafni skipsins var hlaðin í skyndi og henni miðað á dýrið. Skotið reið af, en kúlan fór yfir hvalinn, og var það ekki að undra, því færið var 1000 faðmar.

„Aftur!“ kallaði flotaforinginn. „Fimm hundruð dali skal ég gefa hverjum þeim, sem getur lamað þessa djöfuls óvætt með skoti.“ Þá gekk fram gamall maður gráskeggjaður,—mér er sem ég sjái hann enn,—hvasseygur var hann og æðrulaus á svip, en andlitsdrættir allir sem í stein væru markaðir. Hann gekk að fallbyssunni, hagræddi henni og miðaði lengi. Loks drundi skotið og fylgdi því fagnaðaróp skipverja.

Kúlan hitti hvalinn, en—undur og bísni!—hún hrökk af skroknum á honum eins og hagl af húspaki og féll í sjóinn langa leið frá.

„Er þá skepna þessi klædd með kvartils-þykkri járnhúð?“ sagði gamli maðurinn, og var heldur ófrýnn.

„Fari það í sjóðbullandi!“, varð Farragút á orði. Nú var eftirsóknin hafin á nýjan leik.

„Ég held áfram þangað til freigátan springur í loft upp“, sagði flotaforinginn við mig.

Við vorum að vona, að dýrið þreyttist af þessari aflraun, þegar til lengdar léti. En því var ekki að skifta.

Svo leið hver klukkustundin eftir aðra, að það hægði ekki vitund á sér.

Þetta var voðalegt kapphlaup. Á þessum eina degi fórum við áreiðanlega frekar 250 sæmílu. Þó

vórum við engu nær en daginn áður. Svo kom nóttin og niðamyrkur lagðist yfir úthafið.

Ég hugsaði að þessi viðureign væri nú á enda og allar fyrirætlanir okkar að engu orðnar.

En klukkan 11 um kvöldið sást rafljósbjarminn enn á ný, í lítilli fjarlægð. Það var því líkast, sem náhvelið lægi kyrt, og væri mók á því eftir áreynsluna. En það var tækifæri, sem Farragút ætlaði ekki að láta ónotað. Hann rendi nú skipinu í áttina þangað, sem hvalurinn lá. Ned Land kom sér fyrir undir bugspjóti; hann hafði oft fengist við það áður, að læðast að sofandi hvöllum.

Skipið skreið nú ofurhægt og svo hávaðalaust, sem unt var. Þegar ekki voru eftir nema 150 faðmar að hvalnum, var vélin stöðvuð. Menn stóðu kyrrir og héldu niðri í sér andanum. Ég stóð í stafninum, við bugspjótið og hallaðist fram á borðstokkinn. Fyrir neðan mig sá ég hvar Ned Land sat, með skutulinn reiddan um öxl, reiðubúinn að kasta honum, hvenær sem færi gæfist.

Alt í einu tók hann viðbragð og þeytti skutlinum. Ég heyrði glamur, eins og skutullinn hefði lent á einhverju hörðu. Rafmagnsbirtan af dýrinu hvarf, en tvær voðalegar vatnsgusur hvolfdu ofan á þilfar freigátunnar, með svo miklu afli, að alt lauslegt fór um koll og skolaðist til og frá um þilfarið, eða féll út, bæði menn og munir. Ég fann að skipið kiptist við afar-snögt, og áður en ég náði handfestu á nokkrum hlut, steypist ég á höfuðið í sjóinn.

Þetta var ljóta kafförin; þó kom ekkert fát á mig, því ég er góður sundmaður, þegar ég segi sjálfur frá. Þegar mér skaut upp aftur fór ég að litast um eftir freigátunni. Höfðu þeir nú tekið eftir því að ég féll útbyrðis?

Í austurátt sá ég móta fyrir ferlíki, sem fjarlægðist óðum.

„Hjálp! Hjálp!“ hrópaði ég.

En skipið færðist sífellt fjær. Ég sá það á því, að rauða ljósið á bakborða varð æ daufara og daufara. Mér var erfitt um sunnið, því fötin drógu mig niður. Ég ætlaði að fara að sökkva, en þá fann ég að þrifið var í herðarnar á mér og mér var haldið uppi.

„Ert það þú, Konsæll“, stundi ég upp, „Þú hefir þá fallið fyrir borð líka“.

„Ég hljóp út á eftir húsbóndanum“.

„En hvað er þá orðið um skipið?“ spurði ég.

„Það getum við ekki hirt um frekar“, svaraði Konsæll. „Þegar ég hljóp fyrir borð heyrði ég sagt, að skrúfan og stýrið hefði brotnað“.

Þetta var engin feginsfrétt; en hvað sem því leið, urðum við að reyna að bjarga lífinu á einhvern hátt.

Konsæll hjálpaði mér til að komast úr fötunum; svo syntum við til skiftis, þannig, að sá sem hvíldi sig, lá á bakinu og hélt sér í hinn.

En svona gat það ekki gengið til lengdar. Hve lengi við höfum synt veit ég ekki, en ég man, að ég var orðinn ákaflega þreyttur. Ég gat varla haldið vitunum upp úr og var farinn að drekka sjó ákaft.

Þá gægdist tunglið fram undan skýjunum og brá birtu yfir öldurnar. Var eins og ég hrestist við það nokkur augnablik. Ég lyfti upp höfðinu og svipaðist um eftir freigátunni. Var hún þá komin svo langt, að ég sá að eins móta fyrir henni. Nú misti ég þróttinn að fullu; ég var að sökkva og heyrði óglögt að Konsæll var að kalla á hjálp.

En þá heyrði ég svarað einhversstaðar!

„Heyrðir þú þetta?“ umlaði ég.

„Já“, svaraði Konsæll, og gerði nú sitt ýtrasta til að hrópa „hjálp“ út yfir eyðimörku hafsins.

Aftur var svarað og ekki langt undan. Hvað gat þetta verið?

Nú gat ég ekki haldið mér uppi lengur. Ég varð að eins var við, að ég var dreginn af stað, rakst á eitthvað, sem þétt var fyrir og að mér var tosað upp úr sjónum,—svo misti ég meðvitundina.

Þegar ég raknaði við til meðvitundar aftur, fann ég að verið var að núa mig í ákafa.

„Konsæll!“ kallaði ég af veikum mætti.

„Húsbóndinn hringir!“ heyrði ég að sagt var í málróm Konsæls. En maður sá, sem laut ofan að mér var ekki Konsæll.

„Ned!“ sagði ég.

„Rétt er það“, svaraði hvalveiðakóngurinn.

„Hefir þú þá fallið fyrir borð líka?“

„Já“, svaraði Ned, „en ég var svo heppinn að hitta strax á fljótandi eyju“.

„Eyju?“

„Já,—eða sama sem, nefnilega sæorminn. Nú skil ég hvers vegna skutullinn minn hrökk af dýrinu. Náhvelið þitt er búið til úr hnoðnegldum járnþynnum, hr. prófessor“.



Ég reis upp í flýti. Þetta dýr eða—hvað það átti að heita—þessi hlutur, sem við vorum staddir á, var hálfur upp úr. Við hlið mér sat Konsæll hálf rænulaus og illa útlítandi, ekki síður en ég. Ég fór nú að athuga skepnu þessa. Þetta var ekki dýr, það var af og frá! Um það var ekki lengur að villast, að það var gert úr hnoðnegldum járnþynnum, eins og Ned Land sagði.

Þetta var ekkert náttúruafbrigði, heldur eitthvað enn furðulegra. Það var einhver „ógerningur“, gerður af manna höndum.

„Neðansjárskip!“ varð mér að orði. „Snildarlega gert, með afar-sterkar vélar!—Við erum þá ekki langt frá mönnum; okkur er borgið“.

Ned Land var á öðru máli um það, og lá við að við færum að trúa því, að hann hefði rétt fyrir sér. Við börðum á járnþynnurnar af öllu afli og Ned Land stappaði með járnþryddu stígvélunum allt hvað af tók. Þó urðum við einskis hljóðs varir inn í skipinu.

„Það verður skemtilegt, þegar hann fer í kaf“, sagði Ned.

Ekki þótti mér það nú svo skemtileg tilhugsun. En við áttum ekki annars úrkosti, en dvelja þar yfir nóttina, sem við vorum komnir.

Þegar loksins fór að lýsa af degi, heyrðum við skrölt í járnslám og hlekkjum og sáum hlera opnast í þilfarinu. Þar kom maður upp og skygndist um. Þegar hann sá okkur rak hann upp hljóð, hvarf niður aftur og skelti hleranum á eftir sér. Rétt á eftir komu átta karlmenn upp á þilfarið. Þeir tóku okkur, án þess að mæla orð frá vörum og fóru með okkur niður í skipið.

Hlemmurinn féll aftur yfir höfðum okkar og við vorum staddir í niðamyrkri. Við fórum ofan járnstiga og inn um dyr, sem lokað var á eftir okkur. Þar vorum við látnir einir.

Þarna var svo mikið myrkur, að ég hefi aldrei komið í annað eins. Ekkert náttmyrkur getur jafnast á við það.

Ned Land lét eins og óður væri. Hann sparkaði öllu um koll, sem lauslegt var inni, og datt sjálfur um sumt af því.

„Það er dálagleg gestrisni að tarna!“ þrumaði hann. „Og þar að auki eru þetta sjálfsagt mannætur, þegar til kemur!“

„Við erum ekki komnir á steikarateininn ennþá“, sagði Konsæll.

„Nei, en í ofninn“, svaraði Ned Land.

Það var ekki þar fyrir, það gat vel verið satt sem hann sagði, því ég fann að þilin vóru úr járnalt í kring.

Alt í einu varð svo hjart inni, að ég varð að láta aftur augun. Kveikt hafði verið á ljósmiklum rafmagslampa, sem festur var í loftið.

Við fórum nú að litast um. Herbergi þetta var 4 álnir á hvern veg og járn í öllum veggjum og loftinu. Gólfíð sá ég ekki, vegna ábreiðu, sem á því lá. Á miðju gólfi stóð viðhafnarlaust tréborð og 4 stólar.

Okkur gafst ekki mikill tími til umsvifa því rétt í þessu opnaðist hurðin og inn gengu tveir menn. Var annar þeirra lítill vexti, en knálegur. Hann gekk á undan.

Hinn, sem á eftir fór, var miklu hærri, og varð okkur þegar starsýnt á hann. Hann var fagurlega vaxinn, fríður sýnum og hinn höfðinglegasti. Hann hafði alskegg, stutt; augun voru dökk og starandi,—nærri kaldranaleg—og ennið hátt. Það var fljótséð að ekki mundi auðvelt að hafa áhrif á tilfinningar þessa manns. En gáfaður maður hlaut hann að vera. Það var auðséð á honum.

Hann var auðsjáanlega yfirmaður skipsins, því þegar þeir voru komnir inn úr dyrunum, vék hinn sér til hliðar. Hann staðnæmdist frammi fyrir okkur og starði á okkur langa stund. Ekki hraut honum orð af vörum fyr en loks, að hann ætlaði út aftur; þá talaði hann við förunaut sinn á máli, sem ég skildi ekki.

Hvað átti ég að taka til bragðs? Ég vonaði að hann skildi frönsku og ávarpaði hann á því máli,—talaði svo skýrt og skilmerkilega, sem mér var unt. Ég sagði honum nöfn okkar og hvað manna við værum og hvernig á því stóð, að við vorum þar komnir.

Ókunni maðurinn hlustaði á mig með stillingu og kurteisi. En ekki sást nokkur vottur þess, að hann skildi mig og ekki svaraði hann.

Ned Land varð auðvitað fokvondur. Hann endurtók alla frásögu mína á ensku, og viðhafði all-ófögur orð með köflum. Hann endaði mál sitt á því að heimta mat; sagði að við værum komnir í dauðann af hungri og yrðum að fá mat.

En það leit ekki út fyrir, að ókunni maðurinn skildi Ned Land heldur. Ég var einmitt farinn að hugsa um að reyna latínu, en þá segir Konsæll.

„Ef húsbóndanum þóknast, gæti ég reynt þýzku“. Það hafði mér ekki dottið í hug áður. Konsæll var flæmskur og talaði auðvitað þýzku. Ég gat að eins lesið hana og—sannast að segja—með herkjum. Ég var því fljótur til að samþykkja það.

Í þriðja sinn var honum nú sagt hverir við værum og hvers vegna við værum þangað komnir. En í

þetta sinn var það Konsæll sem sagði frá, með allri þeirri kurteisi og formkreddum, sem honum var lagið. En árangurinn varð alveg sá sami,—alls enginn. Ókunni maðurinn snéri sér nú að förunaut sínum og mælti við hann nokkur óskiljanleg orð. Svo fóru þeir út úr herberginu báðir.

Skömmu seinna opnaðist hurðin á ný og kom inn þjónn með þur föt. Þótti okkur Konsæl gott að fá fötin, en Ned Land sefaðist ekkert fyrir en þjónninn loks kom með mat; þá var eins og hýrnaði yfir Kanadamanninum.

Að lokinni máltíð lögðum við okkur fyrir og sváfum vært og lengi. Þegar við vöknudum og vörum að nudda stírnar úr augunum, vissum við ekki fyrir af, en skipstjórinn snaraðist inn í herbergið. Hann stóð kyrr stundarkorn og virti okkur fyrir sér. Svo hóf hann máls og talaði á hreinustu frönsku:

„Herrar góðir! Mér er jafnlétt um að tala frönsku eins og þýzku og ensku. Ég skildi því mæta vel alt það sem þið sögðu. En ég vildi fyrst vita deili á ykkur og íhuga svo málið í næði. Ég hefi verið í miklum vafa um, hvað gera skal við ykkur. Þið eruð komnir hingað á skip mitt fyrir sakir óhappaatvika. Þið hafið truflað lífsrás mína og rósemi . . .“

„Ósjálfrátt“. greip ég fram í fyrir honum.

„Ósjálfrátt!“ át hann eftir. „Var það ósjálfrátt að „Abraham Línkoln“ var gerður út til að ofsækja mig? Var það ósjálfrátt að þér fóruð með skipinu og tókuð þátt í ofsóknunum? Var það ósjálfrátt að þið skutuð á skip mitt og Ned Land kastaði skutli á það?“

„Við vissum ekki annað en skip yðar væri sjóskrímsl, sem nauðsyn bæri til að eyðileggja“, svaraði ég.

„En hefðuð þið nú vitað að þetta var niðansjáfar skip; hefðuð þið ekki elt það og skotið á það, alveg eins og sjóskrímsl?“

Mér varð svarafátt. Ég fann með sjálfum mér, að Farragút flotaforingi mundi ekki hafa gert neinn mun á því.

„Eins og þið getið sjálfir séð og skilið“. sagði ókunni maðurinn, „ber mér að skoða ykkur sem óvini mína. Vildi ég verða laus við ykkur, þyrfti ég ekki annað en seta ykkur upp á þilfarið og fara svo í kaf. Ég hefi fylsta rétt til að gera það“.

Hann talaði ofur-rólega og reiðilaust, en þó stökk honum ekki bros. Var auðséð að hann meinti það, sem hann sagði.

„En hvað sem því líður“, bætti hann við, „þá hefi ég ákveðið að hafa ykkur hérna á skipinu framvegis. Þið getið verið eins og frjálsir menn og hreyft ykkur svo mikið sem rúm leyfir“.

„Er það meiningin að við eigum að vera hér á skipinu alla æfi?“ spurði ég.

„Já“, svaraði ókunni maðurinn, „þið megið hætta að hugsa um þurlendið, því þangað komið þið aldrei frammar, enda missið þið einskis í við það“.

„Ég strýk héðan undir eins og færi gefst“, sagði Ned Land.

„Yður er heimilt að reyna það“, svaraði ókunni maðurinn þurlega.

Það var sýnilega engrar tilslökunar að vænta af þessum manni. Við urðum að sætta okkur við það, sem hann vildi vera láta.

„Er mér leyfilegt að spyrja um nafn yðar?“ sagði ég.

„Gagnvart yður er ég ekki annað en Númi skipstjóri. En gagnvart mér eruð þér og félagar yðar farþegar með skipi mínu, Sæfaranum“.

Númi skipstjóri opnaði dyrnar og kallaði á þjón. „Það er búið að bera mat á borð í herbergi ykkar,“, sagði hann við Ned Land og Konsæl. „Viljið þið fara með manni þessum“.

Svo snéri hann sér að mér.

„Nú, hr. Aronnax, má ég fylgja yður til borðs? Morgunverðurinn er tilbúinn“.

Ég snæddi morgunverð með skipstjóranum og var hjá honum það sem eftir var dagsins. Fór hann með mig fram og aftur um skipið og sýndi mér allt sem markvert var, sem var æði margt. Var hann hinn þægilegasti viðmóts og leysti úr öllum spurningum með alúð og nákvæmni.

Við fórum fyrst eftir löngum gangi, sem var uppljómaður af rafmagnsljósi. Þaðan fórum við inn í borðstofuna. Þar var rúmgott inni og snyrtilega um gengið. Húsgögn voru öll úr eik og greipt fílabeini. Skápar voru skreyttir dýrum krystöllum og stóðu á þeim og svo borðinu skrautmunir úr dýrum málmum og hreinu postulíni.

Þaðan fórum við að skoða bókasafn skipsins. Bókaskáparnir þöktu veggina frá gólfi og upp í loft. Borð mikið stóð á miðju gólfi en legubekkir á tvær hendur, fóðraðir dýrindis skinni. Öll voru húsgögn þessi úr svörtum palísanderviði og koparrend víða. Í safni þessu sagði Númi að væru tólf þúsund bindi, og væri mér heimilt að nota það eftir vilja og þörfum. Þessu boði varð ég mjög feginn, upp á framtíðina.

Þar var samankomið úrval úr bókmentum allra þjóða, og urmull af vísindabókum, einkum ritum um náttúrufræði. Meira að segja fann ég þar bókina mína: „Um leyndardóma undirdjúpanna“.

Loks komum við inn í aðalsalinn. Það var stórt herbergi og prýðilegt,—fímtán álnir á lengd og 9 álnir á breidd. Á þiljunum héngu málverk eftir frægustu snillinga í Evrópu. Marmaralíkneski, gerð í fornnum stíl, stóðu þar í hornunum, en lítil borð stóðu hér og hvar á gólfinu. Borðfletirnir voru úr skygndu gleri, en undir glerinu gat að líta fjölda hinna fáséðustu dýrindismuna úr ríki hafsins. Þar voru meðal annars marmennilssmíði svo fögur, að ég hefi hvergi séð önnur eins, og perlur svo stórar og hreinar, að mér var blátt áfram ómögulegt að meta þær til verðs. Forte-píanó stóð þar í einu horninu; það var opið, og leit út fyrir að vera oft notað.

Úr aðalsalnum héldum við áfram fram eftir skipinu, og varð fyrir okkur gangur með tveimur hurðum á þilinu annars vegar. Voru þar tvö herbergi samhliða og var annað herbergi skipstjórans, en hitt sagðist hann ætla mér til íbúðar, meðan ég dveldi á skipinu. Ekki var það miður búið að þægindum öllum og viðhöfn en önnur herbergi þar á skipinu.

Fremst í skipinu var klefi með innibyrðu, samanþjöppuðu andrúmslofti, og annar samskonar sagði Númi að væri við afturstafn skipsins.

Frá klefum þessum var stöðugt nýju lofti veitt um alt skipið eftir þörfum. Á hverjum morgni var farið upp að yfirborðinu og nýjar loftbyrgðir teknar í klefana.

Klefi skipstjórans var einfaldur og skrautlaus—ólíkur mjög öðrum herbergjum skipsins, sem öll voru búin skarti og dýrindis húsbúnaði. Þegar við komum þangað inn, lýsti Númi fyrir mér byggingu skipsins og gerð allri. Það var réttar 100 álnir á lengd og í lögun eins og vindill. Það var 12 álnir að þvermáli um miðju. Byrðingurinn var tvöfaldur, en tengdur saman alt umhverfis, með þverbitum úr járn. Þoldi skipið því afarmikinn þrýsting. Hreifivélar skipsins voru knúðar með rafmagni og svo sterkar, að Sæfarinn gat hæglega farið 15 mílur á vöku. Stýrið var eins og á öðrum skipum, en auk þess voru tveir láréttir spaðar eða vængir utan á hliðunum, miðskipa. Þeim mátti halla fram og aftur og beina á þann hátt stefnu skipsins upp á við og niður á við, þegar gangur var kominn á það. Auk þessa voru klefar á skipinu eða hólf, sem fyllt voru sjó, ef skipið átti að sökkva, en tæmd, þegar það átti að leita upp. Á sama hátt mátti einnig ráða djúpstöðu þess, þó það væri á ferð. Á framenda skipsins var dálítill turn og í honum stýrishjólíð. Gluggar voru á turninum öllum megin og gat stýrimaður séð þaðan til allra hliða. Á afturenda þess var annar turn. Í honum var afar-skært rafljós, sem notað var á nóttum og í kafförum.

Í skipstjóraklefanum og aðalsalnum voru ýms skipstjórnaráhöld. Þar voru hin vanalegu skipstjórnaráhöld, svo sem sigurverk, sem gekk fyrir rafmagni, loftvog, áttaviti og sólhæðarmælir. En auk þessa voru þar margs konar áhöld önnur, sem Númi hafði sjálfur fundið upp, til að mæla með hraða, stefnu og djúpstöðu skipsins.

Númi skipstjóri skýrði fyrir mér, með mikilli nákvæmni, hvernig áhöld þessi væru gerð og notuð. Hann sagði mér, hvernig hann færi að því, að ná rafmagni úr ýmsum efnum í sjónum, og hvernig hann hefði reiknað þetta allt út fyrirfram, áður en hann byrjaði á skipssmíðinni. Var þetta allt svo flókið og margvíslegt, að ég verð að sleppa því hér.

Ég var alveg forviða á þessu öllu saman.

„Þér hafið þá sjálfur staðið fyrir smíðinni, og gert allar teikningar og áætlanir“, sagði ég.

„Já“, svaraði skipstjórinn, „ég hefi stundað nám við háskólana í Berlín, París og New-York og numið þar svo mikið, sem útheimtist til þessa“.

„En hvernig gátuð þér smíðað skipið svo, að ekki yrði hljóðbært um allan heim?“

„Það skal ég segja yður, Aronnax minn. Ég hefi fengið sinn hlutann úr hverri áttinni. Kjölurinn er smíðaður hjá Krausot í Frakklandi, skrúfumöndullinn hjá Pen & Co. í Lundúnum, súðaþynnurnar hjá Lírd í Liverpool, skrúfan hjá Scott í Glasgow, þéttloftsklefarinn hjá Sail & Co. í París, vélarinn hjá Krúpp í Essen, stafnfleygurinn í Motala í Svíþjóð, verkfærin hjá Hart í New-York o. s. frv. Verksmiðjurnar fengu þessar pantanir undir ýmsum nöfnum, og áttu að senda hlutina á ýmsar hafnir. En svo lét ég skip, sem ég átti sjálfur, smala öllu saman“.

„En þá var þó eftir að laga þetta til og setja það saman“, sagði ég.

„Já, ég setti upp verkstæði á óþektri eiðiey úti í miðju Kyrrahafi og þar lauk ég smíðinni á Sæfaranum, með tilstyrk manna þeirra, sem nú eru með mér hér. Þegar við vorum búnir að því, brendum við öllu, sem eldur gat eytt, en köstuðum hinu í sjóinn, svo engin vegsummerki sáust eftir“.

„Það hefir kostað nokkuð, skipið yðar, get ég ímyndað mér“.

„Já“, svaraði Númi, „með öllum áhöldum kostar það mig eina milljón, sex hundruð og áttatíu þúsund krónur. En með öllum söfnum og dýrgripum, eins og það er nú, er það ekki of hátt virt á fimm miljónir króna“.

„Þér hljótið að vera afar auðugur maður?“

„Já, hr. prófessor, það er ég. Mér væri hægðarleikur að borga allar ríkisskuldir Frakklands, tólf miljarda“.

Því næst fylgdi Númi mér aftur á skipið, til þess að sýna mér vélrýmið. Við fórum fram hjá eins konar strompi, og var á honum hurð. Sá ég að járnstigi lá upp eftir honum og spurði skipstjórnann hvað gert væri við hann.

„Við förum upp í bátinn eftir þessum stiga“, svaraði hann.

„Svo, þið hafið þá bát“.

„Já, lokaðan bát, af sömu gerð og Sæfarann, en miklu minni. Hann liggur í dæld á þilfarinu og er festur með skrúfum. Á þilfarinu er hleri og annar í botninum á bátnum. Þeir standast á. Með því að opna hlerana get ég farið upp í bátinn. Hleranum á þilfarinu er lokar á eftir mér, en sjálfur loka ég hlerunum í bátnum. Svo losa ég um skrúfurnar og þá þýtur báturinn upp að yfirborðinu í einum svip. Þegar ég finn að báturinn flýtur ofansjávar, opna ég hlera á þilfari hans, síðan reisi ég sigluna, set upp segl og sezt við stýrið“.

„En hvernig komist þér niður til skipsins aftur?“

„Það get ég ekki. Sæfarinn verður að koma upp til mín. Báturinn er tengdur við skipið með löngum látúnsvír, sem rafmagnsstraumur leikur um, og fylgir það bátnum eftir neðansjáfar. Þarf ég því ekki annað en þrýsta á tippi, ef ég vil gefa því vísbendingu“.

Alt þetta var svo einfalt og þó svo haganlega fyrirkomið, að það vakti aðdáun mína.

Þegar við komum lengra fram í ganginn, sá ég inn í herbergi Ned Lands og Konsæls. Sátu þeir að snæðingi og vóru hraustir og hressir að sjá. Ég sá matsuðuklefann, og hvernig maturinn var soðinn við rafmagnshita. Við fórum framhjá klefum skipverjanna, en ekki sá ég inn í þá, því hurðirnar vóru aftur. Seinast skoðaði ég vélrýmið. Þar sá ég þessar undravélar, sem gengu fyrir rafmagni og gátu snúið skrúfuásnum tuttugu snúninga á sekúndunni.

„Nú ætla ég að gefa yður næði til rannsókna yðar og vísindaiðkana“, sagði skipstjórinn, þegar við komum inn í aðalsalinn aftur. „Við erum núna staddir í nánd við Japan, eins og þér sjáið á kortinu þessu. Braut skipsins er mörkuð á það á hverjum degi, svo þér getið séð hvað ferðinni líður. Bókasafnið og salinn er eður heimilt að nota eftir vild. Með yðar leyfi ætla ég að hverfa frá um sinn“.

Númi fór nú út, að svo mæltu, en ég sat einn eftir.

Hver var hann, þessi undralegi maður? Hann var framúrskarandi að gáfum og fróðleik, en fyrirleit þurlendið og mennina af lífi og sál. Hver var hann? Og hvert ætlaði hann að fara með mig?

Þessu var ég lengi að velta fyrir mér, eftir að skipstjórinn fór. Ég sat hugsí langa lengi, þar til loks ég stóð upp og gekk inn í herbergi mitt, til að taka á mig náðir.

Árdegis daginn eftir kom Konsæll og Ned Land inn í salinn til mín. Þeim varð fyrst fyrir að spyrja, hvernig á þessu stæði og hvar við værum staddir.

„Tuttugu og fimm föðmum fyrir neðan yfirborð sjáfar“, svaraði ég.

„Þetta er stór-merkilegt“, sagði Konsæll.

Ég sýndi Konsæl öll þau undur af fágætum náttúrugripum, sem vóru í salnum. Hann var vanur að fylga mér á sófnunum í París og bar gott skynbragð á þess konar hluti.

Ned Land spurði mig spjörunum úr, um Sæfarann og Núma skipstjóra. Hann var á fjáður að vita hve skipshöfnin væri fjölmenn, því hann hafði þegar hugsað sér að myrða alla skipverja, eða byrgja þá inni, en taka skipið á sitt vald.

Ég reyndi að telja um fyrir honum og fá hann ofan af þessu. En alt í einu sloknaði ljósið í salnum og við stóðum eftir í kolsvarta-myrrki.

Við stóðum hreyfingarlausir og þegjandi og biðum þess, sem verða vildi. Svo heyrðist glamur, líkt því sem járnþynna væri dregin eftir skipshliðinni, og í sama vetfangi lagði skæra birtu inn í salinn um tvo glugga. Í gluggum þessum vóru afarþykkar glerrúður og lágu yfir þær sterkar koparstengur til styrktar. Sáum við út um gluggana sterka rafljósbirtu, sem lýsti upp sjóinn langa leið frá skipinu, í allar áttir. Það var fögur sjón og stórkostleg. Ljósbrotið var svo einkennilegt í vatninu að því verður ekki með orðum lýst. Nálægt skipinu var sjórinn sem fljótandi eldhaf, en smádofnaði er lengra dró frá og eyddist loks í sæmyrkrinu yfir og undir og alt um kring.

Við horfðum hugfangnir á þessa dásamlegu sjón. Brátt kom í ljós urmull af fiskum og allskonar sædýrum. Fylgdu þeir skipinu eftir og hringsóluðu kringum það, eins og fuglager í lofti. Sumir þessara fiska vóru undursamlega fagrir, fór þar saman blikandi litskrúð, fagurt sköpulag og aðdánlega mjúkar og skjótar hreyfingar.

Alt í einu hvarf þessi töfrasjón. Hlerunum var rent fyrir gluggana og ljósi brugðið upp á rafmagnslömpunum í salnum. En lengi á eftir sátum við eins og í leiðslu og rifjuðum upp í huganum þennan merkilega fyrirburð. Hann var svo nýstárlegur og nærri yfirnáttúrlegur að hugmyndalíf okkar var snortið um langan tíma.

---

[1] Loftþyngd er sá þrýstingur kallaður, sem loftið gerir á yfirborð jarðarinnar; en hann samsvarar hérumbil 15 punda þunga á hverjum ferþumlungi yfirborðs. Þýð.

### III.

Ég fór að una æfinni betur á Sæfaranum þegar fram í sókti. Ég hafði fyrir reglu að fara upp á þilfar á hverjum morgni, meðan verið var að skifta um loft í skipinu. Þar hitti ég vanalega stýrimanninn, sem fékst þar við mælingar og athuganir. Ég reyndi oftsinnis að hafa tal af honum, en það kom fyrir ekki. Hann skildi ekki eða lézt ekki skilja eitt orð af því sem ég sagði. Hann mælti nokkur orð á máli, sem ég skildi ekki, í hvert sinn sem hann ætlaði ofan í skipið aftur.

Ég skildi það sem skipun um að fara niður aftur og hagaði mér samkvæmt því.

Á daginn sat ég lengstum við bóklestur í salnum eða bókasafnsklefanum.

Ég varð lítið var við Núma skipstjóra. Ég hefi ekki í fyrstu hugmynd um, hve fálátur hann var og einförull, og var því farinn að halda um tíma að hann væri farinn af skipinu.

Stöku sinnum hitti ég hann uppi á þilfarinu á morgnana. En oftast var hann þá svo hugsí og fámálugur, að engu tauti var við hann komandi. Þó bar við, að hann var glaðari í bragði. Það var helzt, þegar hann hafði sérstakan áhuga á einhverju, sem hann var að gera, að hann kom og tók mig tali. En þá var hann líka öllum mönnum alúðlegri og liprari. Listir og vísindi vildi hann helzt af öllu tala um.

Hann elskaði hafið. Ég varð þess var einn dag. Við stóðum saman á þiljum uppi og nutum veðurbliðunnar. Loftið var hlýtt og himininn heiður. Öldur úthafsins liðu eftir sæfletinum, eins og spegilgljáandi fjallabungur. Númi benti út yfir öldurnar og gat ekki varist þess, að dást að hinni stórfenglegu og óháðu tign úthafsins. Hann lauk máli sínu með þessum orðum:

„Frá öldufalli yfirborðsins og niður í myrkustu undirdjúp er hafið á eilífri hreyfingu, þrungið lífi og lifandi verum. Það vekur undrun og ótta manna. Þeir hræðast hyldýpið, en ég hræðist það ekki. Þegar ég er á Sæfaranum er mér sama hvar ég hvíli í faðmi hafsins“.

Ned Land og Konsæll komu oft til mín inn í aðalsalinn og hafði ég gaman af heimsóknnum þeirra, því þeir voru sífellt að ybbast og kýta—oftast í góðu þó. Ned Land hafði alt á hornum sér. Hann kunni ekki við að vera innibyrögður, kvartaði undan mataræðinu, hvað það væri tilbreytingarlaust og var sárreiður við Núma skipstjóra, sem lét eins og hann heyrði ekki, þegar sem hæst gekk hranaskapur og umkvartanir Ned Lands.

Konsæll var þvert á móti, ánægður með alt. Hann hafði lag á því að haga sér eftir kringumstæðunum, og mín vegna var hann í sjöunda himni yfir því, hvað mér gæfist gott færi á að rannsaka hafið og sædýralífið. Gluggarnir á skipshliðinni voru opnir tvo tíma á dag að jafnaði. Þá tíma notuðum við Konsæll kostgæfilega, til að athuga sjóinn. Þegar ég kom auga á einhvern fisk, sem við höfðum ekki séð áður, flýtti Konsæll sér að ákveða hvaða flokki eða tegund hann ætti að teljast með. Konsæll hafði vel vit á því og var heldur en ekki upp með sér af þeirri fræði. Hann sagði oft við Ned Land, að hann væri ekki annað en óseðjandi magi, sem skifti fiskunum í tvo flokka, eftir því hvort þeir væru ætir eða óætir.

En Ned Land þekti fiskana á annan hátt: af eigin reynslu og eftirtekt og hann fór ófögurum orðum um „safnhúsavizku“ Konsæls, sem hann svo kallaði.

Við héldum stöðugt í suðurátt, fórum yfir miðjarðarlínuna og komum loks á siglingaleiðir verzlunarskipanna.

Dag einn sat ég í aðalsalnum og var að lesa í bók. Ned Land og Konsæll sátu við gluggana og horfðu út í sjóinn. Alt í einu spratt Konsæll upp og gekk þangað sem ég var.

„Vill ekki húsbóndinn koma út að glugganum sem snöggvast“, sagði hann og virtist vera mikið niðri fyrir.

Ég brá við og leit út um gluggann. Sá ég þá eitthvert svart ferlíki liggja grafkyrt í sjónum skamt frá skipinu. Ég neytti augnanna því betur, sem nær dró.

„Skipsflak!“ kallaði ég upp yfir mig.

„Já“, sagði Ned Land, „það er sokkið og möstrin eru brotin“. Það var sem hann sagði. Slitrin úr reiðanum héngu á köðlum út af borðunum. Skipið hallaðist á bakborða og var fult af sjó. Það hlaut að vera nýsokkið, því mastrastúfarnir, sem stóðu upp úr þilfarinu, voru hreinir. Í dyrum eins þilfarsklefans sáum við liggja lík ungrar konu og hafði hún kornbarn í fanginu. Lengra hafði hún ekki komist þegar slysið vildi til. Á þilfarinu láu 4 hásetar dauðir og flæktir í reiðaköðlunum. Var hræðileg sjón að sjá, hvernig þeir voru útlits. Þeir höfðu barist við að losa sig úr köðlunum fram í andarslitrin.

Við stóðum eins og steini lostnir og horfðum á þessa hroðasjón, meðan Sæfarinn rendi framhjá. Og áður en við mistum sjónar á flakinu, sáum við hákarlana steðja að úr öllum áttum, með glóandi glirnnum og gapandi kjöftum.

Þetta var í fyrsta sinn, sem mér varð óhægt innanbrjósts, síðan ég kom á Sæfarann.

Ég fór að leggja þungan hug á Núma skipstjóra og gat þó varla gert sjálfum mér grein fyrir, af hverju það stafaði. Mér hafði hingað til staðið á sama um fálæti hans og fáskipti, ég hafði hugsað mest um rannsóknir mínar og bóklestur. En nú fanst mér alt í einu, sem eitthvað væri óhreint við

þetta háttalag skipstjórans og skipverja, eitthvað undarlegt og tortryggilegt.

Það leið heldur ekki á löngu, að þessi skoðun mín fékk nýja átyllu.

Eitt sinn snemma dags kom ég upp á þilfarið. Stóð stýrimaðurinn þar og benti á vissan stað í sjónhringnum, en Númi skipstjóri starði þangað gegnum sjónauka sinn. Svo lét hann sjónaukann síga og fór að ganga um gólf á þilfarinu, án þess að skifta sér af mér. Stýrimaður var allur á hjólum, eins og honum væri mjög mikið niðri fyrir. Hann ávarpaði skipstjórann öðru hvoru á máli, sem ég skildi ekki og Númi svaraði á sama máli. Rétt á eftir tóku þeir sjónaukana aftur og beindu þeim á þenna sama stað. Ég neytti augnanna af fremsta megni, en sá ekkert athugavert. Hljóp ég því ofan í salinn og sótti þangað sjónauka. Þegar ég kom upp aftur setti ég sjónaukann fyrir augun, en í sama vetfangi var hann hrifsaður af mér.

Númi skipstjóri stóð frammi fyrir mér. Hann var rólegur á svipinn, eins og hann var vanur, en hann var meira en rólegur, andlit hans var kalt og stirðnað að sjá, eins og lífvana steingerfingur. Hann kreisti aftur munninn og beit á jaxlana, en augun voru sem í eldsglóð sæi. Ég fann þó fljótt að hann ætlaði ekki að láta reiði sína bitna á mér. Hann gat ekki haft augun af deplinum, sem hann horfði á áður og bægði mér frá að athuga.

Loks var eins og hann áttaði sig og fengi vald yfir sjálfum sér. Hann sagði nokkur orð við stýrimanninn, sem hvarf þegar ofan í skipið, og snéri sér svo að mér.

„Ég verð að byrgja yður inni“, sagði hann.

„Þér hafið auðvitað vald til þess“, sagði ég. „En má ég spyrja yður einnar spurningar?“

„Nei“.

Númi fór aftur að horfa út yfir hafið. Ég fann að vélin komst á hreifingu og skrufan tók að knýja skipið áfram með vaxandi hraða.

Ég fór niður til þeirra Ned Lands og Konsæls. Þar voru fyrir fjórir af hásetum skipsins og fóru þeir með okkur inn í sama herbergið, sem við vorum í fyrsta morguninn, sem við vorum á skipinu. Þeir spurðu mig spjörunum úr, en ég hafði ekki annað að segja en það, sem fyrir mig bar uppi á þilfarinu. Ned Land var í versta skapi.

Að vörmu spori kom þjónn inn og bar mat á borð fyrir okkur. Sefaðist þá vonzkan í Ned Land, um stund. Konsæll hvatti mig til að borða mig vel saddan, „því það er ekki víst að við fáum mat aftur í bráðina“, sagði hann, „það er eins víst að þeir gleymi okkur alveg“.

Ned Land tók þriflega til matar síns, eins og hans var vandi, og ég lét ekki mitt eftir liggja.

Að lokinni máltíð lagðist Ned Land endilangur á gólfíð og steinsofnaði. Rétt á eftir lagðist Konsæll fyrir líka og sofnaði. Þótti mér það slæmt, því mér fanst full þörf á að vaka og hafa gát á öllu.

En nú brá undarlega við. Ég varð altekinn af máttleysi og þreytu og varð að leggjast á gólfábreiðuna líka. Hugsunin sljógvaðist smátt og smátt, og einhver undarleg þyngsli sigu yfir höfuðið á mér, svo ég gat naumast haldið augunum opnum. Ég man það síðast, að ég heyrði að hlerunum var lokað og skipið hætti að velta; en það var merki þess, að það var komið í kaf. Svo misti ég meðvitundina alveg og féll í fastan, draumlausan svefn.

Morguninn eftir vaknaði ég og var þá inni í klefanum mínum. Mér var það nú fullljóst, að Númi skipstjóri hafði blandað svefnlyfi í morgunmatinn okkar daginn áður. Ég reis á fætur og fór inn í salinn, því hann stóð opin. Þjóst ég við að hitta skipstjórann þar, og fá hjá honum skýringu á máli þessu.

Rétt á eftir kom hann út úr klefa sínum og gekk inn í salinn. Hann var þögull eins og vant var og fór að ganga um gólf, án þess að veita mér nokkra athygli.

En alt í einu staðnæmdist hann frammi fyrir mér.

„Eruð þér lækni?“ spurði hann.

„Já“, sagði ég, „ég stundaði lækningar í mörg ár, áður en ég fékk embætti við jurtasafnið í París“.

„Einn af hásetum mínum er veikur. Viljið þér skoða hann?“

„Já“.

„Komið þá með mér“.

Mér flaug þegar í hug, að veiki þessi mundi standa í sambandi við það, sem gerst hafði daginn áður, og var meira í mun að fá vissu fyrir því.

Númi fór með mig aftur í skipið og lauk upp einum hásetaklefanum. Komum við þar inn í rúmgott herbergi, og var það uppljómað af rafljósi. Maður lá í fleti út við þilið gengt dyrunum. Sá ég þegar, að hann var sár en ekki sjúkur. Ég laut niður að honum og losaði um blóðugan léreftsrénning, sem bundinn var um höfuð honum. Hann kveinkaði sér ekki hið minsta, en starði á mig með stirðu og sljóu augnaráði.

Sárið var hroðalegt. Hauskúpan var brotin og heilinn skaddaður mikið. Bólga var farin að myndast í sárunu og hafði þegar gert manninn alveg tilfinningarlausan.

„Hvernig hefir maðurinn hlotið þetta sár?“ spurði ég.

„Skipið rakst á“, sagði Númi. „Við það brotnaði járnteinn í vélrýminu og féll í höfuð honum“.

Ég horfði steinþegjandi á særða manninn. Hann var ungur að aldri, friður sýnum og svipmikill og bar sömu þjóðerniseinkenni og aðrir þar á skipinu.

„Hann skilur ekki frönsku“, sagði Númi, „svo yður er óhætt að tala“.

„Hann verður dauður að tveim stundum liðnum“, sagði ég.

Númi skipstjóri brá hendinni fyrir augun og mér virtist ég sjá tár hrynja.

„Verður honum með engu móti hjálpað?“ spurði hann.

„Nei“.

„Jæja, þá þarf ég ekki yðar aðstoðar með“.

Ég fór út úr herberginu, en Númi var eftir hjá manninum dauðvona, niðurlútur og harmþrunginn.

Ég hvarf inn í herbergið mitt aftur, þungt hugsandi. Ég gat ekki um annað hugsað allan daginn en banasængina aftur í skipinu og þennan óskiljanlega árekstur, sem skipið hafði orðið fyrir, meðan við lágum í dvala, undir áhrifum svefnlyfsins.

---

## IV.

Við fórum fyrir norðan Ástralíu og vorum komnir inn í Indlandshaf í janúarmánuði 1868. Ég veitti því eftirtekt, að Númi hagaði ferðinni öðruvísi þegar þangað kom. Í Kyrrahafinu fór Sæfarinn með fullum hraða eftir ákveðinni stefnu. En þegar dró nær ströndum Vestur-Indlands, hægði hann skriðinn og stýrði þá sitt á hvað, ýmist í norður eða suður. Liðu svo nokkrir dagar að við hringisóluðum um sama svæði, en fórum svo að þokast suður á við.

Það bar við einn dag, að ég sat í aðalsalnum, út við gluggann, og var að horfa á urmul af fiskum, sem safnast hafði utan um skipið. Þá kom Númi skipstjóri inn og gekk rakleitt til mín, út að glugganum.

„Við erum bráðum komnir til Ceylon“, sagði hann formálalaust. „Perlutekjan er að vísu lítil á þessum tíma árs. Þó getur verið, að nokkrir menn fáist við það núna. Langar yður ekki til að sjá þá kafa, prófessor?“

Ég var fljótur að játa því, en mig furðaði á því, að Númi skyldi alt í einu fá löngun til að nálgast þurlendið og mennina.

„Það er langt til Ceylon enn“, sagði ég, „og fari Sæfarinn ekki hraðara, en undanfarna daga, þá . . .“

Númi tók fram í fyrir mér:

„Við verðum komnir þangað á morgun“, sagði hann.

Hann horfði stöðugt út í sjóinn, og mér varð líka litið þangað, en hnykti við heldur en ekki.

Ég kom auga á mann í sjónum, ekki liðið lík, sem barst með straumnum, heldur bráðlifandi mann, sem klauf sjóinn með sterklegum sundtökum, fór upp að yfirborðinu til að anda og kafaði svo aftur niður í djúpið.

„Þarna er maður sem liggur við drukkun“, sagði ég. „Við verðum að bjarga honum!“

Númi svaraði ekki, en laut fast að gluggarúðunni.

Maðurinn í sjónum kom rakleitt að glugganum, lagði andlitið að rúðunni að utanverðu og skifti nokkrum merkjum og bendingum við Núma skipstjóra. Svo synti hann upp að yfirborðinu aftur og sá ég hann ekki framar.

Þó mér þætti þessi óvænti atburður furðu gegna, hafði þó einn hlutur vakið athygli mína. Þegar menn þessir nálgudust hvor annan, sinn hvoru megin við gluggarúðuna, sá ég óðara, að þeir voru af sama kyni báðir. Flaug mér þá í hug, að þessi undarlegi skipstjóri mundi vera Indverji, enda þótt hann talaði eins og mentaður Vesturlandamaður. Sundmaðurinn leit út fyrir að vera almúgamaður, en eftir látbragði Núma og andlitsfalli að dæma, mátti ætla að hann væri frjálsborinn aðalsmaður af góðu bergi brotinn.

Númi skipstjóri fór yfir í hinn enda salsins og opnaði kistu, sem stóð þar. Hann tók upp úr henni böglu marga, athugaði þá vandlega og raðaði þeim svo niður aftur. Í böggjum þessum var tómt gull. Gizkaði ég á, að í kistunni væru fimm miljónir króna í gulli.

Þegar Númi var búinn að láta alt ofan í aftur, læsti hann kistunni vandlega, og hringdi bjöllu að því búnu. Þá komu inn 4 menn og báru kistuna út. Heyrði ég á fótatakinu að þeir báru hana að

stiganum. Rétt á eftir fór Sæfarinn upp á yfirborðið; hlerarnir voru opnaðir og kistunni bisað upp á þilfarið.

Árta morguns daginn eftir kom Númi inn og settist að morgunverði með okkur. Hann var óvanalega málhreifur, en mintist þó ekki einu orði á það, sem gerst hafði daginn áður.

„Við skulum nú borða okkur sadða“, sagði hann, „það getur orðið langt þangað til við fáum mat aftur“.

Matur var nógur á borðum, eins og vant var, og réttir margir. Sá ég að sumir þeirra voru búnir til úr fiski, en hvaða efni var í sumum var mér ómögulegt að renna grun í, og hafði ég þó borðað þá mörgum sinnum. Þeir voru einkennilegir á bragðið, en mér var þó farið að fallast á þá upp á síðkastið.

„Þér vitið ekki hvað það er, sem þér borðið“, sagði Númi skipstjóri. „En ég get fullvissað yður um, að það er holl fæða og nærandi. Það er langt síðan ég og mínir menn höfum borðað annan mat“.

„Eru þessir réttir fengnir allir úr sjónum?“ spurði ég.

„Já“, sagði skipstjórinn. „Ég þarf ekki annað en festa net utan á skipið, svo er það orðið fult af fiski eftir litla stund. En stundum fer ég á dýraveiðar í neðansjávarskógunum; þar eru veiðiföng bæði mikil og góð“.

„Ég get vel skilið, hvernig þér veiðið í net, en hitt er mér torskildara, hvernig þér farið að því, að veiða dýr í skógunum neðansjár“, sagði ég, „og undarlegt þykir mér það, að aldrei skuli vera kjötmeti á borðum yðar“.

„Kjöt af landdýrum sést hér aldrei“.

„En hvers konar steik er þetta?“ spurði ég og benti á einn diskinn.

„Þetta er kjöt að vísu“, sagði skipstjórinn, „en það er af sæskjaldböku. Þetta, sem þér haldið líklega að sé svínakjöt, er höfrungalifur. Matsveinninn minn er vel að sér í tilbúningi matar. Rjóminn er þeyttur úr hvalamjólk, og sykurinn er búinn til úr eins konar þangtegund“.

Ég varð að samsinna því, að matsveinninn væri stöðu sinni vaxinn, því maturinn var ljúffengur.

Númi tók til máls aftur: „Ekki nóg með það, að ég hafi öll matarföng úr hafinu. Klæðnaður minn er líka sniðinn af efnum þess. Þráðurinn, sem klæðið er ofið úr, er rakinn úr einskonar sætágum. Sængurdýrnarnar eru troðnar út með afar-smágerðu þangi.“

Í stuttu máli sagt, get ég fengið úr sjónum allar lífsnauðsynjar mínar“.

Að lokinni máltíð fórum við inn í bókaklefan og reyktum vindil, sem auðvitað var vafinn úr blöðum af nikótínkendri sæurt. Númi sagði mér að ætlun sín væri að skoða grynningarnar við Mandor, en þar er mest perlutekja í heimi.

„Eruð þér tilbúinn?“ spurði skipstjórinn, lagði frá sér vindilinn og stóð upp. „Félagar yðar verða ef til vill með í förinni?“

„Það held ég sjálfsagt“, sagði ég og stóð upp. „En nú liggur Sæfarinn við botn og hér er 30 feta dýpi“.

„Það er svo til ætlast“, svaraði skipstjórinn.

„En getum við komist í bátinn fjórir?“ spurði ég.

„Nei, við förum fótgangandi“.

„Fótgangandi!“ át ég eftir, „—á mararbotni?“

„Já, einmitt það“.

Hann kallaði á Ned Land og Konsæl og fór með okkur miðskipa.

Mér datt í hug, að annaðhvort væri skipstjórinn brjáláður, eða hann væri að gera skop að okkur. En svo fór hann með okkur inn í klefa einn og þá fór ég að renna grun í hvað í ráði væri. Á þilunum héngu kafarafatnaðir margir og nokkrir menn voru þar til taks að hjálpa okkur til að fara í kafarafötin. Föt þessi voru úr togleðri og öll ein samfella, skálmar, bolur, ermar og vetlingar. Undir iljunum voru þung og þykk blýstykki. Sterkar látúnsgrarðir héldu fötunum frá brjóstinu, svo ekki skyldi þrengja að öndunarfærunum.

En hvaðan átti svo andrúmsloftið að koma? Númi skipstjóri hafði séð ráð við þeim vanda. Þegar við vorum búnir að setja upp sterkan eirhjál, sem festur var með látúnskraga við upphlutinn, var pípa, sem lá úr honum, sett í samband við hylki eitt, sem við höfðum á bakinu. Í hylki þessu var samþjappað loft. Fann ég að hreint loft streymdi inn í hjálminn þegar búíð var að setja þetta saman. Um mittið girtum við belti og var í því hnífur, rafmagnsgeymir og rafmagnslampi, sem kveikja mátti á og slökkva eftir vild.

Svo vorum við fullbúnir til ferðarinnar. Búningur þessi var svo þungur, að ég gat ekki hreyft mig úr sporunum. En Númi hafði líka gert ráð fyrir því. Tveir menn tóku hvern okkar og bisuðu okkur inn í hliðarklefa. Að því búnu lokuðu þeir hurðinni vandlega.

Í klefa þessum var niðamyrkur. Ég heyrði sterkan hvin og fann kulda leggja upp eftir líkamanum.



Klefinn var orðinn fullur af sjó, sem hleypt hafði verið inn í hann. Dyr voru opnaðar á skipshliðinni og lagði inn um þær daufa dagsskímu. Gengum við út á mararbotninn gegnum þessar dyr.

Þegar þangað kom fann ég ekki til þyngslanna á kafarabúningnum. Mér var létt um allar hreyfingar og gat ég séð til allra hliða gegnum glerrúður í hjálminum.

Birtu lagði niður í djúpið, skærari en ég hafði búist við. Ég gat vel greint hluti í 100 faðma fjarlægð. Þegar lengra dró hurfu myndirnar í bláa móðu, sem döknaði smátt og smátt og hvarf að síðustu í svarta-myrkri.

Sjórinn umhverfis okkur var líkur andrúmsloftinu, eins gagnsær og það, en miklu þéttari í sér. Hátt yfir höfði mér sá ég móta fyrir yfirborði sjávarins.

Við gengum eftir smágerfum, ljósum sandi. Að baki okkur sáum við Sæfarann liggja eins og svartan, ílangan klett á botninum, en eftir nokkra stund hvarf hann okkur sýnum.

Annað veifið gengum við fram á fiska, sem þutu upp af hræðslu, eins og hrossagaukar í mýri. Steinar lágu á sandsléttunni til og frá, þaktir lindýrum og sægróðri. Upp á háum klettum stóðu skankalangir krabbar og stórðu á okkur.

Alt í einu fór að halla undan fæti og gengum við niður brekkuna. Dagsbirtan varð æ daufari og daufari og að síðustu sáum við ekki annað en daufa rauðleita rökkurglætu.

Fram undan okkur var að sjá eins og svartan vegg. Það var neðansjávarskógur.

Eikurnar voru eins konar trjákendir þönglar, stofnarnir þráðbeinir og greinarnar líka. Var mjög torvelt að komast áfram í skógi þessum. Trén stóðu svo þétt, að við urðum að sveigja þau til hliðar til að komast áfram; en trén sóktu í sama horfið aftur svo leiðin luktist að baki okkar.

Það var nú orðið svo dimt, að við urðum að bregða upp ljósi. Varð þá hjart umhverfis okkur sem um hádag væri. Virtist mér gróðurinn svo fjölbreyttur eins og væri ég staddur í suðrænum frumskógi. En undarlega kom hann mér fyrir augu, þessi fáséði myrkviður, þá er ég hafði virt hann fyrir mér stundarkorn. Var örðugt að gera greinarmun á dýrum og jurtum, svo mjög líktist hvað öðru. Ruglaði ég saman sæplöntum og lindýrum, skelfiskum og þarastönglum.

Það var afar örðugt að komast áfram í skógi þessum. Þegar við vorum komnir spottakorn inn í hann gerði Númi okkur vísbendingu um að nema staðar. Við lögðumst niður á þarabing til að hvíla okkur. Varð ég feginn hvíldinni, því ég var orðinn þreyttur. Það fór fyrir mér eins og öðrum köfunarmönnum, að mig sótti svefn. Eftir nokkra stund lét ég aftur augun og steinsofnaði.

Ekki veit ég, hve lengi ég hefi sofið, en þegar ég lauk upp augunum, spratt ég á fætur í ofboði.

Nokkur skref frá mér sé ég standa sækönguló meira en álnar háa, og var svo að sjá sem hún ætlaði þegar að ráða á mig. Ég varð skelkaður í svipinn, enda þótt ég vissi, að kafarafötin mundu verja mig biti hennar. Í sömu svifum vöknudu félagar mínir. Réðist Númi skipstjóri á ófeti þetta og barði það niður með byssuskeftinu.

Eftir viðureignina við dýr þetta, sem var jafn andstyggilegt sem það var meinlaust, datt mér í hug að hæglega gæti ég rekist á dýr, sem kafarafötin væru ekki einhlít fyrir. Mér hafði ekki hugkvæmst það áður. En upp frá þessu ásetti ég mér að vera um mig.

Við lögðum af stað aftur, og vorum klukkustund að komast gegnum skóginn. Númi stýrði förinni og fór jafnan fremstur. Þegar komið var út úr skóginum fór að hækka undir fæti, og birta í sjónum.

Loks nam hann staðar. Sjórinn var hreinn og tær umhverfis okkur og uppljómaður af sólskini. Fram undan okkur sáum við grynningar þaktar perluskeljum.

Númi benti með hendinni yfir grynningarnar. Skeljarnar hengu á mjóum taugum við klappir og steina. Það voru fádæma auðæfi, sem lágu þarna á mararbotni.

Við reikuðum til og frá og skoðuðum skeljarnar. Ned Land flýtti sér að tína saman stærstu og fallegustu perlurnar.

Að liðnum tíu mínútum nam skipstjórinn staðar alt í einu og benti okkur að fylgja sér í var, undir stórum kletti. Skamt frá okkur sáum við svertingja kafa niður. Var hann að freista hamingjunnar að ná í eitthvað, áður en perlutekjan byrjaði alment. Yfir höfðum okkar sá ég í botninn á bátnum hans, sem ruggaði hægt á yfirborðinu. Við annan fótinn á sér hafði hann bundið þungan stein til að verða fljótari að komast til botns. Þegar hann náði botni, losaði hann steininn við sig, lagðist á hnén og fór að tína skeljar í poka. Að því var hann svo sem hálfá mínútu. Svo fór hann upp að yfirborðinu aftur, dró steininn upp í bátinn á taug, sem fest var við hann, sótti í sig veðrið og stakk sér til botns aftur. Gekk svo koll af kolli. En hvort hann hefir fundið nokkra perlu í öllum þessum skeljum er ómögulegt að segja, þó hann legði lífið í hættu fyrir þá von.

Við fengum fljótt sönnun fyrir því, hvað vinna þessi er hættuleg. Eitt sinn þegar svertinginn stakk sér til botns og var að leggjast á hnén tók hann viðbragð og snéri aftur upp til bátsins. Þá sá ég eitthvað dökkleitt í sjónum fyrir ofan hann. Það var hákarl, og synti beint að svertingjanum, með gapandi gini. Svertinginn vatt sér snögglega til hliðar, en þá sló hákarlinn sporðinum á hann, svo hann féll til botns. Hákarlinn snéri að honum aftur og sýndist þá öll von úti um svertingjann. Í sömu svipan óð Númi skipstjóri fram móti hákarlinum og mundaði hnífinn. Hákarlinn sá hann og snéri þegar að honum. Númi lét sér ekki bregða, en þegar hákarlinn hugðist að gleypa hann, varpaði hann sér til hliðar og lagði hnífnum á kaf í kvið hákarlinum. Sjórinn litaðist blóði og sá ég

ekki hverju fram fór í nokkrar sekúndur. Þegar þeir komu í ljós aftur, sá ég að Númi hélt sér föstum á bæxli hákarlsins og lét hnífinn ganga í skrokkinn á honum, en náði þó ekki að leggja hann í hjartað. Hákarlinn braust um ákaflega. Mynduðust iðuköst í sjónum út frá honum alla vega, svo mikil, að mér lá við falli. Númi misti loks taksins og féll til botns. Þótti mér þá sem úti væri um hann. Ég ætlaði að skunda til og hjálpa honum, en þessi voðasjón fékk svo mikið á mig, að ég stóð sem steini lostinn og komst ekki úr sporunum. Í sömu svipan sá ég hvar Ned Land óð fram og hafði á lofti skutulinn. Þegar hann náði til hákarlsins, rak hann skutulinn á kaf í skrokkinn á honum. Sjórinn varð að nýju svo litaður blóði, að ég sá ekki hverju fram fór um hríð. Ég skreiddist nú á vettvang og var Númi þá staðinn upp. Hann gekk að Ned Land og tók í hönd honum fast og innilega.

Svertinginn var horfinn. Hann hafði komist aftur upp í bátinn sinn, án þess við tækjum eftir því. Hátt uppi í sjónum sáum við svart ferlíki. Það var hákarlshræið sem flaut þar og barst burt með straumnum.

Það var liðið langt á dag og farið að skyggja. Við urðum því að hafa hraðann á, að komast til skipsins aftur. Númi valdi nú aðra leið, styttri og greiðfærari. Við gengum í tvær stundir eftir sandsléttum. Vóru þær víðast auðar, en sumstaðar var sægróður mikill, þang og þaraflækjur, taugar og tágur, sem flæktust um fætur okkar og seinkuðu ferðinni. Það var nærri aldimt orðið þegar við sáum loks ljósin á Sæfaranum. Varð ég alls hugar feginn þegar við náðum loks skipinu, og tókum á okkur náðir eftir ferðalag þetta.

## V.

Sæfarinn hélt áfram förinni. Hann rann um veglausan sægeiminn eins og kólfi væri skotið, dag eftir dag. Ég sat lengstum í salnum við lestur og rannsóknir. Nóg var úr að velja í bókasafni skipsins. En mest var þó vert um hina miklu bók náttúrunnar, sem Númi skipstjóri fletti upp fyrir mér á hverjum degi, á þann hátt að renna hlerunum frá gluggunum. Sjórinn sjálfur og sædyraríkið var óþrotlegt rannsóknarefni fyrir mig. Ég fann það brátt, að rit mitt „Um leyndardóma undirdjúpanna“ þurfti mikilla umbóta við, því margt reyndist mér þar rangt eða ónákvæmt. Svo hafði ég mörgu við að bæta, svo næsta útgáfa hlaut að verða miklum mun stærri.

Leiðin sem við fórum var mörkuð á kortið daglega, eins og Númi hafði sagt. Ég fylgdi stefnunni með athygli, vegna rannsókna minna, því á þeim hafði ég allan hugann og gætti naumast dagatals eða tímalengdar.

Númi stýrði gegnum Persaflóann og þaðan inn í Rauðahafið. Hann hélt stöðugt í norðurátt og þótti mér það furðu gegna, þegar svona var langt komið.

Lesseps var að grafa Suezskurðinn mikla um þetta leyti, en hann var ekki kominn nærri alla leið gegnum eiðið. Hvað ætlaði skipstjórinn fyrir sér? Ég var stöðugt að hugsa um það, því mér var farið að þykja nóg um.

Dag einn kom Númi inn í salinn og spurði ég hann þá þegar, hvert hann ætlaði að fara.

„Hvers vegna spyrjið þér svona! Ég ætla auðvitað yfir í Miðjarðarhafið“, svaraði hann snúðugt. „Ég býzt við að komast þangað á morgun“.

„Á morgun?“

„Já, prófessor góður. Eruð þér hissa á því?“

„Það er nú komið upp úr á mér að vísu, að falla í stafi, þó eitthvað furðulegt beri við á skipi þessu. En—þá megið þér herða skriðinn freklega, ef þér ætlið að sigla suður fyrir Afríku og verða kominn inn í Miðjarðarhaf á morgun“.

„Suður fyrir Afríku, segið þér hr. prófessor!—Hvaða erindi eigum við þangað?“

„Ég hélt að Sæfarinn væri ekki vel fallinn til að ferðast landveg. Og komist hann ekki yfir eiðið . . .?“

„Þá fer hann undir það“.

„Er það fært?“

„Já, ég hefi fundið göng mikil neðansjávar, sem liggja gegnum eiðið, djúpt í jörðu. Þau kalla ég Arabísku göngin“.

„Hvernig stóð á því að þér funduð þau?“

„Það skal ég segja yður“, svaraði skipstjórinn. „Ég hafði veitt því eftirtekt að í Miðjarðarhafinu og Rauðahafinu voru nokkrar fiskitegundir af sama tagi. Kom mér þá til hugar að samband mundi vera milli hafanna. Nú er sjávarhæðin meiri í Rauðahafinu og hlaut því að falla straumur úr því yfir í Miðjarðarhafið. Ég gerði tilraun til að ganga úr skugga um þetta á þann hátt, að ég veiddi

nokkra fiska nálægt Suezeyðinu, festi eirhringi við sporðinn á þeim og lét þá svo lausa. Þegar ég kom upp undir Sýrlandsstrendur nokkrum mánuðum seinna, var ég svo heppinn að rekast á nokkra af þessum fiskum. Ég átti nú ekki annað eftir en finna opið á göngunum á botni Rauðahafsins, og það hepnaðist mér um síðir. Ég hætti mér inn í göngin og komst í gegnum þau slysalaust. Síðan hefi ég farið um þau mörgum sinnum“.

Mér þótti þessi frásaga næsta merkileg og flýtti mér að segja félögum mínum af þessu. Konsæll komst á loft af ánægju, en Ned Land ypti öxlum.

„Neðansjávangöng“, át hann eftir; „slíkt og þvílíkt hefi ég aldrei heyrt talað um!“

„Hafið þér heyrt talað um Sæfarann?“ spurði Konsæll. „Til er hann þó, og hitt er engu ótrúlegra, að þessi göng séu til“.

„Já, við verðum víst að vona að svo sé“, sagði Ned, „því fljótar komumst við inn í Miðjarðarhafið“.

Um hádegisbil daginn eftir fór Sæfarinn upp að yfirborðinu. Við félagarnir fórum þegar upp á þilfar. Land var að sjá langt til austurs, en ógreinilega þó, því þokuslæðingur lá yfir.

Við vorum að spjalla saman nokkra stund. En alt í einu þagnaði Ned Land og benti út yfir hafið.

„Lítið þið á“, sagði hann.

„Ég sé ekkert“, svaraði ég. „Ég hefi ekki augun yðar“.

„Sjáið þér ekkert á hreifingu framundan á stjórnborða?“

Ég neytti sjónarinnar af fremsta megni og kom loks auga á stóra skepnu, með langan og dökkleitan skrokk.

„Koma fyrir hvalir í Rauðahafinu?“ spurði Konsæll.

„Það ber við að þeir flækjast þangað“, svaraði ég.

Ned Land hafði ekki augun af dýrinu. „Þetta er ekki hvalur“, sagði hann. „Ég þekki hvalina og þeir þekkja mig“.

Sæfarinn nálgadist skepnuna óðfluga.

„Hvaða herjans dýr er þetta!“ hrópaði Ned Land. „Það hefir ekki klofinn sporð, eins og hvalur, og önnur sundfæri þess líkjast klunnalegum útlimum á landdýri“.

„Það er sækýr, ef húsbóndanum þóknast“, sagði Konsæll.

„Nei, það er ekki sækýr“, sagði ég. „Það er eins konar hvalur af höfrungakyni, sem er orðinn mjög fágætur. Hann er kallaður dýkingur.“

Ned Land hafði ekki augun af hvalnum. Honum stóð alveg á sama um nafnið. En svona hval hafði hann ekki séð áður, og brann nú í skinninu af vígahug.

„Svona hval hefi ég aldrei drepið“, sagði hann.

Í þessum svifum kom Númi skipstjóri upp á þiljur og heyrði hvað Ned Land sagði.

„Munduð þér vera fánlegur til að taka upp fyrri starfa yðar, rétt í þetta sinn?“ spurði Númi.

Ned Land þreif ósjálfrátt báðum höndum til skutulsins.

„En ég vil ráða yður til að missa ekki marks. Það getur riðið yður sjálfum á miklu“, bætti Númi við.

Ned Land setti upp kæruleysis- og fyrirlitningarsvip, en svaraði engu.

„Eru þeir illir viðureignar, dýkingarnir?“ spurði ég.

„Já, í meira lagi“, svaraði Númi. „Það eru dæmi þess að þeir hafa ráðist á hvalveiðamenn og hvolft bátunum undir þeim. Ég er ekki hræddur um Ned Land, þó ég segði svona. Ég sagði það af því ég veit, að honum þykir gott kjöt, en kjötið af dýkingnum er mesta sælgæti“.

Númi kallaði niður í skipið og komu þá 7 menn upp að vörmu spori. Þeir losuðu bátinn og settu hann á flot. Sex menn settust undir árar en einn fór að stýrinu. Við félagarnir þrír komum okkur fyrir í skutnum. Númi varð eftir í Sæfaranum.

Skipverjar ýttu frá og lögðust á árar. Sóttist róðurinn fljótt og vorum við komnir í námunda við hvalinn innan lítillar stundar. Þegar fáir faðmar voru eftir, hægðum við ferðina. Ned Land fór fram í stafninn og stóð þar með reiddan skutulinn. Skutultaugin var ekki föst í bátnum, eins og vanalegast er, heldur var endinn á henni festur við dufl, sem flaut á yfirborðinu, en línan var í sjó. Mátti sjá af því hvað skutlinum leið.

Þessi dýkingur var óvanalega stórvaxinn, ýkjulaust 10 álnir á lengd. Hann lá í sjóskorpunni og hreyfði sig ekki, heldur en hann væri sofandi. Mátti því komast mjög nærri honum.

Báturinn nálgadist smátt og smátt, þangað til ekki voru eftir nema 3 faðmar; þá voru árar lagðar upp.

Ned Land stóð í stafni með reiddan skutulinn. Alt í einu heyrðist hvinur mikill og hvarf

dýkingurinn í sömu svipan. Skutullinn hafði auðsjáanlega geigað frá beinni stefnu.

„Fari hann í sjóðbullandi!“ öskraði Ned Land í bræði sinni. „Hann slapp undan skutlinum“.

„Ekki alveg“, sagði ég. „Hann hefir fengið skeinu talsverða, því sjórinn er blóðlitaður“.

„Skutulinn!“ hrópaði Ned Land.

Hásetarnir þrifu árarar og reru þangað sem duflið flaut. Þegar skutullinn var kominn upp í bátinn var farið að elta dýkinginn.

Hann var ekki særður til muna, því hann synti hratt. Hásetarnir lögðust á árarar af öllum mætti. Við komumst í skotmál hvað eftir annað, og Ned Land var að því kominn að kasta skutlinum, en þá fór dýkingurinn jafnan í kaf, svo að við mistum hans. Þessi eltingaleikur stóð yfir í fulla klukkustund. Ég var farinn að halda að við yrðum að hætta við svo búíð, en þá varð sú breyting á, að dýkingurinn snéri við alt í einu og kom rakleitt á móti okkur.

Ned Land var viðbúinn að taka á móti honum.

„Varið ykkur piltar!“ sagði hann.

Stýrimaðurinn sagði nokkur orð á sínu máli, sem að líkindum þýddu eitthvað svipað því sem Ned Land hafði sagt.

Það fór eins og við höfðum búist við, að dýkingurinn réði þegar á bátinn og velti honum á annað borðið svo sjór féll inn. Var það snarræði stýrimannsins að þakka, að bátnum hvolfdi ekki. Hvalurinn beit því næst í borðstokkinn og vó bátinn á loft með kjaftinum, hvað eftir annað. Ned Land hélt sér með annari hendi, en í hinni hafði hann skutulinn og lét hann ganga jafnt og þétt í skrokkinn á hvalnum. Við kútveltumst hver um annan þveran í bátnum og hefðum eflaust bráðlega hlotið meiðsl eða bana, ef Ned Land hefði ekki tekist að leggja dýkinginn í hjartað. Hann linaðist í átökunum, tennurnar urguðu við járníð; svo misti hann taksins og sök.

Duflinu skaut upp að vörmu spori og hvalnum rétt á eftir. Hann var þá dauður. Við festum taug við sporðinn á honum, og hinum endanum við bátinn. Svo rerum við í áttina til Sæfarans með hvalinn í eftirdragi.

Seinna um daginn átum við kjöt af honum að miðdagsverði. Var það bragðgott og engu líkara en nautakjöti.

Daginn eftir héldum við áfram norður á bóginn, í hægðum okkar. Um náttmálaskeið var Sæfarinn við yfirborðið og fór ég þá upp á þilfar. Mig var farið að langa til að sjá sægöngin sem skipstjórinn hafði sagt mér af, og fór nú að athuga hvar við værum staddir. Þoka var yfir og myrkt af nóttu. Ég sá grylla í rauðleitt ljós í nokkurri fjarlægð.

„Fljótandi viti“, var sagt við hliðina á mér.

Það var Númi skipstjóri sem talaði.

„Þetta er vitinn í Suez“, sagði hann. „Við erum þá og þegar komnir að göngunum“.

„Er ekki vandfarið gegnum göngin?“ spurði ég.

„Ójú, ég er vanur að vera í stýrisklefanum sjálfur og segja fyrir um stefnuna. En nú verðum við að fara niður“.

Þegar við vorum komnir niður, var öllum hlerum lokað og búíð um vandlega. Sjór var tekinn inn í einn klefann og sök þá Sæfarinn niður í 6 faðma dýpi.

Ég ætlaði að hverfa til herbergis míns, en Númi skipstjóri kallaði á mig.

„Langar yður ekki til að koma með mér inn í stýrisklefanum, prófessor góður?“ spurði hann.

„Jú, ég tek mér til þakka“.

Stýrisklefinn var 3 álnir á hvern veg og lítið eitt hærrí. Stýrishjólið var í honum miðjum. Glerrúður kúptar og sterkar voru á hverri hlið og mátti sjá út um þær í allar áttir frá skipinu.

Ekkert ljós var þar inni. En skímu lagði inn um gluggana frá ljóskerunum utan á skipinu. Maður stóð við stýrishjólið og hélt báðum höndum um húnana. Hann var mikill vexti og þreklegur.

Rafmagnspræðir láu úr klefanum niður í vélrýmið og var sá umbúnaður við endana, að Númi gat ráðið stefnu skipsins og hraða með mestu nákvæmni. Hann hægði þegar ferðina að miklum mun.

Ég stóð við gluggana á bakborða, og virti fyrir mér háa hamra, sem við fórum með fram. Númi hafði ekki augun af áttavitanum. Hann sýndi stýrimanni með bendingum hvernig hann ætti að stýra.

Þegar klukkan var 15 mínútur gengin í 11 tók skipstjórinn sjálfur stýrið. Sáum við þá eins og hellismunna heljarstóran fram undan okkur. Inn í hann stefndi Sæfarinn. Úti fyrir heyrðist óvanalegur hávaði og straumur. Það var sjórinn úr Rauðahafinu, sem hallans vegna braust með heljar afli gegnum göngin, út í Miðjarðarhafið. Sæfarinn barst með straumnum eins og kólfi væri skotið og hafði þó vélin aftur á af öllum mætti.

Ég var með öndina í hálsinum af undrun og aðdáun. Göngin voru svo þröng, að skipið straukst nærri með hliðveggjunum. Var sem eldrákir með öllum litum regnbogans flýgju fyrir gluggana,

vegna birtunnar sem lagði á bergið frá skipinu.

Klukkan 5 mínútur yfir hálf 11 slepti Númi stýrishjólinu og snéri sér að mér.

„Miðjarðarhafið!“ sagði hann.

Ferðin undir eyðið hafði ekki staðið yfir nema 20 mínútur.

Morguninn eftir hitti ég Ned Land og Konsæl á þilfarinu. Þeir höfðu sofíð báðir á leiðinni gegnum sægöngin og ekki haft hugmynd um hvað fram fór.

„Þá erum við nú komnir í Miðjarðarhafið“, sagði ég.

„Ekki held ég það sé nú orðið enn“, sagði Ned Land.

„Svo er það ei að síður“, sagði ég. „Ströndin sem við sjáum móta fyrir í suðri er Egiptaland“.

„Já, annað hvort það, eða eitthvað annað“, svaraði Ned.

„Úr því húsbóndinn segir að svo sé, þá verðið þér að trúá húsbóndanum“, sagði Konsæll.

„Þér, Ned Land, sem hafið svo hvassa sjón, hljótið að sjá hafnarvirkin í Port Said“, sagði ég.

Ned Land horfði þangað stundarkorn. „Jæja, það er fyrirtak“, sagði hann. „Við erum þá í Miðjarðarhafinu í raun og veru. Heyrið þér próffessor, við getum þá farið að ráða ráðum okkar“.

Ég vissi vel hvað Ned Land átti við, en ég lét sem ég skildi hann ekki.

„Er ekki einmitt núna tækifæri til að strjúka frá Sæfaranum?“ hélt hann áfram.

„Það er nú hægar ort en gert“, sagði ég.

Ned Land var bráðlátur eftir frelsinu, og orðinn heldur skapstygður upp á síðkastið.

„Það getur nú verið“, sagði hann. „En einhver endir verður að vera á þessu“.

Ég vissi það vel, að Ned Land átti óþolandi æfi á skipinu. Hann var vanur sjálfræði og svaðilföllum á hvalaveiðum. Það lamaði þrótt hans og heilsu, að vera einangraður svona í iðjuleysi. En ég reyndi að draga flóttann á langinn, því ég átti margt eftir óséd og órannsakað í hafinu.

„Alt hefir einhvern enda“, sagði ég. „Þegar við komum í námunda við Frakkland, England eða Norður-Ameríku, getur vel farið svo að betra færi bjóðist, þegar minst varir“.

„Þegar við komum þangað eða þangað“ sagði Ned og ygldi brúnina. „En nú erum við í Miðjarðarhafinu.—Er það ekki eins gott og allir hugsanlegir staðir aðrir?“

Ned hafði rétt að mæla, svo að ekki varð á móti borið. Ég vissi ekki hverju ég átti að svara.

„Hvað heldur Konsæll um þetta?“ spurði Ned Land.

Konsæll sagði það sannast, að hann hefði enga hugmynd gert sér um þetta. Hann átti enga vini eða ættingja, sem þráðu hann. Hann var allur þar sem ég var. Hans skilningur á málinu var, í fám orðum sagt, „eins og húsbóndanum þóknaðist“.

Ég var neyddur til að fastákvæða eitthvað.

„Ég er hræddur um, að við getum ekki bygt neitt á Núma skipstjóra“, sagði ég. „Okkur er kunnugt um leyndarmál hans og þess vegna lætur hann okkur ekki lausa. Við verðum því að nota fyrsta færi sem gefst til að strjúka frá Sæfaranum“.

„Það er einmitt það sem ég hefi í hyggju“, svaraði Ned.

„En fyrsta tilraunin verður að lánast“, sagði ég. „Lánist hún ekki, verður okkar gætt svo vandlega, að færið gefst aldrei aftur. Við verðum að fara varlega“.

„Rétt er það“, sagði Ned Land. „En gefist gott tækifæri,—ætlíð þér þá að vera tilbúinn að nota það?“

„Já“.

Ned Land hafði hugsað sér, að annaðhvort yrðum við að synda í land, ef Sæfarinn flyti nálægt landi að nóttu til, eða við tækjum bátinn og rerum til lands á honum. En þetta hvorttveggja var ógerlegt, eins og nú stóð á. Sæfarinn hélt sig langt frá löndum og var lengstum í kafi; rétt eins og skipstjórinn hefði eitthvert hugboð um ráðagerð okkar.

Einn dag sem oftast var ég sokkinn niður í rannsóknir mínar, inni í salnum. Við vorum þá komnir suður fyrir Krít. Kom þá yfir mig svo mikill hiti, að ég varð að losa um föt mín. Ég skildi ekki í því hvaðan sá hiti stafaði. Við vorum staddir á 10 faðma dýpi, en þar er hitinn litlum breytingum háður. Mér datt í hug að einhver veiki væri að leggjast á mig. En hélt þó áfram við iðju mína; en hitinn óx og varð með öllu óþolandi. Ég ætlaði að fara burt úr salnum, en í því kom Númi skipstjóri inn, og gekk að hitamælinum.

„Fjörutíu og tvö stig“, sagði hann.

„Já, hvaðan sem þessi hiti stafar, þá er hann óþolandi“, sagði ég.

„Hann verður ekki meiri en við viljum vera láta“, sagði Númi.

„Þá finst mér að þér ættuð að draga úr honum“, sagði ég.

„Það get ég ekki“, sagði skipstjórinn. „En ég get siglt burt frá honum“.

„Kemur hann utan að?“ spurði ég.

„Já, skipið flýtur í sjóðheitum sjó“.

Í sömu svipan var gluggahlerunum skotið frá. Sá ég þá að sjórinn var hvítur umhverfis Sæfarann. Alt var ein gufuólga eins og í sjóðandi hver.

Ég studdi hendinni á rúðuna, en varð að kippa henni að mér hið bráðasta, vegna hitans.

Númi sagði að við værum í nánd við eldfjall neðansjávar, sem væri að gjósa.

Ég leit út um gluggann. Sæfarinn lá kyr, því engin leið var að komast lengra, vegna hitans. Sjórinn breytti lit og roðnaði smátt og smátt. Stafaði sá litur frá síndri og ösku sem þyrlandist í sjónum eins og ryk í lofti. Brennisteinsfýlu megna lagði um skipið, en í nokkurri fjarlægð brutust fram lyfrauðar logatungur, svo bjartar, að rafljós Sæfarans varð að engu fyrir þeim.

Nú var ekki viðlit að haldast við lengur vegna hitans.

Númi skipaði að snúa við. Stundarfjórðungi síðar drógum við að okkur svalt og hreint loft á yfirborði sjávar.

---

## VI.

Við vorum komnir út í Atlantshaf.

Ned Land var inni hjá mér. Við höfðum enga tilraun getað gert til að flýja á leiðinni gegnum Miðjarðarhafið. Nú sat hann þarna brúnaygldur og beit á jaxlinn.

„Það er engin ástæða til að láta hugfallast“, sagði ég. „Nú förum við upp að Portúgalsströndum. Frakkland og England eru skamt á burtu. Ég trúi ekki öðru en færi gefist eftir nokkra daga“.

Ned Land leit á mig og opnaði munninn.

„Það verður að gerast í kvöld“, sagði hann.

Mér hnykti við. Ég hafði satt að segja ekki búist við svo skjótri breyting á högum mínum. Mér varð orðfátt í svipinn.

„Í kvöld verðum við örfáar mílur undan landi“, sagði Ned Land. „Nóttin er dimm og vindur stendur á land. Þér hafið heitið að láta ekki standa á yður, hr. prófessor“.

Ég svaraði engu.

„Klukkan níu!“ sagði hann ennfremur. „Þá er Númi inni í klefa sínum og skipverjar geta ekki heyrt til okkar. Í bátnum eru árar, mastur og segl. Ég hefi fengið mér skrúflykil, mátulegan fyrir skrúfurnar sem báturinn er festur með. Alt er til taks. Konsæll verður með mér, þegar ég fer að losa bátinn, en þér bíðið í bókaklefanum þangað til ég gef yður vísbendingu“.

Ned Land gekk út, og beið ekki eftir að ég svaraði. Og þegar á alt var litið,—hverju átti ég að svara? Það var rétt sem hann sagði, við urðum að nota tækifærið. Við gátum verið komnir langt út í haf daginn eftir.

Ég hélt til í herberginu mínu það sem eftir var dagsins. Ég var í svo mikilli geðshræringu, að ég var hræddur um að Númi veitti því eftirtekt, ef hann sæi mig. Tilfinningar mínar voru tvískiftar: Ég hlakkaði til að verða aftur frjáls maður og komast til vina og vandamanna. En mér leiddist að skilja við hið mikla furðuverk mannlegrar snildar, Sæfarann, og vera ekki hálfnaður með vísindaleg störf og rannsóknir sem ég hafði með höndum. Það var ljóti dagurinn. Ýmist hugleiddi ég alla þá ánægju, sem ég nyti þegar ég kæmi á land, eða ég óskaði með sjálfum mér að eitthvað kæmi fyrir, sem hindraði Ned Land að fremja fyrirætlun sína.

Miðdagsmatinn át ég ekki fyr en kl. var orðin sjö. Þá voru einir 2 tímar eftir! Ópreyjan ætlaði að gera út af við mig. Ég gat ekki setið kyr, en varð að fara að ganga um gólf. Mér datt í hug að alt gæti komist upp áður en við kæmumst burt frá skipinu. Og svo yrðum við dregnir fyrir Núma skipstjóra, sem yrði stórreiður, eða það sem verra var, hryggur yfir því, að ég skyldi bregðast honum. Ég fékk ákafan hjartslátt.

Ég gekk inn í salinn til að sjá enn einu sinni herbergið, sem ég hafði lifað í svo margar ánægjustundir og drukkið af bikar vísindanna, og virða fyrir mér í síðasta sinn öll þau furðuverk, sem þar voru geymd.

Klukkan sló átta.

Ég leit á skipstjórnaráhöldin. Áttavitinn sýndi að við héldum áfram norðureftir, með fram ströndinni. Hraðinn var ekki mikill og djúpstaða skipsins var 10 faðmar. Alt þetta var svo hentugt sem orðið gat fyrir fyrirætlun okkar.

Svo snéri ég aftur inn í herbergið mitt, fór í hlýjan fatnað, tók saman skjöl mín öll og annað sem ég þurfti að hafa meðferðis. Svo var ég ferðbúinn.

Þegar klukkan var að verða níu, lagði ég eyrað við hurðina á skipstjóraklefanum og hleraði, en varð einskis var. Ég yfirgaf herbergið mitt og fór inn í salinn. Þar var hálfbjart og enginn maður inni.

Ég opnaði dyrnar að bókaklefanum, þar var jafn draugalegt. Ég staðnæmdist við hurðina sem lá að miðskips-ganginum og beið þar eftir vísbendingu frá Ned Land.

Alt var kyrt og hljótt. Snúningshnykkir vélarinnar var eina hljóðið sem heyrðist. En meðan ég stóð þarna og hlustaði, urðu þeir smátt og smátt strjállir og hægari og hættu loks með öllu.

Hvað var nú á seyði? Dauðapögn var alt umhverfis. Blóðið suðaði fyrir eyrum mér eins og ég væri með hitasótt.

Ég varð var við dálítinn kipp, sem ég kannaðist við. Sæfarinn var að leggjast á mararbotninn, en engin vísbending kom frá Ned Land.

Alt í einu opnaðist hurðin að salnum og Númi skipstjóri kom inn.

„Þér eruð þá herna“, sagði hann, „ég hefi verið að leita að yður alstaðar. Eruð þér kunnugur sögu Spánverja?“

Ég var svo ruglaður, að ég mundi ekki í svipinn eitt orð úr sögu Spánar. Að eins örfá nöfn flugu mér í hug: Philip—númer eitthvað og Karl—Karl fimti. En það var víst ekki þetta, sem skipstjórinn átti við.

Ég heyrði hann endurtaka spurninguna, og gerði nú mitt ítrasta til, að koma fyrir mig orði.

„Ég er mjög illa að mér í henni“ svaraði ég.

Númi ypti öxlum og settist niður. Ég settist líka, eins og ósjálfrátt.

„Þá skal ég segja yður dálitla sögu“, sagði Númi. „Lúðvík 14. konungur yðar gerði sonarson sinn að konungi á Spáni, eins og yður er kunnugt um. Lúðvík lét alt eftir sér, sem hann gat. Spánverjum mátti líka standa nokkurn veginn á sama hvort þeim var illa stjórnað af frönskum prins eða austurrískum, enda létu þeir svo búið standa. En Holland, Austurríki, England og Þýskalend bundust samtökum til að koma honum frá völdum og setja í stað hans erkihertoga frá Austurríki.

Spánverjar höfðu hægt um sig. Það var það eina sem þeir gátu gert. Filippus gerði slíkt hið sama. Hann gerði það eina sem í valdi hans stóð, en það var að senda til Ameríku eftir peningum. Síðari hluta ársins 1702 stefndu nokkur skip, hlaðin gulli, að ströndum Spánar. Þeim fylgdi franskur herfloti undir forustu Chateau-Renards. Þeim var ætlað að lenda í Kadiz; en sú borg var þá í hervörzlum enskra skipa. Chateau-Renard fór þá vestur með landi og inn í Vióflóann við útnorðurströnd Spánar. Þar ætlaði hann að koma gullinu á land. En þá risu borgararnir í Kadiz upp öndverðir og andmæltu því. Þeir áttu einkarétt á að afferma öll skip, sem komu frá amerísku nýlendunum, og héldu nú fast á þessum rétti sínum. Filippus var gunga og þorði ekki annað en gera að vilja þeirra. Flotinn lá í Vióflóanum þangað til enskur floti, miklu stærri, kom og réði á hann 22. október.

Chateau-Renard varðist í lengstu lög. En þegar hann sá ekkert undanfæri lengur kveikti hann í skipunum og þar sukku öll auðæfin í sjávardjúp“.

Ég heyrði tæplega hvað Númi sagði, og því síður að ég fylgdist með efninu. Ég hafði allan hugann á fyrirætlun okkar félaganna, og beið eftir því sem verða vildi.

Númi horfði á mig með háðslegu augnaráði, og reyndi ég þá að láta svo sem ég veitti máli hans glögga athygli.

„Núna erum við staddir í Vióflóanum“, sagði hann. „Viljið þér líta á, próffessor?“

Númi stóð upp og gekk inn í salinn. Ég fór á eftir honum. Ekki var ljós þar inni, en gluggarnir voru opnir og sjórinn uppljómaður kring um skipið.

Rafljósið bar birtu langan veg yfir mararbotninn til allra hliða og mátti glögt greina alla hluti sem nálægir voru, eins og um hádag væri, á þurru landi. Botninn var sléttur og þakinn hvítum sandi. Skipsflök láu til og frá og kringum þau breiður af kössum, kirnum og alls konar hlutum öðrum. Innanum alt þetta láu dyngjur af gulli, slegnu og óslegnu, silfri og gimsteinum. Nokkrir menn af Sæfaranum voru að vinnu kringum skipið, klæddir kafarabúningi. Þeir söfnuðu gulli og gimsteinum í stórar byrðar og báru inn í Sæfarann. Fór svo fram um stund.

Mér fanst svo mikið um þessa sjón, að ég gætti í svipinn einskis annars, en virða fyrir mér auðæfin, sem dyngt var inn í skipið.

„Skilst yður nú að ég sé auðugur?“ spurði Númi. „Svo er víst“, svaraði ég, „en hvað getið þér gert við alt þetta fé?“

„Hvað ég geri við féð!“ át hann eftir. Svo stóð hann hugsi stundarkorn og horfði út í sjóinn. Gremjulegt bros lék um varir hans, þegar hann tók til máls aftur: „Þér haldið auðvitað að ég sé með öllu skilinn að skiptum við þurlendið og þá, sem það byggja. En þegar ég nú segi yður, að svo er ekki, þá skilst yður sjálfsgagt, að ég hafi nóg við féð að gera“.

Númi settist niður við gluggann, snéri sér að mér og tók aftur til máls:

„Ég sé að þér skiljið það, þér vitið eins vel og ég, að alt má kaupa fyrir peninga þar efra. Það er ekki nóg að fórna lífi sínu og sinna, þó hver einstaklingur heillar þjóðar úthelli blóði sínu fyrir fósturjörðina,—hver hirðir um það! Hjartablóð heillar þjóðar er einskis virði í kauphöllinni. Alt er að engu metið nema peningar, miklir peningar!“, Númi spratt upp og krepti hnefana. “Kaupmenn, kaupmenn!“ þrumaði hann. „Dýrslega sinnaðir, samvizkulausir . . . “

Hann þagnaði alt í einu, eins og hann þættist hafa sagt meira en hann ætlaði. Eftir stundarþögn snéri hann sér aftur að mér og var þá búinn að ná aftur sínum vanalega svip hörku og stillingar.

„Margir eru bágstaddir þar efra og þurfa hjálpar með“, sagði hann og fór út úr salnum.

Mér varð litið út og sá að mennirnir voru enn að bera inn gullið. En ég festi ekki hugann við það frekar.

Mér skildist það á því sem Númi sagði, að hann mundi hafa verið flæmdur út úr mannfélaginu og að hann hefði lagt mikið í sólurnar fyrir eitthvert málefni. En hvaða málefni? Og hver var hann?

Ég var alveg búinn að gleyma flóttatilraun okkar. Ég lá andvaka mestalla nóttina og var að brjóta heilann um Núma skipstjóra.

Morguninn eftir kom Ned Land inn til mín og vakti mig. Hann staðnæmdist fyrir innan þröskuldinn, stakk höndunum í vasana og var alt annað en hýr á svipinn.

„Það varð litið úr þessu, í gær“, sagði ég til að rjúfa þögnina.

„Já, skipstjóra-þrælbeinið þurfti nauðsynlega að koma út í því ég ætlaði upp í bátinn“, svaraði Ned.

„Hann var að taka út peninga í gærkveld“, sagði ég.

Ned Land leit við mér gremjulega. Hann var ekki á því að taka gamni.

Ég sagði honum frá öllu sem ég hafði séð og heyrt, kvöldið áður. En það hafði alls engin áhrif á hann.

„Við verðum að reyna aftur í kvöld“, sagði hann.

„Í hvaða átt höldum við núna?“ spurði ég.

„Veit það ekki“.

„Jæja, við skulum athuga það um hádegisd“.

Ned Land fór aftur inn til Konsæls. Þegar ég var klæddur, fór ég inn í salinn. Áttavitinn spáði ekki góðu. Sæfarinn stýrði í suður—landsuður. Við snérum baki við Evrópu!

Ég beið með ópreyju eftir því, að leið skipsins yrði mörkuð á kortið. Klukkan hálf tólf voru sökkviklefarir tæmdir og Sæfaranum skaut upp að yfirborðinu. Ég flýtti mér upp á þilfar. Ned land var kominn þangað á undan mér.

Við sáum hvergi til lands. Ekkert annað en endalaus hafbreiðuna og nokkur segl út við sjónhringinn. Ylgja var í sjóinn og skýjafar mikið á lofti. Það var stórviðri í aðsigi.

Ned Land náði ekki upp í nefið á sér fyrir gremju. Þegar dró frá sólu rétt á eftir, leitaði hann landa með augnum, en varð einskis var. Næstráðandi notaði tækifærið til að taka sólarhæðina.

Stundu síðar leit ég á kortið. Við vorum 100 mílur undan landi. Öll von um undankomu var úti að þessu sinni.

Ned Land féll það þungt, en mér varð aftur hughægra, og fór nú að gefa mig við rannsóknnum mínum í ró og næði, eins og áður.

Númi skipstjóri kom inn til mín um kvöldið og spurði með mestu alúð, hvort mig langaði ekki til að vera með sér á útgöngu á mararbotni.

„Þér hafið jafnan verið á þess konar ferðum að deginum. Langar yður ekki til að fara eina ferð að næturlagi?“ sagði hann.

Ég þektist það.

„Ég skal segja yður það fyrir, að þetta verður löng og ströng ganga. Við förum upp á hátt fjall og vegirnir eru illa ruddir hér í djúpinu“, bætti hann við og brosti.

Ég kvaðst vera við öllu búinn. Svo fórum við niður að hafa fataskifti. Ég þóttist vita að við ættum að vera tveir einir, því Númi hafði ekki boðið félögum mínum að vera með í förinna.

Það gekk fljótt að koma okkur í kafarafötin. Þéttloftshylkin voru bundin á bak okkur, en það leit út fyrir að þeir ætluðu að gleyma rafljóskerunum, og hafði ég orð á því við skipstjóran.



„Við þurfum ekki á þeim að halda“, sagði hann.

Ég hélt að mér hefði misheyrst, en varð of seinn til að endurtaka spurninguna, því Númi var þá búinn að setja upp hjálminn. Mér var fenginn járnslæginn stafur í höndina. Að því búnu gengum við út á botn Atlantshafsins á hundrað og fimmtíu faðma dýpi.

Klukkan var tólf um nóttina, þegar við lögðum af stað. Ljósín á Sæfaranum lýstu okkur á veg en hurfu brátt sýnum. Vorum við þá staddir í nýðamyrkri.

Númi benti mér á rauðleitan depil í svo sem mílu fjarlægð. Þegar lengra dró varð hann bjartur sem eldur og bar svo mikla birtu um sjóinn, að vel var ratljóst.

Mararbotninn var sléttur en fór hækkandi. Hallinn var þó svo lítill að við urðum hans varla varir. Við þrömmuðum áfram jafnt og þétt og stefndum á ljósdepilinn. Förin gekk þó heldur seint. Víða sukkum við niður í aurbleytu eða flæktumst í þangbeðjum, og innanum þetta var krökt af skelstönglum og hellusteinum.

Ég heyrði yfir höfði mér einskonar snark, eða smelli, sem urðu stundum svo hvellir, að þeir líktust stöðugri skothríð. Þetta var stórfeld rigning, sem dundi á yfirborðinu. Var þetta, með öðru fleira merki þess, hve glógt hljóð heyrir gegnum vatn. Mér flaug í hug sem snöggvast, að nú mundi ég verða holdvotur í rigningunni. En svo hló ég að sjálfum mér. Ég hafði gleymt því í svipinn, að ég var staddir niðri í vatni í vatnsheldum kafarafötum.

Eftir hálftrar stundar göngu urðu fyrir okkur klettur og urðir. Vóru allar gjótur fullar af blikdýrum, sæfjörum og öðrum óþektum skeldýrum, sem öll loguðu í maurildisglæringum, en steinarnir vóru þaktir sæurtum og íglum. Var heldur sleipt undir fæti sumstaðar og kom mér nú stafurinn í góðar þarfir. Þegar ég leit aftur, sá ég móta fyrir ljósínu á ljóskefi Sæfarans, en mjög ógreinilega sökum fjarlægðarinnar.

Það vakti athygli mína, að grjóturðirnar, sem við fórum yfir, vóru einkennilega reglulega lagaðar. Sumstaðar sá ég langar glufur eða gjótur, sem lágu eitthvað út í myrkið, svo hvergi sá fyrir endann á þeim. Ég varð líka var við, að eitthvað var alt af að brotna undir blýskónum mínum. Var brothljóðið líkast því, sem það væru þur bein. Ég laut niður og tók um einn af þessum hlutum. Kom þá í ljós að þetta var í raun og veru bein, og ég gat ekki betur séð en það væru mannsbein.

Ljósið sem við stefndum á, fór alt af stækkandi, eftir því sem nær dró. Var það nú að sjá sem stórkostlegt bál, út við sjónhringinn. Ég fór nú að verða forvitinn, en var þó við öllu búinn. Ég var búinn að sjá og reyna svo margt furðulegt á þessum sæferðum. Skyldi vera mannabygð þarna, hugsaði ég með sjálfum mér. Ætli skipstjórinn eigi nú ekki vini þarna, sem hann ætlar að heimsækja, menn sem hafa verið reknir í útlegð og fundið griðastað þarna á mararbotni, menn sem hafa verið orðnir fullsaddir af lýgi, ranglæti og yfirdrepskap mannkynsins!

Ekki var það óhugsandi. Ég var orðinn auðtrúa eftir öll þau undur og kraftaverk, sem ég hafði reynt af Núma skipstjóra. Það gat hugsast að hér væri bygð borg af vitrum mönnum og hugarökkum, sem þektu tókin á lögmálum náttúrunnar og skildu leyndardóma hennar.

Það lýsti meir og meir umhverfis okkur. Skínandi birtu lagði upp af fjallstindi fram undan okkur, á að gizka 800 feta háum. Ég sá þó ekki ljósið sjálft, en birtan brotnaði í sjónum og barst til allra hliða. Ljóslandin sjálf, hver sem hún svo var, hlaut að vera hinum megin við fjallið, því sú hliðin, sem að okkur snéri var hulin skugga, en hnúkar og hamraskörð báru við ljóshafið hins vegar.

Númi skálmaði áfram hratt og hiklaust, yfir urðir og ógöngur og hvað sem fyrir varð. Var auðséð, að hann hafði farið hér um áður og var kunnur öllum leiðum. Ég fylgdi eftir hiklaust og ósmeikur. Ég dáðist að Núma og hafði á honum tröllatrú; mér kom ekki einu sinni til hugar, að hann gæti farið afvega.

Eftir klukkutíma göngu komum við að fjallsrótunum. Varð þar fyrir okkur einstigi eitt mjótt og ilt yfirferðar, en ekki mátti annan veg komast upp í fjallshlíðina. Til beggja hliða var trjáskógur mikill og hrikalegur. Ekki vóru það lifandi lauftré sem við sáum, heldur lauflausir og lífvana steingervingar sem mynduðu þennan mirkvið. Var hann líkur afarstórri kolanámu, sem enn hafði ekki orðið fyrir þrýstingi þungra jarðlaga. Trén stóðu á sterkum rótum í botninum, en kolsvartar greinarnar gnæfðu upp í skínandi sjóinn líkt og kliptar bréfmyndir, límdar á gluggarúðu að kvöldi dags. Gatan var gróin íglum og þara og þakin aragrúa af skeldýrum. Við gengum ýmist eða klifruðum yfir kletta og klungur, klofuðum yfir fallna trjástofna og tróðumst gegnum þaraflækjur, sem fléttaðar vóru milli trjágreinanna.

Að baki okkur grilti ég klettaklungurinn svört og hrikaleg, en fram undan glóði rauður ljósbjarminn og geislastafirnar stefndu í allar áttir, með undarlegum litbrigðum og ljósbroti. Hér og hvar losnuðu stórir steinar undan fótum okkar, og ultu ofan brekkuna með dynkjum og skruðningi, sem skriða félli. Til beggja handa lágu gjár og glufur kolsvartar og svo langar, að ekki sá fyrir endann. Sumstaðar urðu fyrir okkur hjartir gangar og greiðir stígar, eins og væru það vegir ruddir af manna völdum. Ég bjóst við að mæta sæbúum þessum þá og þegar.

Númi hélt stöðugt áfram upp brekkuna og ég vildi ógjarna dragast aftur úr. Kom nú stafurinn í góðar þarfir, því mjó og tæp var gatan sumstaðar, en hengiflug að neðan. Furðu greitt gekk þó ferðin, og ekki fann ég til lofthræðslu. Stundum hljóp ég yfir hlydypisgjár, sem mér hefði óað við uppi á þurlendinu, eða ég stiklaði yfir þær á völtum trjástofnum. Það var eins og ég yrði ekki var við hættuna, svo var hugur minn gagntekinn að hrikafegurð eyðimerkur þessarar. Á stöku stað slúttu klettarnir fram yfir undirstöðu sína, eins og þeir væru að leika sér að því, að bjóða jafnvægislögmálinu byrginn, og enn sá ég þar háa og hornótta steindranga gnæfa við himininn,

svo hallfleytta og mjóa að neðan, sem væru þeir með öllu undanþegnir þyngdarlögmálinu.

Þéttleiki vatnsins olli því, að mér var ótrúlega létt um allar hreifingar. Kafarafötin voru ákaflega þung; ég hafði koparhjálms á höfði og þykka blýsóla undir iljunum; þó stiklaði ég eins og steingeit upp snarbrattar brekkur og fann ekki til þreytu eða mæði.

Að liðnum tveim stundum frá því við fórum af stað, vorum við komnir út úr skóginum. Enn þá voru hundrað faðmar eftir upp að fjallsgnýpunni. Mergð af fiskum þaut upp undan fótum okkar, eins og fuglar flýgi upp úr grasi. Hér og hvar voru djúpar gjótur og glufur í klöppunum. Voru þær fullar af alls konar dýrum og ófreskiskvikindum. Uргуðu þau saman klóm og gripklumbum niðri í myrkrinu, svo ægilega, að hrollur fór um mig allan. Verra þótti mér þó þegar langar og hrikalegar griptengur lögðust þversum fyrir framan fætur mína, svo ég komst ekki áfram. Niðri í myrkrinu glóðu þúsund glyrnur, eins og í eld sæi. Það voru augu risastórra kolkrabba og humra. Var að heyra urg og ískur eins og sargað væri saman járnum, þegar þeir jöpluðu skoltunum. Fleira var þar ferlegra dýra. Afarstórir krabbar hvíldu þar á bumbunni eins og fallbyssur á stálstöplum, og biðu eftir bráð, og ægilegir smokkfiskar teygðu angana í allar áttir eins og lifandi höggormar.

Ég hafði séð margt og reynt og þó brast mig kjark meðal þessara ferlegu kvikinda, sem ógnuðu mér frá öllum hliðum. En Númi lét ekki þetta á sig fá. Hann hélt áfram hiklaust og óhræddur og ég var til neyddur að fylgja honum eftir.

Við komumst upp á stall, breiðan og víðáttumikinn, og bar mér þar enn fyrir augu ávænt sjón. Það voru rústir af byggingum,—verulegum mannvirkjum. Innan um þústir og þyrpingar gat að líta hús og hallir og háreist musteri, alt sígróið sæliljum, þönglum og þaragresi.

Hvert var það undraland, sem hér hafði sokkið í sæ fyrir árdaga allrar sögu? Hvaða þjóð hafði átt þá fornaldarfrægd, sem hér var fallin í gleymsku og dá og Númi skipstjóri leyfði mér einum að líta?

Mig langaði til að spyrja Núma um þetta. Það var komið að mér að svifta hjálminum af höfði mér, til þess að geta talað. En Númi gerði ekki annað en benda upp á fjallstindinn, eins og hann ætlaði að segja:

„Höldum áfram! lengra, lengra!“

Ég gerði mitt ítrasta til að hafa við Núma og eftir nokkra stund komumst við upp og stóðum á fjallstindinum.

Þeim megin, sem við komum upp var fjallsgnýpan ekki nema 800 fet upp frá jafnsléttu. En hinum megin var hafið helmingi dýpra og mændi tindurinn tignarlega út yfir hydýpið. Útsýn var glögg og geipivið.

Niður undan var slétt allstór og brann þar bál ógurlega mikið. Fjall þetta var eldfjall. Af tindinum var ekki lengra en sem svaraði sjötíu fetum niður að afarstórum eldgýg. Upp úr honum þeyttist glóandi gjall og hraunleðja, sem valt fram í logandi hringiðum og straumköstum, eins og fossandi eldfloð. Þessi heljarmikli kyndill bar svo mikla birtu, að allur mararbotninn var uppljómaður svo langt sem augað eygði.

Og þarna niður undan tindinum voru leyfarnar af stórri borg, sem lá í rústum á mararbotni, umturnuð og eyðilögð. Hrunin hús og musteri, brotnir bogar og raðir af föllnum steinsúlum. Þar gat að líta leyfar af stórkostlegri vatnsveitu, háreistu höfuðvígi, umkringdu mörgum musturum, hafnarveggjum, sem eitt sinn höfðu staðið fyrir brimróti hafsins og veitt vernd og skjól fjölda skipa. Enn mátti sjá löng og breið torg og stræti og umhverfis alt þetta stóra garða af hrundum borgarmúrum.

Hvar var ég staddur og hver var þessi borg?

Ég þreif í handlegginn á Núma til að láta hann skilja, að ég yrði að fá einhverja vitneskju um þetta.

Hann tók upp stein, sem líktist krít, gekk að hellubjargi, sem var þar nærri og skrifaði á það að eins eitt orð—: „Atalanta“.

Það var nóg.—Mér flugu í hug gamlar grískar sagnir um borgina, sem hafið gleypti á einni svipstundu. Munnmælasögur fornar, sem margsinnis höfðu verið dæmdar markleysa ein.

Þetta land, sem sögurnar sögðu frá, hafði þá verið til í raun og veru, og ég stóð nú á jörð þessa lands! Land þetta var afarstórt flæmi, vestur af Afríku og Evrópu. Það sökk í sæ, svo að eins hæstu fjöllin stóðu upp úr, þau sem nú eru kölluð Asoreyjar og Madeira.

Í fulla klukkustund sátum við þarna og virtum fyrir okkur þessa fágætu sýn. Hraunflóðið magnaðist öðru hvoru og jók birtuna. Fjallið nötraði undir fótum okkar og dunur og dynkir bárust til eyrna okkar gegnum vatnið.

Mér datt í hug hvort ekki mundi nú einhverntíma sá dagur koma, að ný náttúruþyfting lyfti þessu landi upp aftur, og myndaði með því brú milli Evrópu og Ameríku, og drægi fram í dagsins ljós hin stórkostlegu, mörg þúsund ára gömlu mannvirki.

Númi skipstjóri sleit upp úr þessum hugleiðingum mínum. Hann reis á fætur, rendi augunum í hinsta sinn yfir borgina sokknu og tók mig við hönd sér, til marks um það, að við skyldum halda af stað.

Okkur gekk greiðlega ferðin niður fjallshlíðina. Þegar við vorum komnir gegnum skóginn, sáum við móta fyrir ljósinu á Sæfaranum, eins og ofurlitilli stjörnu í fjarska, og stefndum við á ljósið úr því. Þegar við loks komum heim í Sæfarann, var farið að elda aftur og móta fyrir dagrenning á yfirborði hafins.

## VII.

Við héldum áfram ferðinni næstu daga og stefndum í suður, eftir miðju Atlantshafinu. Ned Land var ergilegur sem von var, því á þessum slóðum var engin von til að við gætum komist frá skipinu. Land var hvergi í nánd, ekki svo mikið sem eyja eða hólmi nokkurs staðar.

Við vorum þó ekki vonlausir um að Númi mundi sleppa okkur, þegar ferðin umhverfis hnöttinn væri á enda, ef við hétum því þá við drengskap okkar, að þegja yfir leyndarmáli hans. Mér datt í hug, hvort ég ætti að tala við Núma og stinga upp á þessu við hann. Það var að líkindum þýðingarlaust. Númi var svo oft búinn að láta það á sér heyra, að vegna þessa leyndarmáls væri hann til neyddur að halda okkur á skipinu áfram. Ég færði þetta í tal við Konsæl, en hann var engu ráðnari í því en ég, hvað gera skyldi. Okkur kom þó saman um það, að vekja ekki tortrygð Núma með því að brjóta upp á þessu við hann, það mundi verða árangurslaust,—bíða heldur og sjá hvernig skipaðist um atvik og ástæður.

Því lengra sem suður dró, því fastar lagðist sá grunur í mig að mér mundi aldrei framar auðnast að sjá ættjörð mína og ástvini.

Ég varð lítið var við Núma skipstjóra þessa dagana. Hann var niðursokkinn í störf sín og rannsóknir í klefa sínum, og þá sjaldan ég hitti hann í bókasalnum, var hann annars hugar og afskiftalaus.

Sæfarinn hélt sig jafnaðarlega við yfirborðið, og var þar fátt á sveimi. Að eins einu sinni sáum við skip; þar á vóru hvalveiðamenn, og skutu þeir þegar út báti og reru áleiðis til okkar,—héldu auðsjáanlega að þar væri góð veiðibráð, sem við vorum. Númi skipstjóri vildi ekki eyða tíma og kröftum manna þessara að óþörfu og fór því í kaf með Sæfarann. Þetta var atvik, sem Ned Land lét ekki athugalaust fram fara. Ég held honum hafi gramist sárlega, að hvalveiðamennirnir skyldu ekki geta lagt til dauðs járnhvalinn okkar með skutlum sínum.

Það bar við á þessum slóðum, að við hittum fyrir stóra hákarla. Flugu mér þá í hug ýmsar sögur um þá, sem ég svo sagði Konsæl. Það er ef til vill varasamt að trúa öllu, sem farmenn segja frá, en það er dagsatt að það sem hér fer á eftir er haft eftir sjómönnum: Í maga á stórum hákarli fanst einu sinni höfuð af amerískum vísundi og heill kálfur. Í öðrum fundust tvær hnísur og sjómaður í einkennisbúningi. Í þeim þriðja var hermaður með alvæpni og í þeim fjórða hestur með riddara og reiðtýggjum. Þetta er nú að vísu ekki sem trúlegast, en þó get ég ekki samkvæmt eigin eftirtekt sannað að það sé ósatt. Við fengumst sem sé ekki við hákarlaveiðar.

Hinn 13. marz ákvað Númi skipstjóri að gera tilraun eina, sem mér þótti meir en lítið til koma.

Við vorum staddir á 45. breiddarstigi og 37 stigi vestlægrar lengdar, á þeim stað, þar sem ameríska freigátan „Kongress“ stíkaði eitt sinn dýpið og hafði ekki botn með fimmtán þúsund eitt hundrað og fjörutíu metrum.

Hér ætlaði nú Númi að reyna að komast til botns, og bjó ég mig undir að athuga nákvæmlega hvernig sú tilraun lánaðist. Gluggarnir á aðalsalnum voru opnaðir og við nálgumst hlydýpið.

Það var ekkert viðlit að sökkva skipinu á þann hátt að fylla sjóklefana. Að vísu gat það þyngst svo mikið við það, að það sykki til botns. En þá var eftir að komast upp aftur, og var mikil tvísýna á því, hvort vélarnar mundu geta þrýst vatninu út aftur, undir því voðafargi, sem hlaut að hvíla á skipinu í þessum reginhyl.

Númi lét halla hliðarspöðum skipsins í hálf horn og lét svo skrúfuna ganga með fullum hraða.

Sæfarinn nōtraði eins og þaninn strengur á fiðlu undir átökum vélarinnar og skrúfunnar, en áfram rann hann jafnt og stöðugt niður á við.

Við Númi vorum staddir í aðalsalnum og athuguðum þrýstimælirinn. Við vorum komnir á sex þúsund metra dýpi,—langt niður fyrir neðstu takmörk sædýralífsins. Í þessu djúpi gat engin lifandi skepna haldist við. En Sæfarinn hélt áfram niður á við, dýpra og dýpra. Sjórinn umhverfis skipið var auður og aldaða, en aðdánlega hreinn og tær.

Einni klukkustund síðar vorum við komnir niður í þrettán þúsund metra dýpi og þó sást ekki enn til botns. Á fjórtán þúsund metra dýpi fór að grilla í klettanibbur niður undan okkur. En það gátu verið fjallatindar, eins háir og Mont-Blanc eða Himalaya, og gat því enn verið eftir óskaplegt dýpi.

Sæfarinn hélt enn áfram og var þó þrýstingurinn orðinn voðalegur. Járnþynnurnar svignuðu og ískraði í samskeytunum, járnbitar og bindingar kýttust svo, að brakaði og tísti alt umhverfis.

Við höfðum af að komast niður í sextán þúsund metra dýpi. Var þá þristingurinn á skipinu orðinn sextán hundruð loftþyngdir, en það er sama sem þrjú þúsund og tvö hundruð pund á hvern fersentímetar á skipinu.

Númi skipstjóri réð af að hætta tilrauninni.

„Við skulum fara upp aftur“, sagði hann, „það tjáir ekki að leggja skipið undir meira farg. Haldið yður fast!“

Ég var ekki nógu fljótur að átta mig á því, hvað Númi meinti með þessari skipun, og vissi því ekki fyrir af, en ég lá flatur á gólfinu.

Skipstjórinn hafði fyrirskipað að stöðva vélina og snúa hliðarspöðunum svo, að röndin vissi upp. Sæfarinn flaug upp með feyknahraða, eins og laus lofbelgur, og risti sjóinn svo hvein við. Það var engin leið að gera neinar athuganir. Á örfáum mínútum rann hann þessa sextán þúsund metra leið á enda, flaug eins og kólfur upp úr yfirborði sjávar hátt í loft upp, féll svo aftur í hafið með voðalegum gusugangi og boðaföllum.

Við héldum eftir þetta af stað suður á bóginn—alt af í suður. Þegar við komum á móts við suðurodda Ameríku hélt ég að Númi mundi beygja vestur fyrir, inn í Kyrrahafið og ljúka þar með við hringför sína um hnöttinn. En því var ekki að heilsa. Sæfarinn hélt stefnunni óbreyttri. Hver var svo tilgangur skipstjórans? Ætlaði hann að halda suður í heimskaut, suðurskautið! Það var óðs manns æði! En það var ekki á hann að ætla, Núma skipstjóra, fífldirfsku hans var alt ætlandi. Það var ekki furða þó Ned Land væri ekki hollur í hamsi.

Ned hafði talað fátt upp á síðkastið; fálæti hans ágerðist svo, að varla var hægt að toga út úr honum orð. Ég sá að hann þoldi illa þetta varðhald og fylltist æ meir og meir hatri og lífsleiða. Þegar hann hitti Núma skipstjóra, brann honum eldur úr augum og ég var farinn að verða hræddur um, að í hart slægi milli þeirra bráðlega.

Hinn 14. marz komu þeir Konsæll inn í herbergið mitt. Ég sá að Ned hafði eitthvert erindi og var talsvert niðri fyrir.

„Hvað haldið þér að margir menn séu á Sæfaranum?“ spurði hann.

„Svei mér ef ég veit það“, svaraði ég.

„Það getur varla þurft marga menn, til að stjórna þessum hólk“, sagði Ned.

„Nei, til þess ætti ekki að þurfa nema svo sem tíu menn“.

„Og hvaða ástæða væri þá til að hafa fleiri?“

Ég skildi fullvel hvað Ned Land fór, og hvesti á hann augun.

„Hvaða ástæða!“ endurtók ég. „Eftir því sem mér skilst, er Sæfarinn ekki einungis skip, heldur einnig heimili og griðastaður manna, sem hafa sagt sig úr lögum við mannfélagið, á líkan hátt og Númi skipstjóri“.

Þá tók Konsæll til máls:

„Sæfarinn getur þó ekki rúmað nema vísu tölu manna. Gæti ekki húsbóndinn reiknað út, hvað þeir gætu verið flestir?“

„Hvernig þá, Konsæll minn?“

„Húsbóndinn þekkir burðarmagn skipsins, og getur því reiknað hve mikið loft það rúmar. Þegar svo við bætist að húsbóndinn veit hvað hver maður þarf mikið loft, og að loftið í skipinu verður að endurnýja einu sinni á sólarhring hverjum, þá . . .“

Konsæll talaði ekki út, en ég skildi hvað hann fór.

„Já, þetta er auðvelt að reikna“, svaraði ég. „En það er hætt við að útkoman verði ekki ábyggileg“.

„Það gerir ekkert til“, sagði Ned Land. Hann vildi komast að einhverri niðurstöðu.

„Jæja“, svaraði ég, „einn maður eyðir um hverja klukkustund öllu því súrefni, sem felst í eitt hundruð lítrum af andrúmslofti, eða sama sem tvö þúsund og fjögur hundruð lítrum af lofti á sólarhring. Þá er eftir að finna, hve mörgum sinnum tvö þúsund og fjögur hundruð lítrar af lofti rúmast í Sæfaranum“.

„Einmitt rétt“, sagði Konsæll og brosti út undir eyru. Konsæll hafði víst hugann meira á því, hve fljótur ég var að reikna, en hinu, hver útkoman yrði. En Ned Land sat hnípinn og óþreyjufullur.

„Burðarmagn Sæfarans er fimtán hundruð smálestir“, bætti ég við; „og hver smalest er eitt þúsund lítrar. Sæfarinn rúmar þá fimtán hundruð þúsund lítra af lofti, sem deilt með tveim þúsundum og fjórum hundruðum gerir . . .“

Ég flýtti mér að reikna út á pappírsláði.

„. . . gerir sex hundruð tuttugu og fimm. Það er, með öðrum orðum, nægilegt loft í Sæfaranum fyrir sex hundruð tuttugu og fimm menn í tuttugu og fjórar klukkustundir.“

Ned Land hnykti við. „Sex hundruð tuttugu og fimm!“ át hann eftir.

„Já, en það er áreiðanlega ekki einn tíundi hluti þess mannfjölda hér á skipinu“, sagði ég.

„Þó svo sé. Það eru of margir móti þrem mönnum ei að síður“, svaraði Ned.

Ég ypti öxlum ósjálfrátt.

„Þér verðið að vera þolinmóður, Ned“.

Ned anzaði engu, en hristi höfuðið og strauk hendinni um ennið.

Ég kendi sárt í brjósti um Ned, og vildi feginn verða honum að liði. En hvað átti ég til bragðs að taka, eða öllur heldur, hvað gat ég gert?—Ekkert.

Ned Land hafði engu öðru vanist, en sigla frjals og frí um höfin og drasla í hvaladrápi. Nú var hann hneptur iðjulaus í þröngum klefa, og hafði ekki annað að gera en hugsa. Og hvað gat hann svo hugsað um, annað en það, hvernig hann gæti náð frelsi sínu aftur?

En Númi stýrði stöðugt í suður og var því að svo stöddu engin undankomu von.

Það vildi þó svo vel til, að þennan sama dag kom fyrir dálítill atburður, sem hresti skap Kanadamannsins, og rifjaði upp fyrir honum endurminningar glaðari daga.

Um hádegisbilið flaut Sæfarinn í yfirborðinu. Hittum við þá fyrir hvalatorfu mikla, sem kom á móti okkur. Mér kom það ekki á óvart, því ég vissi að hvalirnir leituðu æ nær og nær heimskautunum, undan hóflausum ofsóknum hvalveiðamanna.

Hvalirnir hafa að þessu leyti haft töluverða þýðingu í landfundasögu jarðarinnar. Við hvalaeltingar hafa fyrst Baskar og Astúrar og seinna Englendingar og Hollendingar ratað á lönd og staði, áður óþekta. Þá er sú saga til, að hvalveiðamenn, sem voru að elta hval, komust svo langt norður, að ekki voru nema 10 mílur eftir að norðurheimskautinu. Þetta getur verið lygi, en líklega reynist það samt satt þegar minst varir.

Við sátum uppi á þiljum. Veður var fagurt og særinn spegilsléttur. Ned Land varð auðvitað fyrstur til að koma auga á hvalina, í nokkurra mílna fjarlægð.

„Væri ég nú bara kominn á hvalveiðaskip!“ hrópaði hann upp yfir sig. „Það vildi ég að . . . .“

Ned stappaði niður fótunum, svo glumdi í járnþynnunum, og jós úr sér formælingum yfir Núma og alt sem hann snerti.

„Yður langar víst alt af á hvalaveiðar?“ sagði ég.

„Langar!“ át hann eftir. „Það er eitt af því sem enginn getur gleymt, herra prófessor“.

„Hafið þér aldrei stundað veiðar hér í suðurhöfum?“

Ned Land lét sem hann heyrði ekki til mín.

„Sjáið þið, hvar þeir koma!“ sagði hann. „Þeir vita sem er að ég get ekkert gert þeim“.

Ned Land var allur á nálum.

„Eru hvalirnir hérna eins stórir og í norðurhöfunum?“ spurði hann.

„Naumast svo stórir“.

„Ég hefi séð hvali hundrað feta langa, herra prófessor. Og ég hefi jafnvel heyrt getið um, að þeir gætu orðið hundrað og fimmtíu feta langir“.

„Það held ég sé nú orðum aukið“, svaraði ég. „Þessir hvalir, eins og líka búrhvelið, eru vanalega minni en sléttbakurinn“.

„Jæja“, sagði Ned, „ég hefi nú samt heyrt að þeir væru sumir ákaflega stórir, jafnvel svo stórir, að menn sem hafa séð þá fljóta í vatnsskorpunni, þakta þangi og skeljum, hafa haldið að það væru eyjar, fárið á land á þeim, kveikt upp eld og . . .“

„Og bygt á þeim hús“, skaut Konsæll inn í.

„Þvaður!“ sagði Ned.

„Þér trúíð því þó víst ekki sjálfur?“ sagði ég.

„Það má trúa öllu um hvali“, sagði Ned. „Það er fullyrt að þeir geti synt umhverfis hnöttinn á hálfum mánuði“.

„Það er ekki óhugsandi“.

„Þér vitið ef til vill ekki, prófessor góður, að á þeim tímum þegar jörðin var sköpuð, voru hvalirnir miklu hraðsyndari en nú?“

„Ónei, ekki vissi ég það, Ned minn. Hvernig stóð nú á því?“

„Það skal ég segja yður, þá var sporðurinn á þeim eins og á öðrum fiskum, og blöðkurnar snéru upp og niður. En þegar Guð almáttugur veitti því eftirtekt, að þeir voru alt of hraðsyndir, tók hann þá og snéri upp á sporðinn, og síðan hafa þeir verið svona“.

„Er það satt að hvalir geti hvolfst skipum?“ spurði Konsæll.

„Því trúí ég tæplega“, svaraði ég. „Það er þó sagt að árið 1820 hafi hvalur ráðist á skipið „Essex“ og rekið það aftur á bak, með svo miklu afli, að það skreið nákvæmlega fjóra metra á sekúndunni, þar til sjórinn fossaði yfir þilfarið aftur á og skipinu hvolfdi“.

Ned leit á mig og kýmdi borginmannlega. Í svona umræðum lét hann ekki fara með sig í gönur.

„Einu sinni sló hvalur svo óþyrmilega undir bátinn minn“, sagði hann, „að við félagarnir, sem í honum voru, hrukkum tólf álnir í loft upp. En sá hvalur hefir auðvitað verið eins og svolitill hvolpur í samanburði við hval prófessorsins“.

Konsæll réð sér ekki fyrir forvitni.

„Verða hvalirnir gamlir?“ spurði hann.

„Þúsund ára“, svaraði Ned viðstöðulaust.

„Hvernig vitið þér það, Ned?“

„Af því það er sagt svo“.

„Hvernig geta menn sagt um það?“

„Af því menn vita það“.

Hvalirnir færðust nær, og var eins og Ned ætlaði að gleypa þá með augunum.

„Sjáið þið!“ sagði hann, „þeir eru fleiri en einn og fleiri en tveir. Þarna eru tíu, tuttugu, stór hópur. Ilt er nú að vera svona tjóðraður og ná ekki til þeirra“.

„Farið og talið um þetta við skipstjórnann“, sagði Konsæll.

Ned Land lét ekki segja sér það tvisvar. Hann þaut eins og örskot niður í skipið til að leita að Núma. Eftir örstutta stund kom hann aftur og skipstjórinn með honum.

„Á ég ekki að skutla einn handa yður?“ spurði Ned, „svona til að gleyma ekki gamalli iðju“.

„Hvaða gagn er að því?“ spurði skipstjórinn og leit yfir hvalatorfuna. „Hvers vegna drepa til gamans og að óþörfu? Ég veit það vel, að það eru sérréttindi, sem mennirnir hafa tekið sér; en ég kæri mig ekki um að hafa dráp til dægrastyttingar. En hvað sem um það er, þá er nóg búið að gera að hvaladrápi, meira en nóg. Hvalirnir eiga nógu marga meinlega óvini, þar sem eru búrhveli og sverðfiskar, svo ég held okkur sé sæmra að láta þá óáreitta“.

Ned Land varð súr á svipinn við þennan siðalærdóm. Að tala svona við veiðimann er að eyða orðum að óþörfu. Ned botnaði auðsjáanlega ekkert í því sem Númi sagði. Hann stakk höndunum í vasana og gekk á burt blístrand.

Númi virti fyrir sér hvalina um stund og snéri sér svo að mér.

„Nú skuluð þér sjá, að ég hafði rétt fyrir mér, þegar ég sagði, að hvalirnir ættu noga óvini. Sjáið þér svörtu deplana þarna suður frá?“

„Já“.

„Það eru búrhveli, grimmar skepnur og skaðlegar, sem rétt er og nauðsynlegt að útrýma“.

Ned Land snéri sér við skjótlega og skipstjórinn tók eftir því.

„En það er þarflaust að stofna lífi sínu í voða af þeirri ástæðu“, sagði Númi. „Sæfarinn hefir trjónu, sem er fyllilega eins traust vopn og gott eins og skutull Ned Lands“.

Ned Land dró ekki dulur á tilfinningar sínar. Hve nær hafði annað eins heyrst! Hann ypti öxlum og spýtti út úr sér.

Búrhvelin nálgudust óðfluga. Þau höfðu auðsjáanlega orðið vör við hvalina og bjuggust til atlögu. Það var fyrirsjáanlegt, hver endir mundi verða á þeim leik.

Skíðishvalirnir höfðu engar verjur móti búrhvelunum. Þau voru afar kjafstór og höfðu 25 tennur í skoltinum.

Númi hervæddi Sæfarann móti illhvelunum. Hann fór til stýrisins, en við félagarnir þrír settumst við gluggann í aðalsalnum. Að því búnu fór skrúfan að snúast og auka skriðinn á skipinu.

Viðureignin var þegar hafin, er Sæfarinn kom inn í illhvelaþvöguna. Svo var að sjá fyrst í stað, sem búrarnir gæfu ekki mikinn gaum þessum nýja gesti, sem gekk þar ókvaddur að orustu. En það varð annað ofan á, þegar fram í sótti.

Slík og þvilk aðsókn! Það kvað svo ramt að, að Ned Land var frá sér numinn. Númi skipstjóri beitti Sæfaranum eins og heljarmiklum skutli. Hann rann á hvalina og skifti skrokkunum í sundur í miðju, svo bútarnir sprikluðu lifandi í sjónum. Sporðaslögin dundu á Sæfaranum, en þess gætti ekki. Hann gekk á röðina og drap hvern búrann á fætur öðrum, snérist í hring, fór ýmist upp eða niður, ýmist aftur á bak eða áfram, svo hvalirnir gátu á engan veg flúið, en tættust í sundur fyrir stáltrjónu Sæfarans.

Þessi blóðugi bardagi stóð yfir heila klukkustund. Stundum slóu sér saman tíu til tólf hvalir og

ætluðu að mylja Sæfarann undir sér. Við sáum út um gluggana upp í gapandi ginin á þeim, alsett tönnum, og heiftþrungnar, rauðar glirnurnar. Ned Land réð sér ekki; hann jós yfir þá óbóta hrakyrðum, því ekki fékk hann annað að gert. Við fundum að þeir réðu á skipið, eins og soltnir hundar á hræ. En Sæfarinn varð ekki forviða. Þeir voru eins og fis fyrir honum, þó þungir væru og stórvaxnir.

Loks var þessi orusta á enda og við fórum upp að yfirborðinu. Hlerunum var skotið upp og við flýttum okkur upp á þilfarið.

Sjórinn var þakinn sundurflettum skrokkum. Sterkasta púðursprenging hefði ekki tætt kjötpjósir hvalanna meir í sundur. Sjórinn var blóði litaður svo langt, sem til sást. Örfáir hvalir sáust á flótta út við sjónhringinn.

Númi skipstjóri kom upp á þilfarið og snéri sér að Ned Land.

„Jæja Ned Land, hvað segið þér nú?“

„Mikið er að gert að vísu“, sagði hann, „en verkið . . . .“

„Það eru skaðræðisskepnur, sem ég hefi drepið“.

„Ég vil heldur vera veiðimaður en slátrari“, sagði Ned.

„Þér viljið heldur drepa til gamans, en gagns“.

Ég var orðinn dauðhræddur um að þeim mundi lenda saman í illdeilum, út af þessu. En Ned sýndi nú, eins og áður, fyrirlitningu tóma. Hann var búinn að kalla Núma slátrara og þá var hann ánægður. Hann stakk höndunum í vasana, ofur rólega, snéri baki við Núma og fór niður í klefann sinn.

---

## VIII.

Hinn 14. marz sáum við fyrst ís á floti. Út við sjónhringinn í suðri var hvítleitt belti og glampaði á það í sólskininu. Það var hafís. Fram úr þessu fórum við að sjá reglulega fjalljaka. Grænar gárur voru í sumum þeirra, eins og eirgræna, en sumir voru kristallsglærir. Jökunum fjölgaði eftir því sem lengra dró suður.

Númi var stöðugt á þiljum uppi og athugaði leiðina gaumgæfilega. Við hittum fyrir ákaflega stóra fjalljaka, og fór þeim alt af fjölgandi. Var svo að sjá stundum, sem allar leiðir væru lokaðar. En alt af fann Númi eitthvert sund.

Hinn 16. marz kl. 8. árdegis fórum við yfir heimskautsbauginn. Jakaísinn var nú orðinn svo mikill og þéttur, að lítt hugsandi var að komast lengra. Sumir jakarnir stóðu sjötíu og áttatíu metra upp úr sjónum. En alt af varð Núma eitthvað til. Alt af hélt hann áfram lengra og lengra, þó þröng væru sundin sumstaðar.

Við vorum nú úr öllum efa um það, að Númi mundi ætla sér að komast alla leið að suðurheimskautinu.

En brátt var öllum sundum lokað og ómögulegt að komast lengra áleiðis. Fram undan voru hafþök af samfeldum ís og engin geil eða smuga sjáanleg.

Númi var þó ekki alveg á því, að hætta við svo búíð. Hann rendi Sæfaranum á ísinn hvað eftir annað, með svo miklu afli, að klakaflísnar flugu í allar áttir og dundu niður á okkur eins og haglé. Stundum rendi hann skipinu upp á ísinn, svo hann brotnaði undan þyngslum þess. Ruddi hann sér braut dálitinn spotta á þennan hátt. Biksvört þoka lagðist yfir. Fylgdi henni ákafleg fannfergja og stormhviður af ýmsum áttum.

Loksins eftir langt strit og erfitt sat Sæfarinn fastur í ísnum og mátti sig hvergi hræra. Það var 18. marz.

Hvert sem litið var, var ekki annað að sjá en ís. Var hann ákaflega úfinn og ósléttur. Sumstaðar stóðu hundrað feta háar ísstrýtur upp úr breiðunni. Sumstaðar hólar og höfðar, þverhniptir íshamrar og afarstórar jakahyrnur. Sumstaðar voru slétt svell og klakapil, sem sendu geisla eins og spegilgler, ef til sólar sá. Dauðapögn hvíldi yfir þessari ísauð; lífsmörk sáust ekki.

Ég stóð á þiljum og sá að vökin, sem Sæfarinn flaut í, var alt af að þrengjast og skarirnar að færast nær skipinu. Frostið var svo hart, að ekki var viðlit að halda vökinni þýðri til lengdar.

Númi skipstjóri vatt sér að mér og tók mig tali.

„Jæja, herra prófessor, hvernig lízt yður nú á?“

„Mér lízt svo á, að við förum ekki lengra“.

„Því á ég bágt með að trúá. Ég ætlaði mér að komast að suðurheimskautinu“.

Það vissi ég vel að Númi var áræðinn, blátt áfram ofdirfskufullur. En hér var farartálmi, sem engin leið var til að yfirvinna.

„Sæfarinn getur ef til vill flogið“ sagði ég.

„Nei“, svaraði Númi, „en kafað getur hann“.

„Já, auðvitað“.

Mér flaug þegar í hug hvað Númi mundi ætla sér.

„Já, við skiljum víst hvor annan“, sagði Númi og brosti. „Hæstu jakarnir eru ekki yfir hundrað metra á hæð. Þeir standa því ekki öllu lengra niður en þrjú hundruð metra. Og hvaða tálmi er það fyrir Sæfarann!“

„Sama sem enginn, herra skipstjóri“.

„Nei, en erfiðleikinn er innifalinn í því, að vera lengi í kafi, og geta ekki endurnýjað loftið í skipinu“, svaraði Númi.

„Loftklefarnir í Sæfaranum rúma mikið, svo það verður að líkindum nægjanlegt“.

„En þá er eftir að vita, hvort það er auður sjór við heimskautið. Ef til vill komumst við ekki upp og verðum að snúa aftur“.

„Heimskautið og kuldaskautið liggja ekki saman“, sagði ég, „svo vel getur verið, að við finnum auðan sjó“.

„Það er einmitt það, sem ég hafði hugsað, hr. prófessor. Nú er um að gera, að nota tímann vel“.

Númi kallaði á næstráðandann og töluðust þeir við um hríð, á máli, sem ég skildi ekki eitt orð í.

Ekki sá ég að næstráðanda brygði, hvort sem það nú kom til af því, að honum var áður kunn ætlun Núma, eða hinu, að honum óx ekki í augum áhættan.

Þó var enginn eins skaprór og Konsæll. Þegar ég sagði honum að ætlun okkar væri, að komast til heimskautsins, varð honum ekki annað að orði en þetta: „Eins og húsbóndanum þóknast“. Þar með var það mál útkljáð af hans hálfu.

Ned Land tók þessu alt öðruvísi. Hann ypti öxlum og sagði í hálfkæringi:

„Mér þykir mikið fyrir að heyra þetta, vegna yðar og þessa Núma skipstjóra“.

„Þér haldið ef til vill að við náum ekki heimskautinu?“

„Það er mjög líklegt, að við komumst þangað, en þaðan aftur komumst við ekki“.

Ned hvarf til klefa síns, „til að valda ekki vandræðum“ að hann sagði.

Nú var tekið til að búa alt undir þessa glæfracör. Loftdælnar voru settar af stað og loftinu þjappað svo í klefana, sem unt var.

Tólf skipverjar komu upp á þilfar, með haka og járnkarla og tóku að brjóta lagnaðarísinn frá skipinu. Var það auðgert, því ísinn var þunnur enn, þó 20 stiga frost væri á. Klukkan fjögur fóru allir niður í skipið. Hlerarnir voru látnir aftur og festir ramlega með skrúfum. Sjó var hleypt inn í sökkviklefana og Sæfarinn seig niður í djúpið.

Ég tók mér sæti við gluggann í aðalsalnum og Konsæll við hlið mér. Á þrjú hundruð metra dýpi komumst við niður úr ísnum, eins og Númi hafði fyrir sagt. En Sæfarinn fór ekki að halda í áttina fyr en hann var kominn niður í átta hundruð metra dýpi. Leiðin sem við áttum fyrir hendi að fara, var tvö hundruð og fimmtíu mílufjórðungar. Sæfarinn hélt af stað með tíu mílna hraða á vökunni. Við gátum því búist við að verða komnir til heimskautsins að liðnum tuttugu og fjórum klukkustundum, ef alt gengi vel.

Ég var á fótum kl. fimm morguninn eftir og fór þegar út að glugganum. Ég varð þess var að Sæfarinn leitaði upp á við, hægt og gætilega, með því að dælt var sjó út úr sökkviklefunum. Hjá mér glæddist þegar von um, að nú mundum við hitta fyrir auðan sjó, en hún brást skjótlega. Snöggur kippur gaf til kynna, að skipið hefði rekist á ísinn. Ég hraðaði mér að þrýstimælinum. Við vorum staddir í fjögur hundruð metra dýpi. Ísinn var miklu þykkari hér. Fjögur hundruð og fimmtíu metra þykk hafishella lá yfir okkur. Þetta var lítið gleðiefni.

Sæfarinn reyndi fyrir sér hvað eftir annað þennan dag, en hitti jafnan ís fyrir. Stundum náði ísinn niður í sjó hundruð og fimmtíu metra dýpi. Þar var því ísinn níu hundruð metra þykkur,—eitt hundruð og fimmtíu metrar stóðu upp úr sjó.

Svo liðu þessar tuttugu og fjórar klukkustundir, að ekki vænkaðist útlitið. Alt af varð ís fyrir okkur á fjögur til fimm hundruð metra dýpi. Enn var nægilegt andrúmsloft í skipinu. En hve lengi gat það enzt?

Mér kom ekki dúr á auga næstu nótt. Ég var sí og æ að athuga þrýstimælirinn, og alt af var Sæfarinn að reyna fyrir sér. Klukkan þrjú um morguninn sá ég loks að Sæfarinn „rak sig ekki upp undir“ fyr en á fimmtíu metra dýpi. Ísinn var að þynnast!

Ég hafði ekki augun af þrýstimælinum. Undirborð íssins fláði upp á við, svo smátt og smátt grynkaði á skipinu. Við fórum svo nærri ísnum sem unt var. Ísinn glampaði og glitraði fagurlega í



geislum rafhljóssins og varð mun þynnri við hvern kílómeter, sem lengra dró.

Loks kom Númi inn í salinn klukkan 6 um morguninn—þann 19. marz—og flutti mér fagnaðartíðindi:

„Auður sjór!“

Ég hraðaði mér upp á þilfar. Ísjakar voru á reki til og frá umhverfis okkur, annars var autt haf á alla vegu, ýmist sægrænt eða dökkblátt á lit. Aragrúi fugla sveimaði í loftinu yfir okkur og út í frá. Hafsinn var langt að baki okkur og sá að eins móta fyrir honum við sjónhvörf í norðri.

„Erum við nú komnir í heimskautið?“ spurði ég.

„Ég veit það ekki“, svaraði skipstjórinn, „við sjáum til um hádegið“.

„Ef við verðum þá svo hepnir að sjá til sólar“.

„Það þarf ekki nema ofurlítinn geisla“.

Í suðri mótaði fyrir hæðum, nokkur hundruð metra háum. Það var auðsjáanlega land. Sæfarinn stefndi þangað. Við fórum hægt, af ótta fyrir skerjum. Að stundu liðinni náðum við ströndinni.

Land þetta var eyja og fórum við í kring um hana á tveim stundum. Land var að sjá í suður frá eyggi og mjótt sund á milli. Hve stórt það var gátum við ekki séð fyrir þokudumbungi.

Sæfarinn lagðist að landi og varpaði akkerum. Sandur var upp frá ströndinni og klettafell fyrir ofan. Báti var skotið út og fórum við í hann fimm saman, Númi skipstjóri, Konsæll og ég og tveir skipverjar; þeir fluttu með sér mælingaáhöld. Ned Land lét ekki sjá sig. Klukkan var tíu þegar við létum að landi.

Eftir nokkur áratog rendi báturinn upp í sandinn. Konsæll ætlaði að hlaupa í land, en ég hélt honum aftur.

„Núma skipstjóra ber fyrstum manna að stíga fæti á land suðurheimskautsins“, sagði ég.

Númi stóð upp í bátum og leit í kringum sig brosand.

„Hér hefir enginn áður komið“, sagði hann, steig upp á hástokkinn og stökk á land. Við Konsæll hlupum á eftir honum.

Fyrir ofan sandinn tók við brimsorfið stórgrýti, en illfærar hraunurðir, brunagrjót og gjall þegar lengra dró. Var ekki um að villast, að þar mundi vera eldgígur allskamt á burtu. Brennisteinssvælu lagði upp úr gjótum og glufum hér og hvar. Mátti af því ráða að jarðeldur sá, sem að líkindum hafði myndað landið, mundi ekki vera kulnaður með öllu. Af jurtagróðri sá ég þar ekki annað, en nokkrar óverulegar mosategundir á steinum í stöku stað og að eins eina tegund af þangi, sem brimið hafði kastað upp á ströndina.

Hafið hlaut að vera mjög fiskisælt. Réði ég það af því, að alt var krökt af fugli. Þar voru álkur, veiðibjöllur, fýlungar, endur og fjöldi annara fuglategunda. Alt úði og grúði í fugli, jörð loft og lögur, og alstaðar eilíft garg og kliður.

Þoka var stöðugt svo mikil, að byrgði alla útsýn. Um hádegið vissum við ekki einu sinni í hverri átt sólar var að leita. Við gátum því ekki að þessu sinni vitað, hvort við vorum staddir í heimskautinu eða ekki, og olli það Núma skipstjóra mikillar gremju.

„Við reynum aftur á morgun“, sagði hann, þegar við snérum á leið til bátsins aftur. Snjór tók að falla úr þokunni, og varð brátt af hlaðkafald svo mikið, að varla sá handa skil.

Daginn eftir var blind-bilur, og ekki fært upp á þilfar. Heyrði ég niður í salinn gargið í veiðibjöllunum og fleiri fuglum, sem hröktust fyrir ofviðrinu úti. Sæfarinn skreið í hægdum sínum suður með landi. Einu sinni sáum við bjarma af sól, niður við hafflöt í norðri, en ekki var birtan meiri en svo, að vel var ratljóst. Við færðumst suður um tíu mílur þann dag.

Daginn eftir var styttr upp, og gátum við búist við að geta gert athuganir. Þokan var horfin og komið hreinviðri með tveggja stiga frosti.

Við fórum á land klukkan um ellefu. Jarðvegur var samur hér, og þar sem við höfðum áður komið; urðir, klettur og hraun. Fuglar voru hinir sömu, en auk þeirra var hér mikið um sel og önnur sæspendýr. Selir og rostungar lágu uppi á ströndinni og á ísjökum, sem flutu nærri landi. Ekki stygðust þeir þó við kæmum nær, en gláptu á okkur stórum augum og forvitnislegum.

Við klifruðum upp á blágrýtisklett, skamt frá ströndinni og færðum þangað mælingaáhöldin. Við stóðum lengi og stöðum í norður. Við vissum að sólin var komin upp; en niður við sjónhringinn var þokubakki, sem geislar hennar megnuðu ekki að rjúfa.

Leið svo af hádegi að við sáum ekki til sólar, og þótti okkur nú illa áhorfast. Var nú útséð um að við gætum ákveðið jarðlegu staðarins þennan daginn. En daginn eftir var jafndægurt. Það var seinasti dagurinn, sem unt var að gera athuganir, því eftir það gekk sólin undir með öllu og kom ekki upp aftur fyr en að liðnum sex mánuðum.

En við þessu mátti enginn gera, og urðum við að snúa aftur til skipsins við svo búíð.

Morguninn eftir var ég á fótum klukkan fimm og fór þá upp á þilfar. Þar var þá staddur Númi skipstjóri.

„Hann er að létta til“, sagði Númi. „Tilraunir okkar hljóta að lánast í dag. Við förum í land eftir morgunverð“.

Ég fór niður til að hitta Ned Land og telja hann á að vera með í förinni. Honum óx gremja og geðvonzka með hverjum degi, upp á síðkastið, og gat ég með engu móti fengið hann til að fara. Mér þótti vænt um það í aðra röndina, því uppi í fjörunni var krökt af sel og hefði víst veitt full erfitt að halda Ned Land frá óþörfum blóðsúthellingum.

Við förum á land að enduðum morgunverði. Sæfarinn hafði þokast einni mílu sunnar um nóttina og lá nú fram undan felli, fjögur til fimm hundruð metra háu. Tveir hásetar fóru með okkur og báru mælingaáhöldin, klukku, sjónauka og loftvog.

Við lentum kl. níu. Var þá komið heiðskirt veður og síðustu skýbólstrarnir að hverfa niður í suðri. Við lögðum af stað upp á fellið, því þar ætluðum við að gera mælingarnar. En gangan var erfið upp þangað, eintómar urðir og skriður, brúnhvassar hraunhellur og afsleppir hnellingar á víxl. Við vorum tvær klukkustundir að komast upp á fellið.

Loks komumst við upp á efstu hæðina. Var fagurt útsýni þaðan. Í suðurátt var að sjá yfir endalausar flatneskjur, sem nýfallin mjöllin lá yfir, hrein og bláhvít. Þegar langt dró suður hækkaði landið unz við tóku fjöll og firnindi, fannabungur og skriðjöklar, en kolsvartir tindar og drangar mændu upp úr jöklinum hér og hvar. Himininn var skafheiðríkur og sló rauðbleikri slíkju á blámann. Í norðri stóð sólin við sjónhring, eins og afarstór skygður eirskjöldur og snart neðri röndin hafsbrúnina. Nær landi var sjórinn dimmblár og spegilsléttur. Þar lá Sæfarinn eins og sofandi hvalur innan um drifhvíta hafisjaka. En yzt út við sjónhvörf sást samfeldur hafís, eins og tindóttur fjallgarður.

Hið fyrsta sem við gerðum var að mæla hæðina með loftvoginni.

Fjórðungi stundar fyrir hádegi var sólin hæst á lofti og varpaði daufum geislum út yfir þessa eyðimörku, sem enginn maður hafði áður fótum troðið.

Númi skipstjóri horfði stöðugt á sólina gegnum sjónaukann, meðan hún var að ganga undir aftur. Væri sólin hálf gengin undir klukkan tólf, var það merki þess, að við værum í heimskautinu. Ég hélt á klukkunni og beið þess með óþreyju að vísirinn þokaðist á töluna tólf.

„Hádegi!“ kallaði ég.

„Suðurheimskautið“, svaraði Númi og fékk mér sjónaukann. Var þá réttur helmingur sólkringlunnar siginn í sjó.

Ég lét sjónaukan síga og horfði hugfanginn út yfir víðáttuna, auða og kyrra, sem síðustu sólgeislarnir sendu skilnaðarkveðju um langan tíma.

En ég hafði fleira í huga en hrikafegurð náttúrunnar. Sólsetrið við hafisinn minti mig á þjóðirnar fyrir norðan ísinn, í heimlöndunum gömlu og þektu. Ég dáðist að starfsþreki þeirra, fróðleiksfýsn og óþreytandi elju. Ég sá þá í anda senda skip til fjarlæggra, óþektra staða. Hvalveiðar teigðu skipstjórana norður og suður. Vindar og straumar höfðu, á þeim tímum, þegar siglingalistin var á lágu stigi, hrakið menn til heimskautalandanna og orðið þeim svo að aldurtíla. Svo komu leiðangrar, vel búnir að vistum og fararefnum, í þeim tilgangi einum að finna ný lönd. Margar hugprúðar hetjur höfðu barist við óblíðu náttúrunnar í þessum köldu löndum og látið lífið fyrir það að komast nokkrum skrefum lengra, en áður hafði verið farið. Og baráttan færðist breiddarstig af breiddarstigi, alt af lengra og lengra, meðan áratugir og aldir liðu fram. Og nú var ég staddur hér, á því takmarki, sem allir höfðu eftir kept. Og hingað var ég kominn fyrir hyggindi, fróðleik og hugdirfð eins einasta manns.

Ég fékk hlýjan hug til þessa merkilega manns, og ég dáðist að honum. Mig langaði alt í einu til að segja honum frá því og tjá honum þakklæti mitt með handabandi. Ég snéri mér að Núma í því skyni. Hann var í þungum huggleiðingum, en rankaði við sér, þegar ég hreyfði mig. Hann leit á mig og var ánægjublandinn sigurhróssvipur í augnaráðinu. En það stóð ekki nema eitt augnablik. Á næstu sekúndu var kominn yfir hann sami kæruleysis og hörkusvipurinn, sem hann bar jafnan, svo kaldur og fráfélendi, að mér féllust orð og hendur.

Ég þagði eins og steinn, en Númi benti í norður. Sólin var að hverfa og skuggar að teygja sig út yfir landið niður undan okkur. Það var kominn tími til að halda af stað til skipsins og förum við því að feta okkur niður fjallshlíðina.

---

## IX.

Klukkan sex morguninn eftir förum við að búa okkur til burtferðar. Var þá hin langa heimskautsnótt að færast yfir og orðið hálfrókkað. Stjörnur voru að koma í ljós á himninum og skein hið fagra stjörnumerki, „Suðurkrossinn“ skærast á miðju hálofti.

Vindkulið var helkalt og 30 stiga frost á mælinum. Rekaísinn varð þéttari og þéttari og milli

jakanna var að myndast dökkleitur lagnaðaris. Eftir lítinn tíma hlaut sjórinn að vera allagður og engin leið að komast að heimskautslandinu.

Sökkviklefarnir voru fylltir og seig Sæfarinn niður í þrjú hundruð metra dýpi. Skrúfan tók að snúast og skipið rann af stað í norðurátt. Um kvöldið vorum við komnir langa vegu inn undir hafþökin.

Ég eyddi tímanum við lestur, því gluggarnir á salnum voru byrgðir að utan. Var það gert til að fyrirbyggja að ísjakar rækjust í þá. En oft dvaldi hugur minn við þessa viðburðaríku heimskautsför og alt sem á dagana hafði drifið þessa fimm mánuði, sem við vorum búnir að vera neðansjárvar. Við vorum búnir að fara sjö þúsund mílur og sjá margt afar merkilegt og fágætt. Ég hafði grætt mikinn og margvíslegan fróðleik á þessari ferð. Vakandi og sofandi sökti ég mér niður í nýstárlegar og furðulegar rannsóknir, sem hafið gaf mér tilefni til að stunda.

Klukkan þrjú um nóttina vaknaði ég við snöggan kipp. Ég þaut upp í rúminu, horfði út í myrkrið og hlustaði, vissi ég þá ekki fyr til en ég fleygðist úr rúminu fram á mitt gólf. Sæfarinn hlaut að hafa rekist á eitthvað og hrokkið afturábak.

Ég klæddi mig í snatri og skreiddist meðfram þilinu inn í aðalsalinn. Þar var bjart inni. Ýms húsgögn lágu þar á við og dreif um gólfid, en til allrar hamingju voru dýrustu myndastyttur og borðin, með merkustu gersemunum svo vel fest, að þau hafði ekki sakað. Veggmyndirnar á bakborða hengu langt út frá þiljunum að neðanverðu. Sæfarinn lá á stjórnborðshlið og hreyfðist ekki heldur en jarðfastur klettur.

Framan úr skipinu var að heyra þrusk mikið og mannamál. Ég ætlaði að fara út úr salnum, en þá komu þeir Konsæll og Ned Land í flasið á mér.

„Hvað er um að vera?“ spurði ég.

„Ég ætlaði einmitt að fara að spyrja húsbóndann að því sama“, svaraði Konsæll.

„Það fór eins og mig grunaði“, sagði Ned Land. „Sæfarinn hefir rent upp á grynningar og liggur svo illa sem hugsast getur“.

„Vitið þið hvort við erum ofansjárvar?“ spurði ég.

„Nei“, svaraði Konsæll.

„Við skulum fara og vita hvers við verðum vísari!“

Ég skundaði þangað sem þrýstimælirinn var, og varð ekki lítið forviða þegar ég sá að við vorum staddir á þrjú hundruð og sextíu metra dýpi.

„Hvernig í ósköpunum stendur á þessu!“ varð mér að orði.

„Við skulum fara og spyrja skipstjórann“, sagði Konsæll.

„Það er nú svo, en hvar er skipstjórinn?“ spurði Ned Land.

„Komið þið með mér!“

Við fórum út úr salnum og inn í bókasafnsklefann. Hann var mannlaus. Datt mér þá í hug að Númi mundi náttúrulega vera við stýrið. Við kusum heldur að bíða en fara þangað og snérum því aftur inn í salinn.

Ned Land brann í skinninu. Ég lofaði honum að rausa og geysa, eins og hann vildi og svaraði engu. Ég sat og hlustaði stundarkorn þangað til Númi alt í einu vatt sér inn úr dyrunum. Það var óvanalegur asi á honum og lét sem hann sæi okkur ekki, en fór að athuga þrýstimælirinn og áttavitann. Þegar hann var búinn að því, snéri ég mér að honum og spurði hvað fyrir hefði komið.

„Óhappa slys“, svaraði hann.

„Eru mikil brögð að því?“

„Um það er ekki full víska fengin enn“.

„Hefir skipið laskast?“

„Já“.

„Hvernig vildi það til“.

„Því valda ófyrirsjáanleg atvik. Jafnvægislögmálið fylgir sínum kreddum og má ekki fyrir því gera“.

Ég skildi ekki enn hvað hann fór.

„Hver eru þau óhappaatvik, sem þér talið um?“ spurði ég.

Númi mælti: „Þegar straumar mæða lengi á stórum fjalljöfum, þá eyðast þeir að neðan, eins fer ef þeir berast út í hlýjan sjó, þá bráðnar utan af þeim hlutanum sem í kafi er. Fer þá svo að lokum að þeir steypast kollhnýs. Það er svona atvik, sem við höfum orðið fyrir nú. Fjalljaki hefur kolloltið og lent á skipshliðinni annari. Skipið hefir hrokkið fyrir, byltst til og orðið ofan á nokkrum hluta jakans.“

„Mætti ekki léttu skipið með því að tæma sökkviklefana?“ spurði ég.

„Það er einmitt verið að því núna“, svaraði skipstjórinn. „Sæfarinn er að lyftast upp, eins og þið sjáið á þrýstimælinum. En jakinn lyftist líka að sama skapi, svo við erum engu nær fyr en ef svo vill til, að hann rekst á eitthvað“.

Það fór eins og Númi hafði sagt. Áttum við nú á hættu að jakinn bærst með skipinu upp undir fastaísinn og molaði það þar.

Þegar þessu hafði farið fram um hríð, kom alt í einu önnur hreyfing á Sæfarann. Hann var að rétta við. Veggmyndirnar lögðust smátt og smátt að þilunum. Við stóðum þegjandi og biðum þess sem verða vildi. Liðu svo tíu mínútur. Þá var Sæfarinn kominn á réttan kjöl.

„Við erum á réttum kili“, sagði ég.

Númi samsinti því og gekk á dyr.

„En erum við á floti?“ spurði ég.

„Það hlýtur að vera“, svaraði skipstjórinn. „Það er verið að léttu á sökkviklefunum og Sæfarinn er því á uppgaungu“.

Rétt eftir að Númi var farinn út stöðvaðist skipið. Var það hyggilegt af Núma að láta ekki berast hærra upp, því ella gátum við átt á hættu að rekast upp undir fastaísinn. En það varð hann að forðast.

„Er okkur borgið?“ spurði Konsæll.

„Já“, svaraði ég. „Lánið var með okkur í þetta sinn og mátti ekki miklu muna, að við yrðum innibýrgðir og köfnuðum í loftleysi.“

„Það er nú svo“, sagði Ned Land.

Í þessu var hlerunum skotið frá gluggunum og lagði inn birtu utan að. Sæfarinn var á floti. En í tíu metra fjarlægð frá báðum borðum voru þverhniptir, gljáandi ísveggir, sömuleiðis fyrir ofan skipið og neðan. Jakinn sem við flúðum undan hafði rekist á fastaísinn og við vorum komnir inn í geil eða göng, þrjátíu metra á hæð og breidd. Var nú ekki annað fyrir en komast út úr göngunum, aftur á bak eða áfram, síga nokkur hundruð metra niður í djúpið og halda svo ferðinni áfram.

Ljósið í salnum var slökt, en inn um gluggana lagði svo sterka birtu, að fullljóst var eftir sem áður. Birta þessi stafaði frá ljóskerum Sæfarans, en magnaðist margfaldlega af geislabrotinu í ísnum. Hver ójafna, sprunga og nibba í ísnum ljómaði í ótal litbrygðum eins og kristalsgler væri. Það var eins og við værum staddir í afarstórum helli, alsettum bláum, rauðum og grænum gimsteinum, sem skáru í augun af ljósmagni og litbrygðum.

Þessi sjón var svo fögur og tíguleg að Ned Land varð hrifinn af henni, hvað þá við hinir. En á þessu varð skjót breyting. Konsæll hljóðaði upp yfir sig og við tókum ósjálfrátt höndunum fyrir augun.

Sæfarinn var lagður af stað og skreið hratt. Öll þessi ógnamergð ljósgeisla og lita var komin á hreifingu. Var því líkast sem dynjandi eldregn flýgi fyrir gluggann, og stungu geislarnir augun eins og nálaroddar.

Hlerunum var skotið fyrir gluggana og gátum við þá tekið hendurnar frá augunum, en sviðatilkennning höfðum við í sjáaldrinu lengi á eftir.

Klukkan fimm um morguninn urðum við varir við snöggan kipp. Gátum við þess til, að framstafn skipsins hefði rekist í ísnibbu, og mundi það hæglega geta sneitt fyrir hana. En brátt varð ég þess var, að skipið skreið aftur á bak.

„Við förum aftur á bak!“ sagði Konsæll.

„Já“, svaraði ég. „Göngin hafa verið byrgð í þennan endann. Við verðum að leita útgöngu annarsstaðar“.

Ég var í mikilli geðshræringu, en reyndi að dylja hana fyrir félögum mínum. Mér eirði ekki að sitja lengur. Ég fór inn í bókaklefan, þaðan inn í salinn og svo inn í bókaklefan aftur, tók bók og fór að blaða í henni, en las ekki stakt orð.

Konsæll kom inn til mín.

„Er það skemtileg bók, sem húsbóndinn er að lesa núna?“ spurði hann.

„Já, mjög skemtileg“, svaraði ég.

„Mér datt það í hug. Það er víst 'Um leyndardóma undirdjúpanna'“.

Bókin mín! Ég skelti aftur bókinni og gekk inn í salinn.

Ég beið með óþreyju þess sem verða vildi og var alt af annað veifið að athuga mælingaverkfærin. Á þrýstimælinum sá ég að við vorum alt af í þrjú hundruð metra dýpi, og áttavittinn sýndi að við héldum í suður; en skriðstíkan mældi 5 sæmílna hraða á klukkustundinni. Það var hratt farið í svo þröngum farvegi. En Númi skipstjóri varð að hafa hraðann á, því hver mínúta var dýrmæt.

Þegar klukkan var gengin tuttugu og fimm mínútur í níu, rakst skipið á að nýju. Og nú var það

skuturinn sem mætti fyrirstöðunni.

Ég fölnaði af ótta, og förunautar mínir spruttu upp og staðnæmdust hjá mér. Ég tók í höndina á Konsæl.

Í sömu svifum kom Númi skipstjóri inn úr dyrunum.

„Við erum innibyrðir“, sagði hann.

Mér varð litið framan í Núma. Hann var að sjá jafn skaprór og hann átti vanda til. Hann staðnæmdist á miðju gólfinu, brá handleggjunum í kross á brjóstinu og var hugsí um hríð.

Sæfarinn hreyfðist ekki.

Loks tók Númi til máls, jafn stillilega og vant var:

„Það verður líklega út úr, að við köfnum hérna“.

„Er þéttiloftið komið að þrotum?“ spurði ég.

„Við höfum enn nægilegt loft í fjörutíu og átta klukkustundir“.

„Er engin von um að fram úr rakni fyrir okkur, fyrir þann tíma?“

„Við verðum að reyna að brjótast gegnum ísinn. Sæfarinn er nú að leggjast á botninn á þessum göngum. Svo sendi ég nokkra menn út til að grenslast eftir hve ísinn er þykkur og hvar tiltækilegast muni að leita útgöngu“.

Að svo mæltu fór Númi. Sæfarinn seig niður á við hægt og hægt og náði loks botni á þrjú hundruð og fimmtíu metra dýpi.

„Við erum í miklum vanda staddir“, sagði ég.

„Svo er víst“, svaraði Ned Land, „og er nú sízt tími til ill-lynda og nöldurs. Ég get beitt íshöggi engu síður en skutli, og vil nú bjóða Núma skipstjóra liðveizlu mína“.

Við fylgdum Núma þangað, sem skipverjar voru að fara í kafarafötin. Boði hans var vel tekið, og sá ég ekki að hann væri seinni að búa sig, en hver hinna.

Meðan þessu fór fram, hafði hlerunum verið skotið frá gluggunum á salnum. Gátum við Konsæll því séð, hverju fram fór umhverfis skipið. Að vörmu spori komu tíu menn út úr skipinu og gengu út á ísinn. Mátti sjá hvar þeir fóru, Númi skipstjóri og Ned Land, því þeir voru öðrum miklu meiri á vöxt.

Áður byrjað væri að brjóta ísinn, var hann kannaður rækilega með löngum ísnöfrum. Fyrst var borað í hliðarstálin til beggja handa, og náði nafarinn 15 metra inn í ísinn, en komst þó ekki í gegn. Þótti þá vonlaust, að reyna frekar í þá átt. Þá var borað niður í botninn. Þar reyndist ísinn að vera tíu metra þykkur. Var nú ekki annað fyrir, en höggva þar gat á ísinn, svo stórt, að Sæfarinn kæmist niður um það. En til þess að það gæti tekist, varð að höggva upp sex þúsund og fimm hundruð teningsmetra af ís.

Var nú umsvifalaust tekið að brjóta ísinn. Númi markaði fyrir um svo stóran blett, sem svaraði ummáli skipsins. Þegar farið var að höggva ísinn, kom í ljós einkennilegt fyrirbrygði, sem varð mikill hægðarauki við vinnuna. Klakaflísarnar, sem losnuðu, voru léttari en vatnið, og leituðu því upp á við jafnharðan og staðnæmdust upp við ísþekjuna í göngum þessum. Varð hún því að sama skapi þykkari, sem gólfið varð þynnra.

Eftir tvær klukkustundir kom Ned Land inn í salinn aftur, og var þá all-dasaður orðinn. Tók þá við nýr flokkur manna af hinum, og vorum við Konsæll í þeirra hóp. Þeim flokki stýrði næstráðandi skipsins.

Mér þótti sjórinn kaldur fyrst í stað, en mér hitnaði brátt af erfiðinu. Var mér þó furðu hægt um hreyfingar allar, þrátt fyrir þrjátíu loftþyngda þrýsting, sem hvíldi á okkur.

Þegar ég kom inn í skipið aftur, að liðnum tveim stundum, til að hvílast og matast, fann ég talsverðan mun á því, hve loftið í skipinu var verra en það loft, sem við höfðum andað að okkur við vinnuna. Í herbergjum skipsins hafði ekki verið skift um loft í fjörutíu og átta klukkustundir, og var það því orðið talsvert mengað af kolsýru.

Fór svo fram um tólf stundir, að flokkarnir skiftust á um að brjóta ísinn. Var þá dældin orðin einn meter á dýpt. Með sama áframhaldi þurfti enn að vinna í fimm nætur og fjóra daga, til þess að ljúka verkinu.

Fimm nætur og fjóra daga! Það voru illar horfur. Og nú áttum við ekki meira loft eftir en svo, að vart mundi endast í tvo sólarhringa.

„Já, og ekki nóg með það“, sagði Ned Land, þegar ég hafði orð á þessu við hann, „þó við höfum af að komast niður úr ísnum, erum við engu bættari, fyr en við komumst út úr ísnum og náum lofti í auðum sjó“.

Ástæður okkar voru óneitanlega slæmar, en við vorum samhuga um það allir, að duga eftir mætti fram á síðustu stund.

Um nóttina var dældin enn dýpkuð um einn meter. En þegar ég byrjaði að vinna morguninn eftir,

veitti ég því eftirtekt, að ísgeilin, sem við vorum í, var að þrengjast. Hliðarnar færðust nær. Enþá einn háskinn á ferðinni! Það var ekki um að villast, sjórinn umhverfis okkur var að frjósa, og hlaut sá endir á því að verða, að frostið kreisti Sæfarann saman í heljargreipum sínum.

Þegar ég kom inn í skipið aftur, vakti ég máls á þessu við Núma skipstjóra. En kjarkur þessa manns var óbilandi.

„Ég veit það“, sagði hann. „En við því er ekki annað að gera, en vinna hraðar en frostið,—verða á undan því“.

Þann dag vann ég marga tíma af mesta kappi. Vinnan hélt við hugrekki mínu, og svo var annað, sem hvatti mig til vinnunnar. Loftið í Sæfaranum var orðið æði þungt og þrungið af óheilmæmi, en við vinnuna höfðum við hreint loft, sem tekið var úr loftforða skipsins og látið í lofthylkin, sem við bárum á bakinu.

Um kvöldið vorum við enn komnir einum meter dýpra. En loftið í Sæfaranum var nú orðið svo fult af kolsýru, að Númi varð að opna einn þéttloftsklefann og hleypa hreinu lofti út í skipið.

Daginn eftir tók ég til starfa að nýju. Var nú ísinn kominn svo nærri til beggja hliða og að ofan, að mér duldust ekki að hann mundi læsa sig utan um skipið áður en við gætum bjargað því. Ég var að því kominn að láta hugfallast. Til hvers var að strita lengur, fyrst svo átti að fara hvort sem var, að þetta steingerða vatn kreisti úr okkur lífið! Það var því líkast sem óargadýr væri að leggja skoltana utan um okkur.

Í sama bili gekk Númi hjá mér. Ég benti með hendinni á ísinn. Á stjórnborða hafði ísinn þokast nær um fjóra metra. Númi skildi hvað ég átti við og benti mér að koma með sér. Snérum við inn í skipið aftur, fórum úr kafarafötunum og gengum inn í aðalsalinn.

„Við verðum að finna eitthvert úrræði, prófessor góður; ella er úti um okkur“.

„Já, en hvað á það að vera?“

„Ég vildi að Sæfarinn væri sterkari en ísinn!“ sagði Númi. „Þá mundi hann geta sprengt ísinn, eins og ís sprengir stein, og við þyrftum ekkert fyrir að hafa“.

„Nei færum við að reyna það, þá yrði Sæfarinn að járnklessu“.

„Já, satt er það. Við verðum að hamla frostinu að ná okkur. Það er ekki einungis til hliðanna, sem ísinn færir nær, heldur einnig til beggja enda“.

„Hve mikið loft er eftir?“

„Ekki meira en svo, að leyfarnar þrjúta í fyrramálið“, svaraði Númi dræmt og leit til mín.

Mér spratt kaldur sviti í enni. Var þó þetta engin nýjung, því ég vissi vel að svona hlaut að fara. Nú voru liðnir fimm sólarhringar síðan hreint loft var tekið seinast.

Ég leit á Núma og sá að hann var annars hugar. Það var að sjá sem honum hefði hugkvæmst eitthvað, sem hann var að velta fyrir sér.

Eftir nokkra þögn mælti Númi; „Það er ekki mikill sjór umhverfis okkur. Ef heitu vatni væri dælt út úr skipinu, ætti það að geta hamlað upp á móti frostinu“.

„Það ættum við að reyna“.

„Komið þér með mér“.

Númi fór með mig inn í matreiðsluklefann. Þar voru stór og margvísleg eimingaráhöld, sem höfð voru til að ná neyzluvatni úr sjónum. Eimíkerin voru fyllt vatni og hleypt gegnum þau sterkum rafmagnsstraumi. Hitnaði þá vatnið svo að segja á augabragði og mátti þegar í stað dæla því út sjóðheitu.

Að liðnum þrem stundum sýndi mælirinn utan á skipinu sex stiga frost. Það var einu stigi minna en þegar tilraunin byrjaði. Enn liðu tvær stundir, og var þá frostið ekki orðið meira en fjögur stig.

Þegar leið á nóttina var frostið orðið að eins eitt stig. Hærra var ekki unt að komast. En þetta dugði, því saltvatn þarf tveggja stiga kulda til að frjósa. Var því nú afstýrt að við frysum inni á þennan hátt.

Að kvöldi hins næsta dags var búið að höggva svo mikinn ís, að þróin var orðin sex metra djúp. Þá voru eftir fjórir metrar,—sama sem fjörutíu og átta klukkustunda vinna.

Loftið í skipinu varð nú ekki endurnýjað oftar. Það sem til var af óspiltu lofti, varð að treina handa þeim, sem unnu að klakahögginu. Loftið var því nær banvænt orðið.

Ég varð altekinn af þróttleysi og doða, sem ætlaði að gera út af við mig. Klukkan þrjú um daginn elnaði ógleði mín og sóttu á mig geispar svo tíðir og langir, að við sjálft lá að kjálkarnir gengju úr eðlilegum skorðum. Því næst kom yfir mig doðamók, svo nærri lá að ég misti meðvitundina. En ég átti hauk í horni þar sem Konsæll var. Hann hélt í höndina á mér og reyndi á allan hátt að hughreysta mig og var hann þó jafn illa haldinn og ég.

Þegar svona var orðið ástatt í skipinu má geta nærri að við urðum fegnir að komast út til vinnunnar. Okkur stóð á sama þó verkið væri erfitt, þó við yrðum yfirkomnir af þreytu. Við gátum dregið andann meðan stóð á vinnunni, og það var aðalatriðið.

Þegar þessi dagur var á enda voru eftir að eins tveir metrar milli lífs og dauða. En loftið var á förum.

Það var óttaleg nótt sem í hönd fór, og næsti dagur þó enn verri. Ég kvaldist af höfuðverk og svima og reikaði eins og drukkin maður, þegar ég stóð upp.

En Númi skipstjóri lét ekki hugfallast af stritinu og þrautunum, sem hann átti sömu hlutdeild í og við.

Hann einn réði betur fram úr vandræðunum en við allir hinir. Hann afréð að gera tilraun til að bjarga okkur á auðveldari hátt en íshöggið var. Þróin sem búið var að höggva, var á stærð við Sæfarann að innanmáli og í botninum var ísinn að eins einn meter á þykkt. Númi lét nú bora göt gegnum ísinn til og frá. Að því loknu skipaði hann að lyfta Sæfarannum þaðan sem hann lá og sökkva honum niður í þróna. Þegar skipverjar voru komnir inn í skipið, var hlerunum lokað vandlega og vatni hleypt inn í sökkviklefana. Klefarnir rúmuðu eitt hundrað teningsmetra af sjó. Við það varð skipið tvö þúsund tíufjórðungavættum þyngra en áður.

Við biðum óþreyjufullir úrslitanna.

Þrátt fyrir suðið í eyrum mér, heyrði ég glögt ísinn bresta undan kjölnum á Sæfarannum. Alt í einu brast hann allur sundur með braki miklu, og skipið sökk eins og steinn í djúpið.

„Við erum komnir niður úr“, sagði Konsæll.

Ég kom ekki upp orði, en tók í höndina á Konsæl fast og alúðlega.

Sæfarinn féll eins og steinn í lausu lofti, sökum vatnsþyngslanna, sem í honum voru.

Dælurnar voru settar af stað á augabragði til að þrýsta út sjónum úr skipinu. Dró því brátt úr fallhraðanum og eftir stutta stund mátti sjá á þrýstimælinum að skipið var farið að leita upp á við aftur. Var nú vélin sett af stað og haldið áfram norðureftir með fylsta hraða.

En nú var eftir að vita hve langt var norður úr ísnum. Lengur en einn dag enn var óhugsandi að nokkur maður í skipinu héldi lífi.

Ég var hættur að vita hvað tímanum leið. Ég vissi það eitt, að ég var kominn fram í andarslitrin og hlaut að deyja.

Skyndilega lifnaði yfir mér aftur og ég teigaði að mér hreint loft. Vorum við komnir út úr ísnum og upp á yfirborðið?

Nei, ekki var því að heilsa. En Ned Land og Konsæll höfðu fundið ögn af lofti í einu kafarahylkinu og létu mig anda því að mér, í stað þess að neyta þess sjálfir.

Ég ætlaði að ýta því frá mér, en þeir héldu á mér höndunum meðan ég var að svelgja hreina loftið.

Mér varð litið á klukkuna. Hún var ellefu. Það var liðið nær hádegi, hinn 28. marz. Ég fann að skipið hristist ákaft af átökum vélarinnar.

Eftir þrýstimælinum að dæma vorum við ekki nema tuttugu fet fyrir neðan yfirborð sjávar. Ísinn var orðinn tiltölulega þunnur og ekki óhugsandi að takast mætti að brjótast upp úr honum. Að minsta kosti ætlaði Númi að gera tilraun til þess. Sæfarinn lagðist skáhallur, svo stafninn vissi upp á móti ísnum. Til að ná þeirri aðstöðu þurfti ekki annað en fylla sökkviklefa aftur í skipinu. Svo rann hann undir ísinn og beitti stáltrjónunni. Gekkk svo um hríð og brotnaði ísinn að mun í hverri atrennu. Loks rann hann í gegnum ísinn og upp á skörina, sem þegar brast undan þunga skipsins.

Þiljuhlerunum var hrundið upp í einni svipan og hreint loft lagði niður í skipið.

---

## X.

Hvernig ég komst upp á þilfar veit ég ekki. Ned Land og Konsæll hafa að líkindum hjálpað mér upp; en ég andaði að mér hreinu lofti—og það var mér öllu öðru dýrmætara. Menn sem setið hafa í svelti um langan tíma, verða að gæta varúðar, þegar þeir fá aftur nægan mat. En þess þurftum við ekki. Við svelgdum loftið svo mikið sem þörfin krafði.

„Hér er gott að koma. Hér er nóg af blessuðu loftinu“, sagði Konsæll.

Ned Land, sagði ekkert, en hann gapti svo ákaflega, að það hefði gert hvern meðalhákarl skelkaðan. Þvílík lungu! Þau sogugu og kvæstu, eins og stærsti smiðjubelgur.

Við náðum okkur aftur furðu fljótt og ég flýtti mér að þakka félögum mínum fyrir umönnun þeirra á mér. Ég er viss um að án þeirra aðstoðar hefði ég ekki haldið lífinu.

Eftir nokkra töf fór Sæfarinn aftur í kaf og hélt áfram ferðinni norðureftir. Við stefndum á

suðurodda Ameríku. En hvert var ferðinni heitið? Hvort ætlaði hann að beygja vestur fyrir Ameríku, út í eyðivíðáttu Kyrrahafsins, eða austur í Atlantshafið, meðfram ströndum Evrópu eða Ameríku?

Það var vafamál, sem skifti miklu.

Ég bjóst við að Númi mundi stýra í vestur og ljúka svo hringför sinni umhverfis hnöttinn. En sú ætlun brást. Hann beygði til austurs og hélt norður með ströndum Ameríku.

Hinn 16. dag aprílmánaðar höfðum við landsýn. Vorum við þá fjórar mílur undan Marteinseyjum.

Ned Land fór að hyggja á flóttu að nýju. En við vorum of langt frá löndum enn sem komið var.

Við félagarnir höfðum langa samræðu um flóttuandirbúninginn. Kom þá Ned Land fram með uppástungu, sem mér var í meira lagi um geð. Hann sagði að nú ætti ég að fara og hitta Núma skipstjóra að máli tafarlaust, og fá að vita fyrir víst, hvort hann ætlaði sér að halda okkur á skipinu framvegis. Þetta þótti mér ekki hyggilega ráðið og líklegra til að spilla ráðagerð okkar. Ég vænti einskis góðs af Núma, og taldi okkur verða mundi vandara ráða, ef hann fengi nokkurn grun um þessa fyrirætlun. Auk þess var Númi orðinn óvanalega einrænn og fálátur, upp á síðkastið. Það var svo að sjá sem hann forðaðist mig, enda varð hann sjaldan á vegi mínum. Áður var hann vanur að rannsaka með mér ýmsar nýjungar, sem fyrir okkur bar í ríki sævarins og fræða mig um hitt og annað. En nú var hann alveg hættur því og kom því nær aldrei inn í salinn.

Mér var óskiljanlegt af hverju þetta stafaði. Það gat verið að honum mislíkaði vist okkar á Sæfaranum. En ekki gat ég samt trúað honum til að gefa okkur lausa.

Tuttugasta apríl vorum við í fjórtán hundruð metra dýpi. Mararbotninn var ósléttur mjög og stórgrýttur. Vóru víða gjár og gjótur milli klettanna, svo djúpar að ekki sá til botns. Á klettunum uxu afar stórir þönglar og þarategundir ýmsar.

Við félagarnir sátum út við gluggann og athuguðum það sem fyrir augun bar. Barst þá talið að sædýrum ýmsum, sem verða hvert öðru að bráð, eftir stærð og færleik.

Ned Land var ekki ætíð samdóma okkur Konsæl og lagði hann lítinn trúnað á sögur, sem sagðar eru um stóra kolkrabba.

„Ég hefi sjálfur séð kolkrabba draga stórt hafskip í kaf“, sagði Konsæll í mestu einlægni.

„Það er svo“, sagði Ned Land. „Hvar skeði það nú?—ef ég má spyrja“.

„Í St. Maló“, svaraði Konsæll.

„Á höfninni?“ spurði Ned háðslega.

„Nei í kirkjunni“.

„Hvað á þetta að þýða?“

„Jú-ójú,—þar er málverk, sem sýnir þetta mjög greinilega“.

Þá hló Ned Land og skaut svo málinu undir minn úrskurð. Ég kannaðist við það, að mynd þessi væri að vísu hugarburður; en því hélt ég fram, að kolkrabbar gætu orðið afar stórvaxnir.

Vorum við að skeggræða um þetta fram og aftur og gættum ekki að hverju fram fór, þar til Konsæll kallaði til okkar alt í einu. Varð okkur litið út um gluggann og sáum við þá óvænta sjón. Það var skrímsl, afar stórt og svo hræðilegt, að það hefði vel getað átt heima í kynlegustu lygasögu.

Þetta var kolkrabbi, sjálfsagt átta metra langur. Hann synti aftur á bak í sömu átt og Sæfarinn og jafn hratt. Hann hafði átta anga alsetta sogskálum og var hver um sig tvöfalt lengri en skrokkurinn. Goggurinn var afar stór og sterklegur og svipaður arnarnefi í lögun. Hann skifti litum í sífellu, var ýmist stálgrár eða móbrúnn.

Fyrir tilviljun höfðum við rekist á eina af þessum skepnum, sem við vorum að tala um. Þótti mér bera vel í veiði og ætlaði ekki að láta tækifærið ónotað. Tók ég því ritblý í snatri og fór að draga mynd af dýrinu.

En brátt komu fleiri kolkrabbar í ljós. Urðu þeir sjö talsins á stuttum tíma, stjórnborðsmegin. Þeir fylgdust með skipinu og hnitmiðuðu hraðann svo nákvæmlega við ferð skipsins, eins og væru þeir fastir við það. Hefði vel mátt draga mynd af þeim með því móti, að líma gagnsæjan pappír á rúðuna og gera merkilínur á hann. Að vísu skreið Sæfarinn heldur hægt.

Í einni svipan stöðvaðist skipið og varð af harður kippur, svo gnast í öllum samskeytum.

„Höfum við rekist á sker?“ spurði ég.

„Hvort sem það er eða ekki, þá erum við á floti enn“, svaraði Ned Land.

Sæfarinn var á floti.—Það var satt. En hann lá kyr. Að vörmu spori kom Númi inn og næstráðandi með honum.

Ég hafði ekki séð hann áður jafn svippungan og nú. Hann heilsaði ekki,—hefir ef til vill ekki tekið eftir okkur—en gekk rakleiðis að glugganum, athugaði kolkrabbana um stund og sagði svo nokkur orð við næstráðandann.



Næstráðandi fór þegar út. Nokkru síðar var gluggunum lokað og rafljósið tendrað.

Ég gekk til Núma.

„Laglegt kolkrabbasafn þetta“, sagði ég.

„Já, hr. náttúrufræðingur“, svaraði hann, „og við verðum að berjast við þá“.

„Berjast“, át ég eftir. Mér var ekki ljóst hvað Númi átti við.

„Já, ég ímynda mér að eitt af þessum dýrum hafi gripið um skrúfuspaðana og haldi þeim föstum. Þess vegna komumst við ekki áfram“.

„Hvað er við því að gera?“

„Við verðum að fara upp að yfirborðinu og ráðast á þá með vopnum og bareflum“.

„Og skutli, ef þér viljið þyggja lið af mér“, sagði Ned Land.

„Það þygg ég gjarna“, svaraði Númi.

Að svo mæltu fórum við til stigans, sem farið var eftir upp á þiljur. Þar voru fyrir tíu menn vopnaðir. Höfðu sumir íshögg og barefli af ýmsu tagi. Við Konsæll fengum okkur sitt höggvopnið hvor, en Ned Land hafði skutulinn.

Sæfarinn fór upp að yfirborðinu. Skipverji einn, sem efstur stóð í stiganum fór að losa um skrúfurnar, sem þiljuhlerunum var fest með. En áður hann fengi lokið því verki, var hlerunum svift upp af afli miklu. Kolkrabbi einn hafði sogið sig fastan við hlerann og tekið svo snögt viðbragð.

Rétt í sömu svipan kom angi og fálmaði niður um hleragatið. Númi var fljótur til og hjó í sundur angann svo hann valt niður stigann og engdist viðbjóðslega á gólfinu.

Skipverjar ruddust fast og sóttu upp stigann. Komu þá niður tveir angar, vöfðust utan um einn hásetann og sveifluðu honum upp um hleragatið.

Númi hljóðaði upp yfir sig og rann upp stigann eins og kólfi væri skotið. Við hinir fórum þegar á hæla honum.

Kolkrabbinn hélt manningnum hátt upp og kramdi hann með sogskálunum. Maðurinn braust um af megni og kallaði á hjálp, en gat engri vörn við komið.

Númi sótti þegar að dýrinu og hjó af því einn angann. Næstráðandi átti í höggi við annan kolkrabba, sem hafði sogið sig fastan við skipið. Gengu skipverjar vel fram og drógu ekki af sér. Við Konsæll beittum íshöggunum en Ned Land skutlinum. Lögðum við vopnunum hvað eftir annað á kaf í grænleitar þjósir skrímslanna. Lagði af þeim megnan óþef, ekki óáþekkur moskuslykt.

Ég hélt um eitt skeið að manningnum væri borgið. Þá var búið að höggva af dýrinu alla angana nema þann, sem hélt manningnum. En þá sendi dýrið yfir okkur voðamikla gusu af svörtum legi, sem blindaði okkur alveg í svipinn. Þegar við gátum neytt augnanna aftur var það horfið í djúpið með manningnum.

Eftir þetta sóttum við að ófreskjunum hálfu ákafar en áður. Höfðu dýrin þá læst sig á skipið tíu eða tólf saman, bæði á súðirnar og þilfarið. Varð skipið á svipstundu atað blóði og svörtum legi, en afhögnir limir engdust eins og höggormar til og frá um þilfarið. Ned Land beitti skutlinum af miklu kappi og hiltist til að leggja dýrin í augun. Þá vildi svo til að kolkrabbi sló einum anganum á hann, svo hann féll fyrir.

Ég skundaði til og ætlaði að hjálpa Ned Land, en Númi varð fyrri til. Keyrði hann höggvopnið upp í ginið á dýrinu og var þá Ned borgið. Spratt hann á fætur og tvíhenti skutulinn á dýrið svo stóð í hjarta.

Þessi bardagi stóð yfir í einn stundarfjórðung, og fanst okkur það þó ærið langur tími. Fór svo að lokum að kolkrabbarnir fóru á flótta, þeir sem svo voru færir. Voru flestir illa útleiknir, særðir og sundurtættir.

Númi var allur ataður blóði eftir viðureignina. Stóð hann lengi á þilfarinu og horfði út á hafið, sem lukti nú yfir einn af félögum hans, og hrundu honum tár af augum.

Eftir það sá ég ekki Núma í nokkra daga. Hann lokaði sig inni í klefa sínum og var ekki mönnum sinnandi.

Sæfarinn sveimaði til og frá um þessar sömu slóðir þá dagana. Loks héldum við áfram ferðinni norðureftir og nálgumst strendur Norður-Ameríku. En við fórum langt frá landi og veður voru hörð um þessar mundir, þó það bitnaði lítið á okkur.

Dag einn kom Ned Land inn til mín.

„Þetta verður að hafa einhvern enda“, sagði hann. „Númi stýrir nú í norður. Ég er búinn að fá nóg af Suðurskautinu og ætla ekki að vera með til Norðurskautsins“.

„Hvað eigum við að gera, Ned Land?“

„Þér verðið að tala við skipstjóran. Að öðrum kosti ætla ég að gera það. Við nálgumst Ameríku,—erum komnir í námunda við Kanada, ættland mitt. Ég vil komast héðan hvað sem það kostar“.

Ned Land var þrotin þolinmæðin. Hann gat ekki unað þessari æfi lengur. Ég var líka orðinn annars hugar, en ég var fyrir sjö mánuðum. Allan þennan tíma hafði ég verið einangraður frá viðskiftum við aðra menn og vissi ekki hverju fram fór í heiminum. Númi var orðinn gjörbreyttur. Áður var hann mér til ánægju og aðstoðar í rannsóknum mínum, en nú var því með öllu lokið.

Það þurfti flæmskan mann, eins og Konsæl, til að una svona æfi til lengdar.

„Þér viljið þá að ég spyrji hann, hvað hann ætlar sér fyrir með okkur?“ sagði ég.

„Já“.

„En ég hitti hann sjaldan. Hann forðast að verða á vegi mínum“.

„Því meiri ástæða er til að reyna að komast að einhverri niðurstöðu í þessu“.

„Ég skal reyna, Ned“.

„Hve nær?“

„Þegar ég hitti hann“.

„Viljið þér að ég nái í hann?“

„Nei, látið mig einan um það. Á morgun . . .“

„Nei, í dag“, sagði Ned með áherzlu.

„Þá það. Ég skal finna hann í dag“.

Ned Land fór út, og ég einsetti mér að koma þessari fyrirætlan í framkvæmd þegar í stað.

Ég gekk að skipstjóraklefanum og hleraði. Númi var inni. Ég barði að dyrum.—Enginn anzaði. Ég barði aftur og lauk svo upp hurðinni. Númi var þar og laut fram yfir skrifborðið. Hann hafði að líkindum ekki heyrt til mín. Þegar ég gekk til hans, rétti hann úr sér og leit við mér reiðulega.

„Hvað viljið þér?“ spurði hann.

„Mig langar að tala við yður nokkur orð“.

„Ég er vant við látinn; ég er að vinna“.

Þetta voru ekki glæsilegar viðtökur, en ég hugsaði mér að gefast ekki upp fyr en í fulla hnefana.

„Það er mikilsvarðandi málefni, sem ég ber fyrir brjósti, hr. skipstjóri“.

„Það er svo“, svaraði Númi háðslega. „Hafið þér dottið ofan á eitthvert hugvitsráð? Eða hafið þér komist að einhverju leyndarmáli í ríki hafsins, sem mér er ókunnugt?“

Ég var í vafa um, hvernig ég ætti að hefja máls á erindinu. En áður ég fengi sagt nokkuð tók Númi aftur til máls og benti um leið á handritabunka, sem lá á borðinu fyrir framan hann:

„Hérna eru ritverk mín. Í þeim er öllu lýst, sem fyrir mig hefir borið á sæferðum, það sem snertir náttúru hafsins og þeirra dýra, sem það byggja. Ég held þeim áfram væntanlega langan tíma enn og bæti mörgu við. Ég ætla líka að skrifa æfisögu mína“.

Númi hallaði sér aftur í stólnum og horfði í heim fram stundarkorn. Ég lagði við hlustirnar.—Ætlaði hann að fara að segja mér æfisögu sína?

„Það var í indverska stríðinu“, sagði hann. „Þá var ég ungur; þá átti ég fagrar vonir; þá gat ég borið traust til mannanna.“

Ojá,—ekki var ég þó gamall, þegar gremja og hrygð fóru að sverfa að mér. Ég hafði lengi horft á þjóð mína þjakaða og hrakta. Alt stóð í stað, sem til umbóta mátti horfa, en heimska og sérdrægni sátu á valdastóli. Margra alda menning okkar var fótum troðin og alþýða manna kúguð. Sérdrægir og óhófsgjarnir valdhafar læstu klónum í þjóðina og sugu úr henni blóð og merg. En hefndin kom—hlaut að koma. Það var ég, sem fyrstur hóf merkið og fylkti þjóð minni til orustu gegn kúgun og ófrelsi. En það var að eins hefndin,—endaslepp hefnd!“

Númi stóð upp og gekk um gólf í ákafa. Það fór hrollur um mig, þegar ég hugsaði til þess hve Indverjum hafði blætt meðan uppreisnin stóð yfir. Hve margar þúsundir þeirra höfðu verið myrtar og svívirtar á allan hátt, svo flestum mentuðum þjóðum ofbauð. Og þessi maður, Númi skipstjóri, var þá indverski konungssonurinn, sem stýrði uppreisninni.

Númi staðnæmdist fyrir framan mig.

„Það varð alt árangurslaust“, sagði hann með skjálfandi rómi. „Og hvar er sú þjóð stödd, sem fargað hefir frelsi sínu. Hún er svipt öllum skilyrðum fyrir því að vera þjóð og geta tekið eðlilegum framförum! Kúgun er verri en dauði. Það er réttur og skylda hvers manns að fórna lífi sínu fyrir frelsið.—En ranglætið er réttinum yfirsterkara“.

Númi þagnaði og settist aftur á stólinn. Ég reyndi að tengja saman það sem honum var nú ríkast í hug og það, sem mér bjó í brjósti.

„Þegar þessum handritum yðar er lokið,—hvað verður þá um þau?“

„Þau verða látin í lokað hylki, sem ekki getur sokkið og sá maður, sem lengst lifir á skipinu fleygir því í sjóinn“.

„Það væri mjög undir tilviljun lagt“, sagði ég, „og ekki gott að vita í hvaða höndum það lenti. Þér gætuð ráðstafað því á tryggilegri hátt. Ef þér létuð mig fá það og . . . . .“.

„Það geri ég aldrei“, svaraði Númi.

„Ef þér létuð okkur lausa“, bætti ég við.

„Léti ykkur lausa!“

„Já, það er um það, sem ég ætlaði að tala við yður“, svaraði ég. „Nú erum við búnir að vera hérna á skipinu í sjö mánuði. Ég og félagar mínir verða að fá að vita, hvort það er ætlun yðar að halda okkur hér á skipinu framvegis“.

„Hr. Aronnax, ég hefi sagt yður það fyrir sjö mánuðum, að hver sem kemur á Sæfarann, verður að vera þar upp frá því“.

„Það er þá blátt áfram þrælkun“.

„Kallið það hvað sem yður þóknast“.

„En þrælnum er þó heimilt að taka sér frelsi, ef hann getur“.

